# FRÉTTABLAÐIÐ

277. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 24. NÓVEMBER 2017



BLACK FRIDAY

25% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM VÖRUM*

EINUNGIS Í DAG

REYKJAVÍK – AKUREYRI – ÍSAFJÖRÐUR

OPIÐ TIL KL. 22.00



* Gildir ekki ofan á önnur tilboð, t.d. ef vara er fyrir á jólaverði eða -tilboði og ekki af Skovby

**Reykjavík** Bíldshöfði 20

**Akureyri** Dalsbraut 1

**Ísafjörður** Skeiði 1

**www.husgagnahollin.is** 558 1100

HÚSGAGNA HÖLLIN

# BLACK FRIDAY EXTRA
## AF VÖLDUM VÖRUM



BLACK FRIDAY EXTRA 60% AFSLÁTTUR

### MINEOLA
2ja og 3ja sæta sófar. Gráblátt áklæði.

2ja sæta stærð: 165 x 88 x 84 cm
**39.996 kr.** ~~99.990 kr.~~

3ja sæta stærð: 195 x 88 x 84 cm
**43.996 kr.** ~~109.990 kr.~~



BLACK FRIDAY EXTRA 38% AFSLÁTTUR

### SUN
2,5 og 3ja sæta sófar. Silfurgrátt, ljósbrúnt og dökkgrátt áklæði.

2,5 sæta stærð: 179 x 93 x 78 cm
**86.794 kr.** ~~139.990 kr.~~

3ja sæta stærð: 199 x 93 x 78 cm
**99.194 kr.** ~~159.990 kr.~~



BLACK FRIDAY EXTRA 36% AFSLÁTTUR

### EASY
Tungusófi. Tunga getur verið bæði vinstra og hægra megin.
Dökk- eða ljósgrátt áklæði. Stærð: 232 x 145 x 85 cm

**108.794 kr.** ~~169.990 kr.~~



BLACK FRIDAY EXTRA 30% AFSLÁTTUR

### DC 3600
3ja sæta sófi svart savoy/split leður.
3ja sæta: 202 x 80 x 80 cm

**195.993 kr.** ~~279.990 kr.~~



BLACK FRIDAY EXTRA 40% AFSLÁTTUR

IDdesign

### SPAN
Vandaður hægindastóll með ljósgráu slitsterku áklæði. Viðarlit eða svört grind og fætur.

**65.994 kr.** ~~109.990 kr.~~



BLACK FRIDAY EXTRA 50% AFSLÁTTUR

### ELLIOT
Borðstofuborð. Villt eik og svartir fætur.
Stærð: 220 x 95 cm.

Borð
**34.995 kr.** ~~69.990 kr.~~

Stækkun
**7.495 kr.** ~~14.990 kr.~~

BLACK FRIDAY EXTRA 90% AFSLÁTTUR



### MICO
Hornborð. Fimm litir, svart, grátt, blátt, hvítt og bleikt.
Ø:51 H:62.5 cm

**990 kr.** ~~11.990 kr.~~

### WIGAN
Borðstofustóll, svart PU-leður.



BLACK FRIDAY EXTRA 50% AFSLÁTTUR

**4.995 kr.** ~~9.990 kr.~~

### NESTOR
Borðstofustóll. Coffee áklæði.



BLACK FRIDAY EXTRA 50% AFSLÁTTUR

**8.995 kr.** ~~17.990 kr.~~

### ACURA
Borðstofustóll. Dökkgrátt áklæði og svartir stálfætur.



BLACK FRIDAY EXTRA 50% AFSLÁTTUR

**17.995 kr.** ~~35.990 kr.~~

### DOLPHIN
Borðstofustóll. Svart eða brúnt leður og krómfætur.



BLACK FRIDAY EXTRA 70% AFSLÁTTUR

**22.497 kr.** ~~74.990 kr.~~

NÝ OG BETRI VEFVERSLUN
www.husgagnahollin.is
ALLTAF OPIN

Reykjavík
Bíldshöfði 20

Akureyri
Dalsbraut 1

Ísafjörður
Skeiði 1

OPIÐ TIL KL. 22 Í ÖLLUM VERSLUNUM Í KVÖLD

HÚSGAGNA HÖLLIN

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru. Tilboðin gilda á meðan birgðir endast.*

FRÍTT
# FRÉTTABLAÐIÐ
277. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 24. NÓVEMBER 2017




Niðurrif gamla Iðnaðarbankahússins við Lækjargötu 12 í miðborginni, sem reis á árunum 1959 til 1963 og hýsti síðast starfsemi Íslandsbanka, er nú í fullum gangi. Verkið hófst um miðjan októbermánuð og er nú rúmlega hálfnað. Götumyndin þar hefur strax breyst talsvert en til stendur að byggja nokkurra hæða hótel á lóðinni á komandi árum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Nafngreina ekki mennina

**SAMFÉLAG** Birting á nöfnum gerenda er ekki markmið herferðar stjórnmálakvenna sem krefjast þess að karlar taki ábyrgð á kynbundnu ofbeldi og áreitni.

Þetta segir Heiða Björg Hilmisdóttir, varaformaður Samfylkingarinnar og forsprakki hópsins. **– aá /** **sjá síðu 2**



Heiða Björg Hilmisdóttir

## Biðraðasjúkir Íslendingar

**LÍFIÐ** Íslendingar ættu að vera vel búnir undir biðraðirnar sem myndast munu í dag á Black Friday eða svarta föstudeginum. Enda erum við sem þjóð þekkt fyrir að búa til langar og miklar raðir. **– sþh /** **sjá síðu 78**

# Ósátt við skilningsleysi eftir sonarmissi í sumar

**Hjón sem misstu tólf ára son sinn í bílslysi í maí gagnrýna þá þjónustu sem þeim var boðin á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Fengu litla sem enga áfallahjálp eða sálgæslu fyrr en prestur mætti. Fólki almennt boðin þjónusta, segir forstjóri SAK.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Við fengum enga sálgæslu eða áfallahjálp á sjúkrahúsinu frá starfsmönnum þess á meðan við vorum þar. Það var í raun ekki hlúð að okkur í sorg fyrr en prestur mætir á svæðið,“ segja hjónin Heiðdís Fjóla Pétursdóttir og Einar Geirsson sem misstu son sinn í maí síðastliðnum í slysi á Eyjafjarðarbraut sunnan Hrafnagils.

Heiðdís Fjóla og Einar eru ósátt við þá þjónustu sem þeim var boðin á Sjúkrahúsinu á Akureyri (SAK) eftir að drengurinn, Óliver Einarsson, tólf ára, var fluttur þangað. Viðmót og aðstoð starfsmanna þess hafi ekki verið upp á marga fiska þar sem þau fengu litla sem enga áfallahjálp eftir slysið. Vinnulag sjúkrahússins hafi komið þeim á óvart enda hafi Heiðdísi verið boðið að setjast niður á biðstofunni, innan um veika einstaklinga sem biðu eftir læknatíma, áður en foreldrunum var komið fyrir í fjölskylduherbergi. Telja þau sig hafa verið á bráðadeildinni í um þrjú korter þar til læknar tilkynntu þeim að drengurinn væri látinn.



Heiðdís Fjóla Pétursdóttir

„Svili minn fór í það verkefni fyrir okkur að fá svefntöflur eða eitthvað róandi fyrir okkur svo hægt væri að sofna,“ segir Einar. „Þegar mágur minn er kominn upp eftir að ná í töflurnar þrjár fær hann fyrirlestur um það hversu ávanabindandi þessar töflur nú séu og bent á rannsóknir þessum orðum þeirra til stuðnings. Við ættum sko að fara varlega,“ segir Heiðdís. „Í guðs bænum; við vorum þarna, fjölskyldan, í sjokki heima fyrir eftir að hafa misst barnið okkar og það hefst með herkjum að hjálpa okkur að sofna,“ segir Heiðdís.

„Við getum ekki tjáð okkur um einstök mál eins og gefur að skilja. Hins vegar er almennt í svona málum fólki boðin þjónusta,“ segir Bjarni Jónasson, forstjóri Sjúkrahússins á Akureyri (SAK). **– sa /** **sjá síðu 16**

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Bergur Ebbi fjallar um Simpson-kynslóðina. **35**

**SPORT** Strákarnir okkar hefja leik í undankeppni EM 2019 í körfubolta. **44**

**MENNING** Við getum tekið afstöðu sem neytendur listaverka, segir Eyja Margrét Brynjarsdóttir heimspekingur. **56**

**TÍMAMÓT** Björgvin Franz Gíslason og Esther Jökulsdóttir ætla að ferðast aftur í tímann á jólaskemmtun sinni. **50**



**LÍFIÐ** Logi Einarsson, formaður Samfylkingarinnar, er hæfileikaríkur arkitekt og við skoðum nokkur af verkum hans. **74**

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **LÍFIÐ**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

BLACK FRIDAY 25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM*
EINUNGIS Í DAG Í ÖLLUM VERSLUNUM OKKKAR
OPIÐ TIL KL. 22.00



Reykjavík Bíldshöfði 20
Akureyri Dalsbraut 1
Ísafjörður Skeiði 1
* Gildir ekki ofan á önnur tilboð, t.d. ef vara er fyrir á jólaverði eða -tilboði og ekki af Skovby
www.husgagnahollin.is 558 1100
HÚSGAGNA HÖLLIN

## Veður




Norðanhríðarveður á Norður- og Austurlandi í dag, en annars bjart með köflum. Frost um land allt.

SJÁ SÍÐU 52

# Seldu yfir þúsund skammta af hátíðarkalkún



Fjölmenni lagði leið sína í verslun IKEA í Kauptúni í Garðabæ í gær til að gæða sér á kalkúni, sykurbrúnuðum kartöflum og öðru meðlæti. Seldust þá allt að 1.200 skammtar. Æ fleiri veitingastaðir hér á landi bjóða upp á slíkar máltíðir síðasta fimmtudag í nóvember ár hvert. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Viðræður færast inn í flokkana

**STJÓRNMÁL** Viðræður um myndun ríkisstjórnar munu dragast framyfir helgi. Stefnt er að því að málefnavinnunni ljúki um helgina og verkaskipting milli stjórnmálaflokkanna þriggja verði látin bíða jafnvel fram í næstu viku.

Þrýstingur á formenn Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks og Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs um skiptingu ráðuneyta er sagður mestur innan úr flokkunum. Samningaviðræður um verkaskiptingu muni því að mestu færast úr viðræðum milli flokkanna og inn í þá sjálfa um helgina. Enda hafa bæði flokksmenn og ráðherraefni þeirra ólík viðhorf til þess hvaða ráðuneyti eru fýsilegust.

Stefnt er því að flokksráðin verði kölluð saman um miðja næstu viku. Þá munu þau taka afstöðu til stjórnarsamstarfsins sem unnið hefur verið að síðustu vikur. – aá

# Bæta þarf lestrarkennslu á miðstigi grunnskólans

**MENNTUN** Lestrarkennslu þarf að bæta á miðstigi grunnskólans. Þetta má lesa út úr niðurstöðum lesfimiprófa fyrir september 2017.

Arnór Guðmundsson, forstjóri Menntamálastofnunar, segir niðurstöðurnar í takti við það sem búast mátti við. Það sé augljóslega hópur mjög öflugra nemenda í grunnskólanum.

„Það er svolítið áhyggjuefni að eftir fjórða bekk, á miðstigi, er eins og það dragi úr lestrarkennslunni og ekki mikil bæting þar. En síðan taka menn aftur kipp á unglingastigi,“ segir Arnór.

Forstjórinn segist ánægður með áhuga skólanna á lesfimiprófinu. „Það er um 80-90 prósent þátttaka og skólar og sveitarfélög eru mjög vakandi yfir þessu. Reykjavíkurborg er að fylgja þessu fast eftir með sína skóla og fleiri sveitarfélög.“

> **Það er svolítið áhyggjuefni að eftir fjórða bekk, á miðstigi, er eins og það dragi úr lestrarkennslunni og ekki mikil bæting þar.**
>
> Arnór Guðmundsson, forstjóri Menntamálastofnunar.

Arnór segir að áður hafi verið bent á að auka þurfi lestrarkennsluna á miðstigi. „Almennt virðast skólar taka það alvarlega að kenna lestur vel. En svo er eins og þeir slaki á og fari að leggja meiri áherslu á aðrar greinar. En lestur og lesfimi er bara eins og að hlaupa. Þú verður að viðhalda þessu, annars minnkar þolið.“ Mögulega þurfi að skerpa betur á þessu í námskránni. – jhh






# Munu ekki greina frá nöfnum gerendanna

**Birting nafna gerenda er ekki markmið herferðar stjórnmálakvenna segir Heiða Björg Hilmisdóttir, forsprakki hópsins. Konur hafa líkt og karlmenn tekið þátt í þöggun um kynferðisbrot innan stjórnmálaflokka og líta í eigin barm.**

**SAMFÉLAG** „Við í hópnum höfum sammælst um að vera hvorki að nefna nöfn manna né flokka, heldur erum við meira að tala um aðstæður og hvernig við upplifum okkur í umhverfi stjórnmálanna,“ segir Heiða Björg Hilmisdóttir, varaformaður Samfylkingarinnar, aðspurð um ástæður þess að stjórnmálakonur, sem stigið hafa fram og deilt reynslu sinni af kynbundnu ofbeldi og áreitni, segi ekki alla söguna með nöfnum gerenda.

Í áskorun sem íslensku stjórnmálakonurnar hafa sent frá sér, er þess krafist að karlar taki ábyrgð og stjórnmálaflokkar taki af festu á kynbundnu ofbeldi og áreitni. Aðspurð segir Heiða konur líka þurfa að taka gagnrýnina til sín. „Mér finnst við í hópnum vera að líta í eigin barm með því að skora á karlana að koma með okkur í að breyta. En við erum auðvitað hluti af kerfinu og samfélaginu sem ól okkur upp við að karlar stjórni ferðinni. Okkur finnst við svolítið búnar að viðurkenna að þetta hefur verið látið viðgangast og er til staðar. Núna erum við að segja að það þurfi að laga þetta og við eigum að gera það öll saman.“

Heiða Björg segir áskorun kvennanna ólíka þeim byltingum sem brotist hafa út í Hollywood og víðar þar sem áhrifamenn eru gagnrýndir og bornir þungum sökum.

„Það er ekki tilgangur okkar að draga fram sökudólgana heldur að biðja um að við horfum öll í eigin barm, gerum betur og lögum þennan inngróna kúltúr sem við höfum allar gengið inn í. Við erum í einlægni að biðja karlana að koma með okkur í þetta,“ segir Heiða og bendir á að það geti líka skemmt fyrir markmiðinu að nafngreina gerendur.



Heiða Björg Hilmisdóttir, varaformaður Samfylkingarinnar, átti frumkvæði að áskorun fjölda íslenskra stjórnmálakvenna gegn kynbundnu ofbeldi og áreitni í stjórnmálastarfi landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> **Við erum svo hræddar um að ef við förum að nafngreina einhverja, þá fari öll áherslan á að losna við þá og allt verði gott verði þeir fjarlægðir.**
>
> Heiða Björg Hilmisdóttir, varaformaður Samfylkingarinnar

„Við erum svo hræddar um að ef við förum að nafngreina einhverja, þá fari öll áherslan á að losna við þá og allt verði gott verði þeir fjarlægðir. Okkar barátta snýst ekki um það. Við viljum breyta kerfinu og erum að einblína á það núna.“

Aðspurð um þöggun innan stjórnmálaflokka, játar Heiða því að hættan á þöggun innan stjórnmálaflokka um þessi mál sé mjög mikil enda eigi flokkarnir allt sitt undir kjósendum.

„Til eru dæmi um að kynferðisbrot hafi verið þögguð niður innan flokka og konum sagt að mál myndi skaða flokkinn ef það færi út,“ segir Heiða. Hún segir karlana ekki eina um að þagga niður brot innan flokka heldur hafi konur líka átt þátt í slíkri þöggun, til að vernda flokkshagsmuni.

„Hingað til hefur það þótt veikleikamerki bæði fyrir flokka og einstaklinga að segja frá. Við viljum breyta því,“ segir Heiða Björg.

adalheidur@frettabladid.is



BLACKFRIDAY
SPARIÐ ALLT AÐ
70%
ALLAR DÝNUR
30%
695
QUALITY STREET
750 GR.
ALLT GARN
30%
20-50%
ALLIR SÓFAR
30%
ÖLL JÓLA-VARA
70%
DAX FATA-STANDAR
60%
FAGERNES HEILSU-KODDI
OPIÐ Í ÖLLUM BÚÐUM
TIL KL. 20:00
TIL KL. 24:00
Á AKUREYRI
50%
ALLIR SPEGLAR
40%
ÖLL SÓFA-BORÐ
20-62%
ALLAR DÚN-SÆNGUR
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
GILDIR AÐEINS 24.11

# Tveir Víkurgarðsmenn sagðir hafa klipið fornleifafræðing í rassinn

**SKIPULAGSMÁL** „Það er svo mikið af staðreyndavillum sem virðast teknar sem sannleikur í þessu máli,“ segir Vala Garðarsdóttir fornleifafræðingur sem stjórnaði fornleifauppgrefti á Landsímareitnum.

Vala sakar í yfirlýsingu á Facebook menn úr hópi, sem kallar sig Varðmenn Víkurgarðs og berst gegn uppbyggingu hótels þar sem áður var bílastæði á Landsímareitnum, um að „fara rangt með staðreyndir, villa fyrir um og stinga höfðinu í sandinn við öllu því sem er rétt og staðreynd í þessu máli“.

Þessa menn segir Vala hafa kallað hana unga, sæta „fornminjafræðinginn“ og klipið hana svo í rassinn.

Við Fréttablaðið segir Vala hótelbygginguna tilfinningalegt mál fyrir þennan hóp. Hún hafi skilning á því. „En mér hefur fundist ábótavant að þeir fari rétt með staðreyndir.“

Að sögn Völu vill þessi hópur fyrst og fremst ekki hótel á Landsímareitnum. „Það er rótin að þessu öllu saman. Það er ekki mitt að segja hvað þeim á að finnast um það en það hvernig þeir bera fyrir sig söguna og fornminjar er meðal sem mér finnst ekki helga tilganginn.“

Helstu rangfærslu hópsins segir



Vala Garðarsdóttir hefur tuttugu ára reynslu við fornleifauppgröft. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Vala þá að jarðneskar leifar séu enn á svæðinu. Það sé ekki rétt.

„Þeir halda því líka fram að nýja viðbyggingin sem var reist 1967 sé á súlum og að þar séu enn þá jarðneskar minjar – sem er ekki rétt vegna þess að sökkullinn nær alveg niður í gamla fjarðarbotninn,“ útskýrir Vala.

Vala segir um að ræða um það bil fimmtán manna hóp. Flestir séu heiðursmenn eins og séra Þórir Stephensen, Friðrik Ólafsson, Þór Magnússon og Helgi Þorláksson en sumir hreint ekki. Nokkrir þeirra hafi skrifað í blöðin og kallað hana litla stelpu og stelpuskjátu.

„Ég hef verið á fundum með tveimur mönnum, sem ég vil ekki nafngreina, þar sem ég var spurð hvort ég vildi ekki bara hætta að tala og hlusta á mér eldri og vitrari menn og fékk svo nett klíp í rassinn þegar ég labbaði út,“ lýsir Vala samskiptum sínum við þessa tvo menn.

„Ég hef alltaf reynt að vera vitrari í þessari umræðu og sagði ekki neitt en leit á þá með illu augnaráði,“ segir Vala um viðbrögð sín við áreitninni. „Þetta gerist svo lítið ber á. Ef þetta væri sýnilegt þá myndu almennilegir menn kannski segja eitthvað við því.“ **– gar**

## Óveðri spáð víða um land

**VEÐUR** Átta bíla árekstur varð á Holtavörðuheiði í gær og var heiðinni lokað í kjölfarið, bæði vegna óhappsins og vegna versnandi veðurs. Minniháttar slys urðu á fólki en enginn er talinn alvarlega slasaður.

Veðrið mun halda áfram að leika Íslendinga grátt í dag og verður appelsínugul viðvörun í gildi á Vestfjörðum, Ströndum, Norðurlandi vestra, Norðurlandi eystra, Austfjörðum og Suðausturlandi.

Á Norðurlandi eystra er spáð talsverði snjókomu allan morgundaginn og verður skyggni lítið. Þar af leiðandi er ekkert ferðaveður á svæðinu. Svipaða sögu er að segja af hinum svæðunum þar sem appelsínugul viðvörun er í gildi en vindhviður á Austfjörðum gætu meðal annars farið yfir fjörutíu metra á sekúndu.

„Hættulegt að ferðast í ökutækjum á svæðinu,“ segir í spánni fyrir Suðausturland aðfaranótt morgundagsins. **– þea**

## Ráðist á fimm ára dreng

**LÖGREGLUMÁL** Tveir menn voru handteknir, grunaðir um að hafa ráðist á fimm ára dreng í höfuðborginni í gær. Rannsókn málsins er vel á veg komin, en að sögn lögreglu var ekki talin ástæða til að fara fram á gæsluvarðhald. Mennirnir tveir neita sök og bera fyrir sig minnisleysi.

Í samtali við fréttastofu í gær lýsti Fanney Hólm Margrétardóttir, móðir drengsins, árásinni. „Maðurinn horfir svona á mig og ég sé að hann er að æða að bílnum. Ég reyni að læsa en næ því ekki, enda gerðist þetta allt svona hratt.“

Málið telst að mestu upplýst en ákæruvaldið mun taka afstöðu til þess hvort gefin verði út ákæra. **– sks**

# Ekki einn einasti fagmenntaður í stórum byggingarverkefnum

**Hilmar Harðarson, formaður Félags iðn- og tæknigreina (FIT), segir einkennilegt að flestir erlendir starfsmenn séu skráðir sem verkamenn. Mörg stór verk hér á landi séu unnin án þess að skráður iðnaðarmaður komi nærri þeim. Fyrirtæki fá til sín erlenda starfsmenn en skrá þá sem verkamenn þrátt fyrir iðnmenntun.**

**VINNUMARKAÐUR** Félag iðn- og tæknigreina (FIT) hefur í athugunum sínum á fagþekkingu starfsfólks í byggingariðnaði oft á síðustu árum komið að framkvæmdum þar sem enginn er skráður með fagþekkingu.

Hilmar Harðarson, formaður félagsins, skrifaði um málið í fréttabréfi félagsins sem kom út nú fyrir skömmu. „Fit hefur þannig mörg dæmi um stór verk þar sem ekki finnst einn einasti fagmenntaður iðnaðarmaður að störfum.“ Einnig segir Hilmar í grein sinni að „fáir kaupendur yrðu væntanlega að íbúðum í stórhýsum ef þeir yrðu upplýstir um að fagmenntaðir iðnaðarmenn hefðu hvergi komið þar nærri.“

Þegar Hilmar er spurður út í þetta segir hann að FIT hafi í skoðunum sínum hingað og þangað fundið þó nokkuð mörg dæmi á síðustu árum þar sem þeir finna ekki nokkurn skráðan iðnaðarmann í stórum sem litlum verkefnum. Gerðar eru þær kröfur að menntaður iðnaðarmaður sé í öllum verkum og innan handar og að meistari sé skrifaður fyrir verki. „Já, það eru þó nokkur dæmi sem við höfum séð. Okkar verkefni sem ber heitið Einn réttur – ekkert svindl, snýst einmitt um að menn hafi allt á hreinu. Ég get ekki nafngreint fyrirtæki í þessum efnum en þessar upplýsingar eru hjá Vinnumálastofnun og ég skora á að menn skoði hverjir koma erlendis frá og hvernig þeir eru skráðir,“ bætir Hilmar við.



Fjöldi útlendinga sem fengið hafa atvinnuleyfi hér á landi á árinu er nú þegar orðinn meiri en 2016. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Vinnumálastofnun gaf í október út 164 atvinnuleyfi til útlendinga til starfa hér á landi. Hefur stofnunin gefið út 1.546 atvinnuleyfi það sem af er árinu 2017 en það eru fleiri útgefin atvinnuleyfi en allt árið 2016

Svo virðist sem fyrirtæki sem fái til sín erlenda starfsmenn en skrái þá frekar sem verkamenn en iðnaðarmenn þó þeir hafi iðnmenntun úr sínu heimalandi. Því veit FIT ekki hvort fyrirtæki séu með iðnaðarmenn á sínum snærum. „Það sem við erum að gagnrýna er að þessi fjöldi erlendra starfsmanna sem koma hingað til landsins eru langflestir skráðir verkamenn. Okkur þykir það einkennilegt. Þá þarf að greiða þeim eftir lágmarkstöxtum verkamanna en ekki iðnaðarmanna. Í raun og veru erum við að gæta hagsmuna skjólstæðinga okkar með því að skoða þessi mál náið,“ segir Hilmar.

**FIT hefur þannig mörg dæmi um stór verk þar sem ekki finnst einn einasti fagmenntaður iðnaðarmaður að störfum**



Hilmar Harðarson, formaður FIT

sveinn@frettabladid.is







ÁHRIFARÍK SAMTÍMASAGA

★★★★
Brynhildur Björnsdóttir / Fréttablaðið

★★★★
„... hann er góður stílisti og frumlegur.“
Karl Blöndal / Morgunblaðið

Venjulegt fólk leitar að ást, hlýju og merkingu í óútreiknanlegum heimi

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | www.forlagid.is
Opið alla virka daga 10–18 | laugardaga 11–15

SMÁRALIND

# SVARTUR FÖSTUDAGUR

ENGIN SMÁ TILBOÐ
Í FJÖLDA VERSLANA

SKOÐAÐU TILBOÐIN Á SMARALIND.IS
**OPIÐ TIL 19 Í KVÖLD**

OPIÐ: VIRKA DAGA 11-19 FIMMTUDAGA 11-21 LAUGARDAGA 11-18 SUNNUDAGA 13-18 WWW.SMARALIND.IS FACEBOOK INSTAGRAM SNAPCHAT

# Staðgreiða lúxusbíla á metári

Toyota Land Cruiser, Mercedes-Benz jeppar og Land Rover Discovery eru meðal mest seldu lúxusbíla ársins 2017. Umboðin segja kaupendur dýrari bíla leggja meira eigið fé í kaupin nú en fyrir áratug og staðgreiða frekar en að taka bílalán. Stefnir í metár í bílasölu.

**VIÐSKIPTI** Rífandi sala hefur verið á dýrari lúxusbifreiðum hjá bílaumboðum hér á landi það sem af er ári. Sölustjórar segja kaupendur dýrari bíla koma með miklu meira eigið fé til viðskiptanna en í síðasta góðæri og staðgreiða fremur en að slá bílalán.

Bílgreinasamband Íslands (BGS) býst við metári í bílasölu en á þriðja tug þúsunda fólksbíla hafa verið nýskráðir það sem af er ári. Hlutfall bílaleigubíla í nýskráningum er um 40 prósent en bílasalar brosa út að eyrum og anna vart eftirspurn.

Þó mest seldu bílar ársins það sem af er séu Toyota Yaris (721), Toyota Rav4 (631) og Kia Rio (574) þá gefa mun dýrari lúxusbílar þeim lítið eftir í sölutölum. BGS tók saman fjölda nýskráðra bíla til 18. nóvember eftir tegundum fyrir Fréttablaðið sem síðan fékk upplýsingar hjá umboðunum um hvaða undirtegundir væru mest seldar.

Toyota Land Cruiser er gríðarvinsæll meðal Íslendinga en 479 slíkir jeppar hafa selst á árinu samkvæmt BGS. Listaverð þeirra hjá umboði er á bilinu 8,1 til 13,2 milljónir króna, allt eftir gerðum og búnaði.

Mercedes-Benz fylgir þar fast á hæla með 462 selda bíla. Ásgrímur H. Einarsson, sölustjóri Mercedes-Benz hjá Öskju, segir Benz-jeppana GLC og GLE þar vinsælasta. GLC kostar á bilinu 7,4 upp í 8,8 milljónir og GLE frá 8,9 milljónum upp í fimmtán.

Range Rover jeppar frá Land Rover voru stöðutákn velmegunar fyrir hrun en í ár hefur Discovery-línan tekið yfir. Af 343 seldum Land Rover-bílum hafa 140 þeirra verið Land Rover Discovery Sport sem kosta á bilinu 6,3-8,9 milljónir króna hjá BL. Hundrað stykki hafa selst af stærri tegundinni, Land Rover Discovery, sem kosta frá 9,4 og upp í 15,8 milljónir. Seld hafa verið tíu stykki af stærstu tegund Range Rover sem kosta frá 18 milljónum króna.

## Mest seldu lúxusmerkin 2017



**Toyota Land Cruiser**
479 stk.
Verð: 8,1-13,2 milljónir



**Mercedes Benz**
462 stk.
Verð: 7,4-15 milljónir
Mest seldir: GLC og GLE



**Land Rover**
343 stk.
Verð: 6,3-15,8 milljónir
Mest seldir: Discovery Sport og Discovery



**Volvo**
299 stk.
Verð: 8,6-10,5 milljónir
Mest seldur: XC90

„Okkur hefur gengið vel á árinu,“ segir Karl Óskarsson, sölustjóri Land Rover og Jaguar hjá BL. „Ég var hérna 2007 og þetta er allt annað umhverfi en þá. Lánahlutfall er afar lágt og fólk á fyrir þessu núna,“ segir Karl Óskarsson, sölustjóri Land Rover og Jaguar hjá BL.

Alls 299 Volvo-bifreiðar hafa selst á árinu en að sögn Gísla Jóns Bjarnasonar, sölustjóra Volvo, er dýrasti jeppinn, hinn glæsilegi XC90, sá mest seldi en þeir kosta frá 8,6 milljónum upp í 10,5.

„Við höfum verið í erfiðleikum með að anna eftirspurn eftir XC90,“ segir Gísli og bendir á að kaupendur Volvo séu sjaldan að sækja um lán. „Þetta er góður kaupendahópur.“

Af öðrum lúxusbílum má nefna að 101 bíll af tegundinni Porsche hefur verið seldur á árinu. Benedikt Eyjólfsson, forstjóri Bílabúðar Benna, segir tengiltvinnútgáfu lúxusjeppans Porsche Cayenne seljast mest. Þeir jeppar kosta tæpar 11 milljónir króna. Og Benni tekur eftir breyttri kauphegðun.

„Þetta var komið í vitleysu fyrir hrun en fólk virðist ekki vera að kaupa á 90 prósent lánum, maður sér það ekki í dag,“ segir Benni.

**mikael@frettabladid.is**

## Skipar starfshóp um klukkuna

**HEILBRIGÐISMÁL** Óttarr Proppé heilbrigðisráðherra hefur skipað starfshóp til að kanna ávinning fyrir lýðheilsu og vellíðan landsmanna af því að leiðrétta klukkuna hér á landi til samræmis við gang sólar.

Í tilkynningu á vef ráðuneytisins segir að miðað við sólargang og legu landsins sé klukkan á Íslandi of fljót. Þessi munur skekki þær upplýsingar sem lífsklukkan nýtir til að samhæfa starfsemi líkamans eftir vöku- eða svefntíma. Þetta valdi svokallaðri klukkuþreytu sem hafi neikvæð áhrif á svefnvenjur sem aftur auki líkur á ýmsum heilbrigðisvandamálum, svo sem offitu, sykursýki og hjarta- og æðasjúkdómum.

Starfshópurinn á að skila ráðherra minnisblaði með niðurstöðum sínum fyrir 1. febrúar næstkomandi. **– jhh**



**Óttarr Proppé heilbrigðisráðherra.**

## Mega krefjast bólusetninga

**ÍTALÍA** Skólayfirvöld eru í fullum rétti þegar þau gera bólusetningar að skilyrði fyrir skólavist barna. Þetta hefur stjórnlagadómstóll Ítalíu úrskurðað.

Samkvæmt nýjum lögum geta skólar neitað börnum inngöngu í skólana hafi þau ekki fengið algengustu bólusetningar barna. Dómstóllinn tók meðal annars mið af því að færri börn eru nú bólusett en áður. Auk þess bendir dómstóllinn á að um sé að ræða landslög en ekki lög sem hafi verið í ákveðnu héraði en yfirvöld í héraðinu Veneto höfðu skotið málinu til hans. **– ibs**

## Myndaði í laumi og fékk dóm

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi á mánudag karlmann til þrjátíu daga skilorðsbundinnar fangelsisvistar fyrir að taka myndband af konu í kvennaklefa á meðan hún var nakin í sturtu og fyrir tilraun til að gera hið sama þegar önnur kona fór í sturtu.

Maðurinn var starfsmaður Crossfit Reykjavík þegar hann framdi brotin. Fyrir dómi játaði hann brot sín skýlaust. **– bo**




25%
afsláttur
af öllum
vörum
Svartur
föstudagur
G-STAR RAW
Kringlunni

## Aðdragandi og endalok Landsdómsmálsins



**1963** Núverandi ákvæði um Landsdóm og ráðherraábyrgð lögfest.

**24. maí 2007** Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar, sem Geir H. Haarde fór fyrir, tók við stjórn landsins.

**6. október 2008** Geir mælir fyrir frumvarpi að neyðarlögunum.

**17. desember 2008** Rannsóknarnefnd Alþingis komið á fót með lögum um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða.

**26. janúar 2009** Samfylkingin slítur stjórnarsamstarfi við Sjálfstæðisflokkinn.

**26. apríl 2010** Rannsóknarnefnd Alþingis skilar af sér skýrslu um aðdraganda hrunsins. Í kjölfarið var skipuð níu manna nefnd þingmanna til að móta tillögur að viðbrögðum Alþingis við niðurstöðum skýrslunnar.



**11. september 2010** Þingsályktun um málshöfðun gegn Geir H. Haarde, Árna M. Mathiesen, fjármálaráðherra áðurnefndrar stjórnar, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur utanríkisráðherra og Björgvin G. Sigurðssyni viðskiptaráðherra.

**28. september 2010** Alþingi samþykkir með atkvæðum 33 þingmanna að höfða mál gegn Geir. Aðrar tillögur voru felldar.

**12. október 2010** Sigríður Friðjónsdóttir, þá vararíkissaksóknari, kosin ákærandi málsins.

**10. maí 2011** Ákæra gefin út í málinu.

**10. júní 2011** Kröfu Geirs um að átta dómarar í málinu, af fimmtán, vikju sæti var hafnað. Milli þess að Alþingi samþykkti málshöfðun og þess að ákæra var gefin út hafði kjörtímabil dómara Landsdóms runnið út.



**3. október 2011** Frávísunarkröfu Geirs í málinu hafnað að stærstum hluta. Tveimur ákæruliðum af sex var vísað frá dómi. Einn dómari, Ástríður Grímsdóttir, skilaði sératkvæði og taldi að vísa ætti málinu frá í heild þar sem Sigríður saksóknari hafði gefið álit á mögulegri saksókn á fyrri stigum málsins.

**23. apríl 2012** Dómur kveðinn upp í málinu. Geir var sýknaður af þremur ákæruliðum en sakfelldur fyrir að hafa látið fyrirfarast að halda ráðherrafundi um mikilvæg stjórnarmálaefni líkt og kveðið er á um í 17. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands.

**17. október 2012** Geir kærir niðurstöðu Landsdóms til Mannréttindadómstóls Evrópu (MDE).

**13. nóvember 2013** MDE ákveður að taka mál Geirs fyrir efnislega.

# Mannréttindadómstóllinn afgerandi í því að sýkna ríkið í Landsdómsmálinu

**Málsmeðferð íslenska ríkisins í aðdraganda Landsdómsmálsins og meðan á því stóð uppfyllti kröfur Mannréttindasáttmála Evrópu. Fyrrverandi forsætisráðherra taldi að brotið hefði verið gegn tveimur greinum sáttmálans en ekki var fallist á rök hans. Einn dómari skilaði sératkvæði í málinu. Hæstaréttarlögmaður segir óvænt hve afdráttarlaus niðurstaðan var í ljósi þess að málið fékk efnismeðferð.**

Jóhann Óli Eiðsson
johannoli@frettabladid.is

**DÓMSMÁL** Íslenska ríkið var sýknað af öllum kröfum Geirs H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, af Mannréttindadómstóli Evrópu (MDE) í Strasbourg í gær. Niðurstaða MDE um sýknu ríkisins var mjög afdráttarlaus.

Geir taldi að málsmeðferð íslenska ríkisins í málinu hefði brotið gegn 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu (MSE) en hún kveður á um réttinn til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi. Þá taldi hann einnig að brotið hefði verið gegn 7. gr. sáttmálans sem kveður á um að óheimilt sé að gera manni refsingu nema hann hafi brotið gegn lögum.

Í máli Geirs fyrir dómnum var meðal annars sett út á rannsókn þingmannanefndarinnar, að brotið hafi verið gegn rétti hans til að tjá sig á rannsóknarstigi málsins og að málsókn gegn honum hafi verið pólitísk. Þá hafi aðgangur hans að gögnum málsins ekki verið fullnægjandi. Þá taldi Geir saksóknara málsins, Sigríði Friðjónsdóttur, vera vanhæfa þar sem hún hafði gefið sérfræðiálit á meðan á rannsókn málsins stóð.

Þessu hafnaði dómurinn. Benti hann meðal annars á að Geir hefði staðið til boða að tjá sig en hann ekki nýtt sér það. Þá taldi dómurinn að þó ákvörðun um málsóknina hafi verið tekin af þinginu hafi málsmeðferðin í kjölfarið ekki brotið gegn ákvæðum sáttmálans. Það var ekki talið að 6. gr. MSE fæli í sér rétt til þess að saksóknari málsins væri hlutlaus.



Að mati Geirs vann hann Landsdómsmálið efnislega. Hann unir niðurstöðu MDE. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þá taldi Geir það brjóta gegn rétti hans að lagaákvæði þau sem hann var talinn brjóta gegn væru ekki nægilega skýrar og afdráttarlausar refsiheimildir. Háttalag hans í starfi sem forsætisráðherra hefði verið í samræmi við áratuga venju. Í dómi Landsdóms var talið að óformleg samtöl leiðtoga ríkisstjórnarinnar gætu ekki leyst forsætisráðherra undan þeirri skyldu sem mælt er fyrir um í 17. gr. stjórnarskrárinnar. Yrði að virða Geir það til „stórkostlegs gáleysis“ að hafa látið farast fyrir að taka fyrir á stjórnarfundum þann háska sem yfirvofandi var.

Dómarar MDE voru sammála um að sýkna ríkið af kröfum sem varða brot gegn 6. gr. MSE. Einn dómari af sjö skilaði hins vegar sératkvæði varðandi brot gegn 7. gr. MSE og tók undir þau sjónarmið sem fram komu í atkvæði minnihluta Landsdóms um að refsiheimildin hafi ekki verið nægilega skýr.

„Sú niðurstaða Landsdóms að sýkna mig af alvarlegustu sökunum sem á mig voru bornar skiptir mestu máli fyrir mig. Ég vann landsdómsmálið efnislega. En í ljósi þess að ég var sakfelldur án refsingar fyrir eitt minni háttar atriði í málinu taldi ég mér skylt að fá úr því skorið hjá [MDE] hvort Alþingi hefði með málsmeðferð sinni og málshöfðun brotið gegn [MSE],“ segir í yfirlýsingu frá Geir H. Haarde. Hann bætir því við að hann virði niðurstöðu MDE.

„Mér finnst skiljanlegt að Geir hafi látið á þetta reyna enda var mál hans mjög merkilegt og um óvenjuleg réttarhöld að ræða,“ segir hæstaréttarlögmaðurinn Geir Gestsson.

„Það kemur mér nokkuð á óvart, miðað við hvað niðurstaða MDE í málinu er afgerandi, að málið hafi fengið efnismeðferð fyrir dómnum í upphafi. Slíkt þýðir oft að þú sért með sterkan málsstað og í raun bjóst ég ekki við fyrirfram að ríkið yrði sýknað,“ segir Geir.




## Áhöfn kafbátsins líklega látin

**ARGENTÍNA** Óvenjulegur, stakur, stuttur og kraftmikill atburður, líklegast sprenging, mældist í Suður-Atlantshafi nærri þeirri staðsetningu þar sem horfinn argentínskur kafbátur sást síðast. Frá þessu var greint í gær en kafbáturinn, ARA San Juan, hvarf á miðvikudag.

Argentínski herinn greindi frá hinni líklegu sprengingu í gær en alls hafa á annan tug ríkja boðið yfirvöldum þar í landi aðstoð sína við leitina að kafbátnum.

Vonir aðstandenda skipverjanna 44 um að áhöfnin væri enn á lífi dvínuðu við þessi tíðindi og greinir BBC frá því að aðstandendur hafi brugðist bæði sorgmæddir og reiðir við þegar þeir heyrðu tíðindin.

Aðstandendur voru staddir í sjóherstöðinni í Mar del Plata þar sem herforingjar sögðu þeim frá sprengingunni. Sökuðu sumir aðstandendur herinn um að hafa logið að sér og vakið falskar vonir. Aðrir bentu á ríkisstjórnina sem sögð var ekki hafa fjárfest nóg í hernum og að hún hafi leyft spillingu að grassera innan hans. Áhöfnin hafi þess vegna þurft að sigla óöruggum og hættulegum kafbát.



Aðstandendur áhafnarinnar eru reiðir yfirvöldum. NORDICPHOTOS/AFP

„Þeir drápu bróður minn, helvítis fíflin. Þeir drápu bróður minn,“ sagði bróðir eins skipverja við argentínska dagblaðið Clarin í gær. – þea



KEYRUM ÞETTA Í GANG!
JÓLARÝMINGARSALA TIL 15. DESEMBER
JÓLAVERÐ 3.250.000 kr.
Verð áður 3.550.000 kr.
Afsláttur 300.000 kr. + gjafakort
DACIA DUSTER BLACK EDITION
1.5 dísil, fjórhjóladrifinn, beinskiptur
JÓLAVERÐ 3.450.000 kr.
Verð áður 3.790.000 kr.
Afsláttur 340.000 kr. + gjafakort
NISSAN LEAF BLACK EDITION
100% rafbíll, sjálfskiptur
JÓLAVERÐ 1.990.000 kr.
Verð áður 2.190.000 kr.
Afsláttur 200.000 kr. + gjafakort
HYUNDAI i20 CLASSIC
1.2 bensín, beinskiptur
JÓLAVERÐ 4.890.000 kr.
Verð áður 5.290.000 kr.
Afsláttur 400.000 kr. + gjafakort
SUBARU FORESTER PREMIUM
2.0 bensín, fjórhjóladrifinn, sjálfskiptur
JÓLAVERÐ 5.490.000 kr.
Verð áður 5.990.000 kr.
Afsláttur 500.000 kr. + gjafakort
RENAULT KOLEOS ZEN
2.0 dísil, fjórhjóladrifinn, sjálfskiptur
GJAFAKORT
100.000 KR. GJAFAKORT
FYLGIR ÖLLUM NÝJUM BÍLUM!
Þeir sem kaupa nýjan bíl hjá BL fyrir 15. desember fá í kaupbæti 100.000 kr. gjafakort frá Íslandsbanka. Kortið má nota sem innborgun á nýja bílinn, upp í skemmtilega sumarferð eða til að láta langþráðan draum rætast.
Jólaverð á rýmingarsölunni gildir ekki með öðrum tilboðum eða afsláttum.
ENNEMM / SÍA / NM85245
GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400
Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622
Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533
Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070
IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080
BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

# Bitur saltvinnsludeila endar í gjaldþroti

**Saltverk Reykjaness ehf. hefur verið úrskurðað gjaldþrota að beiðni eins stofnenda og eigenda félagsins. Hann taldi það einu leiðina til að fá upplýsingar um sölu eigna út úr félaginu. Meirihlutaeigendurnir segja söluna hafa verið nauðsynlega til að bjarga rekstrinum.**



Garðar Stefánsson var meðal stofnenda Saltverks Reykjaness sem nú hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta að hans beiðni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**VIÐSKIPTI** Saltvinnslufélagið Saltverk Reykjaness ehf. hefur verið úrskurðað gjaldþrota eftir áralangar deilur og átök innan eigendahóps félagsins. Það var Garðar Stefánsson, einn stofnenda félagsins, sem fór fram á gjaldþrotaskiptin sem hann segir einu leiðina til að fá upplýsingar um ólögmæta sölu eigna út úr því árið 2013. Sölu sem gerð var án hans vitundar sem hluthafa en fyrrverandi viðskiptafélagar hans segja hafa verið nauðsynlega til að bjarga félaginu.

Saltverk Reykjaness var stofnað árið 2011 af Garðari, Birni Steinari Jónssyni og Yngva Eiríkssyni og hugði á saltvinnslu á Reykjanesi í Ísafjarðardjúpi. Ári síðar komu Jón Pálsson, faðir Björns Steinars, og Daníel Helgason fjárfestir inn í hluthafahópinn. Ágreiningur kom upp milli eigenda á árinu 2012 sem varð til þess að Yngvi seldi Daníel hlut sinn, Garðar lét af störfum sem framkvæmdastjóri og sagði sig frá trúnaðarstörfum. Haustið 2012 áttu Garðar og Björn Steinar sinn 34,5 prósenta hlutinn hvor í félaginu, Jón Pálsson 16 prósent og Daníel Helgason 15 prósent.

Það var svo í febrúar 2013 sem Björn Steinar, Daníel og Jón tóku þá ákvörðun í krafti meirihluta síns að selja allar eignir út úr félaginu, án vitundar Garðars, til Nordic Sea Salt ehf. sem stofnað hafði verið nokkrum mánuðum áður. Að þeirra sögn til að forða Saltverki frá gjaldþroti og gera upp við kröfuhafa. Eignirnar, meðal annars vörumerki, nafn, umbúðir, hönnun, viðskiptavild og framleiðslutæki, voru síðar seldar áfram inn í annað nýtt félag í þeirra eigu, Saltverk ehf. Samkvæmt kaupsamningi var kaupverðið 22 milljónir króna, 12 milljónir með yfirtöku skulda og 10 milljónir í reiðufé.

Hæstiréttur Íslands felldi þennan kaupsamning úr gildi þann 16. mars síðastliðinn þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að sala eignanna hafi verið ólögleg og þremenningunum bæri að skila þeim aftur til Saltverks Reykjaness ehf.

Dómurinn var athyglisverður en um var að ræða prófmál fyrir Hæstarétti þar sem reyndi í fyrsta sinn á minnihlutavernd samkvæmt regluverki sem sett var í kjölfar hrunsins. Dómurinn taldi að brotið hefði verið á réttindum minnihlutaeigandans Garðars og að kaupsamningurinn skyldi ógiltur.

Garðar segir ljóst af fundargerð hluthafafundar Saltverks Reykjaness frá 7. apríl síðastliðnum að meirihlutaeigendur hafi ekki haft í hyggju að verða við niðurstöðu Hæstaréttar og skila eignunum.

Ásakanir hafa gengið á víxl í átökum deiluaðila. Björn Steinar segir Garðar hafa gerst sekan um trúnaðarbrot með því að fara í beina samkeppni við fyrirtækið sem hann átti í og undirbúa stofnun saltvinnslufyrirtækisins Norðursalts þegar hann var framkvæmdastjóri.

> **Fyrirtækið var stofnað árið 2011 og hugði á saltvinnslu á Reykjanesi í Ísafjarðardjúpi.**

„Öll hans aðkoma að félaginu frá því að hann hætti hefur snúið að því að reyna að koma félaginu fyrir kattarnef," segir Björn Steinar.

Garðar kveðst hafa verið hættur hjá Saltverki þegar hann fór út í samkeppnisrekstur. „Mín vara kemur ekki á markað fyrr en ári eftir að ég var hættur."

Björn Steinar segir að með sölunni hafi verið gert upp við alla kröfuhafa aðra en eigendur, þar á meðal Garðar sem á meðal annars kröfu á félagið í kjölfar dóms héraðsdóms frá 18. mars 2014 vegna ábyrgðar sem féll á hann vegna félagsins sem ekki hefur fengist greidd. Með gjaldþrotakröfunni vildi hann leiða upplýsingar um hina umdeildu sölu eignanna fram í dagsljósið, upplýsingar sem hann segir meirihlutaeigendur ekki hafa lagt fram þrátt fyrir áskoranir.

> **Þetta er búið að vera fjögurra ára barátta að fá þær, þrátt fyrir áskoranir fyrir dómstólum að þeir sýni fram á hvað fór þarna fram á bak við tjöldin hafa þeir ekki orðið við því.**
>
> Garðar Stefánsson, einn stofnenda Saltverks Reykjaness ehf.

„Ég er bara að verja hag minn sem hluthafi í þessu félagi. Það hafa engar upplýsingar verið gefnar upp um þessa sölu fyrir utan þennan kaupsamning. Þetta er búið að vera fjögurra ára barátta að fá þær, þrátt fyrir áskoranir fyrir dómstólum að þeir sýni fram á hvað fór þarna fram á bak við tjöldin hafa þeir ekki orðið við því."

Sem kröfuhafi vonar Garðar að skiptastjóri muni endurheimta áðurnefndar eignir félagsins líkt og Hæstiréttur kvað á um og að forsendur sölu þeirra verði skoðaðar.

**mikael@frettabladid.is**






100.000 kr. gjafakort fylgir öllum seldum bílum.

# Svartur föstudagur hjá Notuðum bílum.

Við hjá Notuðum bílum Öskju verðum í miklu stuði í allan dag og bjóðum mikið úrval af glæsilegum notuðum bílum á ótrúlegum kjörum í tilefni dagsins. En það er ekki allt. Allir kaupendur dagsins fá **100.000 kr.** gjafabréf í Smáralind. Þannig getur þú rennt í Smáralind á splunkunýjum, notuðum bíl frá okkur og klárað jólagjafainnkaupin.

Kynntu þér fjölbreytt úrval tilboðsbíla á **notadir.is** og komdu á svartan föstudag á Klettháls 2.

## Opið til 20.00 í kvöld

Á laugardaginn er opið frá 12–16 og þá bjóðum við einnig bíla á sömu góðu kjörunum.

ASKJA
**NOTAÐIR BÍLAR**
www.notadir.is

Kletthálsi 2
110 Reykjavík
590 2160

**Opnunartímar:**
Virka daga 10–18
Laugardaga 12–16

# Róhingjar sendir aftur til Mjanmar

**Til stendur að senda hundruð þúsunda flóttamanna aftur til Mjanmar frá Bangladess. Flóttamenn margir hverjir hræddir við að snúa aftur og mannréttindabaráttusamtök gagnrýna samkomulagið harðlega. Vilja að ríkisborgararéttur verði tryggður fyrir heimkomu.**


**Róhingjabarn að leik í Kutupalong-flóttamannabúðunum í Bangladess.** NORDICPHOTOS/AFP

**MJANMAR** Stjórnvöld í Bangladess og Mjanmar komust í gær að samkomulagi um að fyrrnefnda ríkið muni senda hundruð þúsunda flóttamanna af þjóðflokki Róhingja aftur heim til þess síðarnefnda. „Samkvæmt samkomulaginu munu þeir verða sendir heim innan tveggja mánaða,“ segir í tilkynningu frá ríkisstjórn Bangladess en enn er verið að ræða ýmis smáatriði samkomulagsins.

Alls hafa rúmlega 600.000 Róhingjar flúið til Bangladess frá Rakhine-héraði Mjanmar frá því í ágúst. Þá hófust harðar aðgerðir hers Mjanmar gegn þjóðflokknum eftir að skæruliðar úr þjóðflokknum réðust á herstöð. Sameinuðu þjóðirnar og ríkisstjórn Bandaríkjanna hafa sakað herinn um að standa að þjóðernishreinsunum og lýsti mannréttindastjóri SÞ því yfir að herinn tæki Róhingja af lífi án dóms og laga og brenndi heimili þeirra.

Mahmood Ali, utanríkisráðherra Bangladess, sagði við undirritun samkomulagsins í gær að verið væri að stíga fyrsta skrefið í átt að því að leysa vandamálið. Mjanmarski erindrekinn Myint Kyaing sagði yfirvöld þar í landi tilbúin til þess að taka á móti flóttamönnunum þegar í stað.

Óljóst er hins vegar hvernig móttökunni verður háttað og eru margir Róhingjar sagðir dauðhræddir við að snúa aftur heim. Í samtali við Reuters sögðu allmargir flóttamenn í Kutupalong-búðunum í Bangladess að tryggja yrði ríkisborgararétt flóttamannanna sem og að þeir fengju aftur þau lönd sem herinn hefur tekið.

Krafan um ríkisborgararétt er ekki ný af nálinni. Ýmis mannréttindabaráttusamtök hafa greint frá því að yfirvöld í Mjanmar líti svo á að Róhingjar séu ólöglegir innflytjendur, jafnvel þótt þeir og forfeður þeirra hafi fæðst innan landamæranna. Því hafa Róhingjar almennt ekki fengið ríkisborgararétt.

„Við getum snúið aftur ef þeir hætta að áreita okkur og ef við fáum að lifa óáreitt eins og búddistarnir og hinir minnihlutahóparnir,“ sagði flóttamaðurinn Sayed Hussein við Reuters. Vert er að taka fram að Róhingjar eru allflestir múslimar en búddistar eru í meirihluta í Mjanmar.

„Ég treysti ekki ríkisstjórn Mjanmar. Eiginmaður minn hefur nú þegar flúið þrisvar og þetta er í annað skipti sem ég þarf að flýja land. Ríkisstjórnin hagar sér alltaf svona,“ sagði annar flóttamaður, Narusha.

Bæði ríki finna fyrir þrýstingi á að samkomulagið sé gert og Róhingjarnir komi aftur til Mjanmar. BBC greinir frá því að ríkisstjórn Bangladess vilji sýna íbúum landsins að Róhingjar séu ekki varanlega sestir að í landinu á meðan yfirvöld í Mjanmar, einkum þjóðarleiðtoginn og friðarverðlaunahafinn Aung San Suu Kyi, vilja bregðast við ákalli alþjóðasamfélagsins um að leysa úr þessari krísu.

Flóttamannastofnun SÞ brást við tíðindunum með því að segjast vona að samkomulagið „virði réttindi flóttamannanna til þess að snúa örugg og sjálfviljug aftur til Mjanmar“. Talsmaður stofnunarinnar sagði jafnframt að stofnunin væri tilbúin til þess að aðstoða ríkin tvö í þessu ferli.

Mannréttindabaráttusamtökin Amnesty International gagnrýndu yfirvöld í Mjanmar harðlega í gær. Sagðist talsmaður Amnesty efast um að til stæði að tryggja öryggi Róhingja í Mjanmar þar sem „aðskilnaðarstefna væri enn við lýði“.

„Það er algjörlega ótímabært að tala um þessa heimkomu á meðan hundruð Róhingja flýja enn ofsóknir yfirvalda í Mjanmar á næstum því hverjum degi. Við höfum jafnframt áhyggjur af því að samráð hafi ekki verið haft við SÞ í þessu ferli,“ sagði talsmaðurinn. **thorgnyr@frettabladid.is**




# Nú er það svart

## Svart föstudagstilboð í Pennanum um helgina.

Komdu og keyptu fallega muni á hagstæðu verði og nýttu þér þetta frábæra tækifæri til að undirbúa jólin. Gildir alla helgina og á mánudag.







Eames DSR
Tilboðsverð 32.900 kr.
Verð áður 45.900 kr.
Charles & Ray Eames, 1950

Ball Clock
Tilboðsverð 26.900 kr.
Verð áður 37.900 kr.
George Nelson, 1948-1960

Mirra 2
Tilboðsverð 149.900 kr.
Verð áður 224.875 kr.
Studio 7.5, 2003







Eames House Bird
Tilboðsverð 14.900 kr.
Verð áður 19.900 kr.

Hang it all
Tilboðsverð 26.900 kr.
Verð áður 36.900 kr.
Charles & Ray Eames, 1953

Coffee Table
Tilboðsverð 239.900 kr.
Verð áður 279.900 kr.
Isamu Noguchi, 1944

Opið virka daga 8:00–18:00
Laugardaga 11:00–15:00
www.penninn.is

Skeifunni 10, Reykjavík
Hafnarstræti 91–93, Akureyri
Hafnarstræti 2, Ísafirði

Tilboð á gjafavörum gilda einnig í verslunum Pennans Eymundsson. Vöruúrval getur verið mismunandi eftir verslunum.

Penninn Eymundsson

Penninn Húsgögn


HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA
Skoðaðu enn fleiri tilboð
í vefverslun husa.is
Tilboðin gilda til miðnættis á husa.is
KOLSV
KAINDL
HARÐPARKET -40%
8 MM, EIKARPLANKI
1.374 KR/M²
2.290 KR/M²
147071
Allir pottar og pönnur
30%
afsláttur
Allar bökunarvörur
40%
afsláttur
Allt parket
25-40%
afsláttur
Allir hnífar og hnífapör
30%
afsláttur
TRUENORTH
Barnafatnaður
úlpur, kuldagallar,
kuldaskór o.fl.
50%
afsláttur
Öll matarstell og glös
30%
afsláttur
Allar flísar
30%
afsláttur
DEWALT
Allar DeWalt borvélar
30%
afsláttur
BLACK & DECKER
Allar Black + Decker borvélar
30%
afsláttur
TRUENORTH
Allur True North útivistafatnaður
40%
afsláttur
HITACHI
Allar Hitachi borvélar
30%
afsláttur
AUTHOR
Öll Author reiðhjól
35%
afsláttur
www.husa.is
Tilboðin eru í vefverslun Húsasmiðjunnar á husa.is
Tilboðin gilda til miðnættis í vefverslun

# FÖSTUDAGUR

# ARTUR

Electrolux
Russell Hobbs

**Öll smáraftæki frá Elecrolux og Russel Hobbs**

**30% afsláttur**

Broil King
Great Barbecues Every Time

**Öll Broil King grill**

**20% afsláttur**

JOTUN LADY

**Öll JOTUN innimálning**

**30% afsláttur**

-38%
NEO
**VERKFÆRASKÁPUR**
NEO
**27.995 KR.**
~~44.995 KR.~~
5024494

Electrolux
-35%
**RYKSUGA**
PFT PARKETT
**12.500 KR.**
~~19.360 KR.~~
1809112

-37%
**BORVÉL 18V**
2 RAFHLÖÐUR
**9.995 KR.**
~~15.995KR.~~
5245252

-50%
**JÓLASTJARNA**
STÓR OG FLOTT
**995 KR.**
~~1.990 KR.~~

-45%
**HANDLAUGARTÆKI**
EDEN, EINNAR HANDAR
**7.990 KR.**
~~14.695 KR.~~
7900020

-40%
BLACK&DECKER
**BORVÉL 18V**
+80 FYLGIHLUTIR
**12.862 KR.**
~~21.435 KR.~~
5245564

-50%
LAUFEN
**VEGGSKÁL**
LAUFEN PRO-N
Seta seld sér.
**8.370 KR.**
~~16.745 KR.~~
7920010

-40%
Electrolux
**KAFFIVÉL**
1080W, 10 BOLLA
**5.990 KR.**
~~9.990 KR.~~
7920010

-50%
**ÚLPA**
DÖMU OG HERRAÚLPA, FJÓLUBLÁAR, SVARTA EÐA DÖKKBLÁAR
**7.495 KR.**
~~14.990 KR.~~
5853080-106
Fæst í Skútuvogi, Selfossi, Akureyri, Akureyri, Egilssöðum og Ísafirði

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl, úrval getur verið mismunandi milli verslana. Gildir ekki af „Lægsta lága verði Húsasmiðjunnar eða tilboðsvörum. Gildir 24. nóvember á meðan birgðir endast.

**Skoðaðu öll tilboðin á husa.is**
Tilboðin gilda til miðnættis í vefverslun

www.husa.is

# Segja ekki haldið nógu vel um fólk í sorg

**Hjónin Heiðdís Fjóla Pétursdóttir og Einar Geirsson misstu son sinn í maí síðastliðnum. Þau segja viðmót og aðstoð sjúkrahússins á Akureyri ekki hafa verið upp á marga fiska þar sem þau fengu litla sem enga áfallahjálp á slysadeild eftir slysið sunnan Hrafnagils.**

Sveinn Arnarsson
sveinn@frettabladid.is





Hjónin Heiðdís Fjóla Pétursdóttir og Einar Geirsson misstu son sinn Óliver í maí síðastliðnum í slysi sunnan Hrafnagils. Fréttablaðið/Auðunn

Í hlýlegu og fallegu húsi í Hrafnagilshverfi í Eyjafirði búa hjónin Einar Geirsson og Heiðdís Fjóla Pétursdóttir. Í maí á þessu ári misstu þau son sinn í slysi á Eyjafjarðarbraut sunnan Hrafnagils. Óliver Einarssyni, syni þeirra, sem fæddist í síðasta mánuði ársins 2004, er lýst sem uppátækjasömum og glaðværum orkubolta sem fór sínar eigin leiðir og hafði gaman af lífinu. Þegar þau rifja upp þennan dag segja þau vinnulagið á sjúkrahúsinu á Akureyri hafa komið þeim á óvart og að betur megi gera þegar hlúð er að aðstandendum í sáru áfalli eftir ástvinamissi.

### Fyrsti vinnudagur Ólivers

„Hann Óliver er að koma úr vinnu. Það eru þemadagar í skólanum og hann fær leyfi til að gerast vinnumaður hjá frændfólki okkar að Hranastöðum. Þetta var því fyrsti vinnudagurinn hans sem fjósamaður á Hranastöðum hjá mágkonu minni og svila. Hann var staðráðinn í að vera alvöru vinnumaður þetta sumar," segir Einar. „Við höfðum farið yfir hlutina hvaða leið hann skyldi fara til vinnu. Hann fer á hjólinu sínu, er alvanur hjólamaður, og hjólar fyrir utan veg frá heimili sínu að Hranastöðum. Hins vegar þarf að fara yfir þjóðveginn á einum stað."

Óliver var mjög vanur að hjóla og hafði stundað þá iðju um nokkurt skeið. Í eftirmiðdaginn var Óliver svo á leið heim eftir vinnu þegar Einar heyrir sírenuvæl æða í gegnum Hrafnagilshverfið. „Ég var utandyra með strákunum mínum að mála grindverkið, það var góðviðrisdagur og ég heyri sírenuvælið koma. Ég var ekkert að velta því fyrir mér en fannst þetta síðan verða heldur mikið þegar ég heyri bæði í sjúkrabílum og lögreglu og þeir stansa rétt sunnan við Hrafnagil," segir Einar og ákvað þá að hringja upp á Hranastaði og spyrja hvort ekki væri allt í lagi þar. „Þar er mér tjáð að allt sé í stakasta lagi þar og er spurður á móti hvort Óliver sé ekki kominn heim. Þá vissi ég að eitthvað væri að og rauk af stað."

Þegar Einar kemur að slysstað sér hann hjól sonar síns. Óliver hafði hins vegar verið fluttur í snatri á sjúkrahúsið á Akureyri.

„Heiðdís og elsta dóttir okkar eru í bænum að undirbúa fermingu hennar og því koma þær á undan á sjúkrahúsið. Þar lendum við í nokkuð skringilegum aðstæðum," bætir Einar við.

### Tildrög fyrst ókunn

„Alvarlegt umferðarslys varð á Eyjafjarðarbraut vestari rétt fyrir klukkan 16 í dag. Slysið varð á veginum skammt sunnan við Hrafnagil," segir í frétt Vísis af slysinu örlagaríka. Enn fremur segir í tilkynningu lögreglunnar að strax hafi orðið ljóst að um alvarlegt slys væri að ræða og viðbragðsaðilar hefðu verið sendir á staðinn í hæsta forgangi.

Tildrög slyssins voru þau að bifreið var ekið suður Eyjafjarðarbraut. Þegar Óliver þarf að þvera veginn á litla bifhjólinu sínu verður hann í vegi bifreiðarinnar og lendir undir henni. Keyrt er yfir brjóst hans og hjálmurinn lendir í klafanum undir jeppanum.

„Það sem kemur okkur svo mikið á óvart er að bílstjórinn gat ekki með nokkru móti sagt frá því hvað gerðist. Það kemur svo í ljós að hann hafði ekki fundið fyrir högginu þegar hann keyrir yfir drenginn og var því ekki viss um hvort hann hefði verið valdur að slysinu," segir Heiðdís Fjóla. „Einstaklingurinn sem kemur að slysinu sér hann bara einan á götunni því maðurinn sem ók á hann var þá farinn af vettvangi til að leita aðstoðar. Þegar hann kemur svo aftur segist hann kannski eiga þátt í þessu en er ekki viss."

> **Við ákváðum bara að opna heimilið. Leyfa fólki að koma og hitta okkur.**
>
> Einar Geirsson, faðir Ólivers

„Maðurinn sem ók á son okkar var 86 ára gamall með mikla heyrnarskerðingu og maður spyr sig svona eftir á hvað þessi maður var að gera með bílpróf svona á sig kominn," segir Einar. „Líklegast vegna þess að hann bjó einn lengst inni í firði og þurfti að komast í búð og aftur heim til sín.

Þetta er auðvitað bara ömurlegt slys fyrst og fremst og engum verður kennt um slysið. Einnig verður líka að segjast að við erum á gráu svæði að leyfa honum að fara á hjólinu því hann þarf að þvera þarna veginn. En hann var þrælvanur hjólamaður, það er ekki það," segir Einar og Heiðdís Fjóla bætir við: „Hann hefði alveg eins getað lent í þessu slysi á reiðhjóli."

Ökumaður bifreiðarinnar sem varð Óliver að bana þennan örlagaríka dag varð bráðkvaddur 11 dögum síðar á heimili sínu.

### Á almennri biðstofu

Þegar Heiðdís Fjóla kemur upp á bráðadeildina á sjúkrahúsinu er henni boðið að setjast niður á biðstofunni innan um veika einstaklinga sem bíðu eftir læknatíma. „Maður kemur inn í mikilli geðshræringu, vitandi að barnið mitt er inni alvarlega slasað. Mér er sagt í móttökunni að bíða í anddyrinu innan um fullan biðsal af fólki. Mér fannst eins og enginn vissi hvernig þetta ætti að vera. Ég settist á stól alveg við innganginn á bráðadeildina því mér fannst ég ekki eiga heima þarna. Svo þegar Einar kemur er okkur fljótlega vísað inn í fjölskylduherbergið," segir Heiðdís.

„Við fáum síðan að fara inn í fjölskylduherbergið. Þar bíðum við fregna og manni fannst eins og fólkið væri ekki undirbúið undir áfall sem þetta hjá aðstandendum. Á þessum tíma höfðum við enn ekki fengið neinar upplýsingar um strákinn okkar og hvernig honum liði."

Þegar þau höfðu beðið inni í fjölskylduherbergi á deildinni kemur læknir til þeirra og segir að slysið hafi verið alvarlegt og endurlífgun sé í gangi. Reynsla Einars og Heiðdísar Fjólu af veru sinni á bráðadeild sjúkrahússins á Akureyri þennan dag er ekki góð. Að þeirra mati vantaði ríkara utanumhald um aðstandendur sem biðu. „Hjúkrunarfræðingur sem kom til okkar færði okkur vatn og bauðst til að hringja á prest. Þannig var okkar upplifun. Við fengum enga sálgæslu eða áfallahjálp á sjúkrahúsinu frá starfsmönnum þess á meðan við vorum þar. Það var í raun ekki hlúð að okkur í sorg fyrr en prestur mætir á svæðið."

### Bæklingar um næstu skref

Það sem Heiðdísi Fjólu finnst erfiðast í minningunni er að hennar mati sú ákvörðun hjúkrunarfræðings að láta hana taka við bæklingum um hvað taki við. „Svo kom hún með þessa helvítis bæklinga. Bæklingar um að nú þurfum við að finna föt handa stráknum okkar, um kistulagningu, að það þurfi að finna prest og fara að undirbúa jarðarför. Þetta er það sem við tökum með okkur af sjúkrahúsinu."

Heiðdís og Einar telja sig hafa verið á bráðadeildinni í um þrjú korter þar til tveir læknar koma til þeirra með þær fréttir að sonur þeirra, 12 ára gamall, sé látinn. „Það eina sem við fáum svo er að fara út bakdyramegin, með bæklingana í höndunum," segir Heiðdís.

### Erfitt að fá aðstoð við svefn

Hjónin lýsa því að þá um kvöldið hafi fjölskyldumeðlimur farið á stúfana til að útvega þeim aðstoð við að sofna þá um nóttina. Mikilvægt hafi verið fyrir þau að hvílast að einhverju ráði. „Svili minn fór í það verkefni fyrir okkur að fá svefntöflur eða eitthvað róandi fyrir okkur svo hægt væri að sofna," segir Einar. „Við vorum ekki í neinni stöðu til að leggjast á koddann í því sálarástandi sem við vorum í þetta kvöld. Þetta gengur hálf brösuglega en á endanum fær hann kríaðar út þrjár töflur af Sobril fyrir okkur á sjúkrahúsinu," bætir Heiðdís við.

„Þegar mágur minn er kominn upp eftir að ná í töflurnar þrjár fær hann yfirlestur um það hversu ávanabindandi þessar töflur nú séu og bent á rannsóknir þessum orðum þeirra til stuðnings. Við ættum sko að fara varlega," segir Heiðdís og er nokkuð niðri fyrir. „Í guðs bænum; við vorum þarna, fjölskyldan, í sjokki heima fyrir eftir að hafa misst barnið okkar og það hefst með herkjum að hjálpa okkur að sofna."

### Félagsauðurinn

Það er oft sagt að það þurfi heilt þorp til að ala upp barn. Í því felst að samfélagið sem heild, tengsl manna og samheldni búi í sameiningu að uppeldi barnanna. Þegar lífið gengur sinn vanagang eru þessir kraftar að mestu ósýnilegir. Það er hins vegar í áföllum sem félagsauðurinn verður hverjum manni augljós. Á sama tíma og það tekur heilt þorp að ala upp barn, þá á það einnig við um það þegar kveðja á barn; samfélagið reis upp og aðstoðaði sem mest það mátti.

„Við fengum ótrúlega hjálp í kjölfarið, segir Heiðdís Fjóla. „Sá hópur sem stendur að handverkshátíðinni steig fram og aðstoðaði við svo margt. Íbúar elduðu fyrir okkur fyrstu dagana og sáu til þess að við hefðum tíma til að hugsa um okkur sjálf. Vinir Einars úr kokkasamfélaginu aðstoðuðu við veisluna að lokinni jarðarförinni og svo mætti lengi telja. Þetta gerði svo margt fyrir okkur og við erum svo þakklát fólkinu okkar."

Einar bætir við að þau hafi fljótlega ákveðið að loka ekki á samfélagið. „Við ákváðum bara að opna heimilið. Leyfa fólki að koma og hitta okkur. Bekkjarsystkini barna okkar fengu að koma og ræða við okkur í rólegheitum, við bara buðum fólki að koma í heimsókn og svo gerðum við jarðarförina barnvæna," segir Einar. „Þetta var ekki týpísk jarðarför, þetta var meira í hans anda, að hafa gaman."

### Fór eigin leiðir

Óliver var að sögn foreldra sinna atorkusamur og gerði það sem hann langaði til að gera. „Ef honum leiddist í skólanum þá átti hann það til að fara út um gluggann í kennslustofunni," segir Einar og hlær. Hann hafði gaman af lífinu og við fráfall hans skildi hann eftir nokkurt tómarúm í lífi fjölskyldunnar. „Maður þarf


30% afsláttur af öllum
húsgögnum og gjafavöru
Opið til kl. 21 í kvöld
BLACK FRIDAY
IHK living ilmkerti
kr. 4.600-, nú kr. 3.220,-
LSA sósukanna m/skeið
kr. 7.800,-, nú kr. 5.460,-
HK living borðskraut
kr. 18.200,-, nú kr. 12.740,-
Camerich Crescent tungusófi í áklæði
Stærð: 285 x 163 cm. Litir: brúnt.. Verð kr. 498.000,-. nú kr. 348.600,-
Mikið úrval af púðum, verð frá kr. 7.200,-, nú frá kr. 5.040,-
LSA skál
kr. 7.300,-, nú kr. 5.110,-
KAK tungusófi í leðri m/hvíldarsæti
Stærð: 282 x 80 x 169 cm. Litir; dökkgrár, brúnn og svartur
Verð kr. 398.000,-, nú kr. 278.600,-
PB home sófaborð 90x90x45 cm,
verð frá kr. 58.000,- nú frá kr. 40.600,-
LSA kökudiskur
kr. 8.600,-, nú kr. 6.020,-
PB Home karfa 55 cm
kr. 41.200,-, nú kr. 28.840,-
idp Sphera sófasett
Verð 3+1+1 kr. 796.000,- nú kr. 557.200-, Litir; svart, grátt og dökkbrúnt.
LSA blómavasi 15 cm
verð kr. 5.200,-, nú kr. 4.160,-
LSA gjafaaskja
tarstell fyrir 4, kr. 14.800,-
nú kr.10.360,-
Luktir Day Home,
frá kr. 9.800,-, nú kr. 6.860,-
Jólaengill 15 cm
kr. 4.700,-, nú kr. 3.290
Skál Day Home 30 cm
kr. 6.900,-, nú kr. 4.830,-
PB Home kertastjaki
kr. 8.600,-, nú kr. 6.020,-
HEIMAHÚSIÐ
Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18 og laugardaga 11 -16.



## Mögulegar sviðsmyndir

**1.** Miðhálendisþjóðgarður sem felur í sér að stofnaður verði þjóðgarður sem tekur til þjóðlendna og friðlýstra svæða innan miðhálendisins. Þjóðgarðurinn yrði valddreifður en með samræmda stefnu, skipulag, leyfisveitingar og stjórnsýslu.

**2.** Jöklagarðar, en sú sviðsmynd felur í sér að þjóðgarðar verði stofnaðir um friðlýst svæði og jökla með möguleikum á stækkun í samræmi við opinbera stefnumótun um verndun og nýtingu lands.

**3.** Þjóðgarðar á miðhálendinu á núverandi friðlýstum svæðum. Byggir þessi sviðsmynd á því að slíkir þjóðgarðar hefðu hver eigið svæðisráð. Hver garður tæki jafnframt breytingum í samræmi við náttúruminjaskrá, rammaáætlun og aðra opinbera stefnumótun.

**4.** Óbreytt fyrirkomulag.

## Leggst gegn landnámi lúpínu

Landvernd leggst gegn landnámi lúpínu á miðhálendi Íslands. Landverndarmenn vinna nú að aðgerðaáætlun til að stemma stigu við dreifingu tegundarinnar á miðhálendinu sem þeir segja ágenga þar sem aðrar tegundir víkja fyrir henni og einsleitni gróðurs eykst með breyttri ásýnd landsins. „Ég held að við ættum að reyna að sameinast um að halda lúpínu utan miðhálendisins,“ segir framkvæmdastjóri Landverndar. „Ef við erum sammála um að hún eigi ekki heima einhvers staðar þá sé það þar.“

# Aðgangsstýring möguleg fyrir nýjan miðhálendisþjóðgarð landsmanna

**Nýr miðhálendisþjóðgarður myndi ná yfir fjörutíu prósent landsins, stærstu eyðimörk, stærsta jökul og stærsta landsvæði Evrópu án samfelldrar búsetu. Alls á 21 sveitarfélag aðalskipulagsáætlun sem nær inn á svæðið eða allt frá Borgarbyggð í vestri til Djúpavogshrepps í austri. Mun auðveldara yrði að stýra aðgangi fólks inn á hálendið með nýjum þjóðgarði þar sem eru einstæðar náttúruminjar.**




**NÁTTÚRUVERND** Auðveldara yrði að ráða við aukið álag vegna fjölgunar ferðamanna með heildstæðri aðgangsstýringu á viðkomandi svæðum til að koma í veg fyrir hnignun náttúru svæðisins ef Miðhálendisþjóðgarður yrði að veruleika. Miðhálendi Íslands nær yfir um fjörutíu prósent flatarmáls landsins. Ef þjóðgarðurinn yrði að veruleika yrði hann stærsti þjóðgarður í Evrópu en einnig einn af stærstu þjóðgörðum sem hlutfall af flatarmáli lands.

### Miklar náttúruminjar

Miðhálendið á sér nokkra sérstöðu. Bæði er um að ræða stærstu eyðimörk í Evrópu en jafnframt er þetta eitt stærsta samfellda landsvæðið í álfunni þar sem ekki er föst búseta allt árið um kring. Mannvirki á þessu svæði eru fá og afar dreifð yfir svæðið. Náttúruminjar svæðisins eru hins vegar ófáar og einstæðar í heiminum. Settar voru upp fjórar sviðsmyndir um stjórn svæðisins sem hægt yrði að vinna með áfram.

Framtíðarfyrirkomulag svæðisins hefur verið rætt innan stjórnsýslunnar um langan tíma. Samhæfa þarf stjórnun svæðisins, landnýtingu, vernd hálendisins og hvernig uppbyggingu innviða verður háttað á þessu svæði. Fjöldi ferðamanna sem sækir miðhálendið heim ár hvert hefur aukist gríðarlega á síðustu árum og því brýnt að stefna stjórnvalda verði klár sem allra fyrst.

Til að átta sig á stærð mögulegs þjóðgarðs á 21 sveitarfélag aðalskipulagsáætlun sem nær inn á miðhálendi Íslands, allt frá Borgarbyggð í vestri til Djúpavogshrepps í austri.

### Stjórnsýslan á leik

„Byggja þarf upp kjarnastarfsemi sem fylgt getur eftir aukinni áherslu á vernd hálendisins samhliða sjálfbærri nýtingu sem rúmast innan verndarsvæða,“ segir í áfangaskýrslu nefndarinnar. Nefndin var skipuð 14. júlí, 2016 og var falið að kortleggja svæðið innan miðhálendislínu með tilliti til stofnunar þjóðgarðs, annaðhvort með stækkun Vatnajökulsþjóðgarðs eða með öðrum hætti.

„Ég lagði mikla áherslu á þetta í mínu starfi sem umhverfisráðherra og nú er kominn fyrsti áfanginn í ljós. Unnið verði áfram úr þessu,“ segir Björt Ólafsdóttir. „Í stjórnarsáttmála síðustu ríkisstjórnar var ákvæði um að unnin yrði sérstök áætlun um vernd miðhálendisins. Mikil vinna er nú fram undan til að svo megi verða að við sjáum þennan þjóðgarð verða að veruleika.“

### Leggjast gegn áherslu sveitarfélaga

Í skýrslunni kemur fram að ein helsta áhersla sveitarfélaganna sé að þjóðgarður komi ekki í veg fyrir þróun samgangna eða orkuflutninga um svæðið sem nauðsynlegt væri fyrir atvinnustarfsemi og þróun byggðar í landinu. Guðmundur Ingi Guðbrandsson, framkvæmdastjóri Landverndar, segir það skipta miklu máli að þjóðgarðurinn verði að veruleika sem ein heild en leggst gegn orkuflutningum í lofti um svæðið. „Það er alveg ljóst að við erum mótfallin orkuflutningi með háspennulínum í lofti á svæðinu. Einnig leggjumst við gegn stórum mannvirkjum á svæðinu eins og frekari virkjunum,“ segir Guðmundur Ingi.

Einnig er talað um að tryggja skuli óbeinan eignarrétt sem felst í veiði og beit búfjár innan þjóðgarðsins. Veiði á miðhálendinu hefur tíðkast um langt skeið sem og að bændur hafa sett á fjall sauðfé í miklum mæli síðustu árhundruð. Að mati Landverndar er það æskilegt með þeim fyrirvörum að það komi ekki niður á sjálfbærni svæðisins. „Hefðbundin landnýting er eðlileg. Hins vegar þarf að gæta að verndargildi svæða og að nýting sé sjálfbær. Þetta fyrirkomulag hefur að mestu gengið ágætlega innan Vatnajökulsþjóðgarðs og því ætti sama fyrirkomulag að geta gengið á þessu svæði. Ofbeit er hins vegar aldrei ásættanleg, hvorki á láglendi né hálendi.“

sveinn@frettabladid.is

FORD FOCUS

# BLACK FRIDAY EDITION

**400.000 kr. af listaverði!**
**+ VETRARDEKK FYLGJA**




**KOMDU STRAX Í DAG OG TRYGGÐU ÞÉR GLÆNÝJAN FORD FOCUS BLACK FRIDAY EDITION**

Staðalbúnaður Ford Focus er á pari við margan lúxusbílinn. Hann er með loftkælingu og upphitanlegri framrúðu, fékk fimm stjörnur í öryggisprófi EURO NCAP, er sítengdur með Bluetooth og búinn nýjustu tækni eins og íslensku leiðsögukerfi og átta tommu snertiskjá. Þú færð framúrskarandi þjónustu hjá Brimborg og við tökum allar gerðir bíla upp í nýjan Focus.

Þetta tilboð gildir aðeins föstudaginn 24. nóvember og laugardaginn 25. nóvember.
Miðað er við Ford Focus Trend Edition og Ford Focus ST-Line sem til eru á lager og afhendast fyrir næstu mánaðarmót.

OPIÐ TIL
**19.00 Í DAG**
**& 12-16 LAUGARDAG**
REYKJAVÍK OG AKUREYRI

**Komdu og tryggðu þér glænýjan**
**Ford Focus með 400.000 kr. afslætti!**

Ford

ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050


2

3

4

5

6

7

8

9

10

1

11

12

13

14

15

16

17

18

19

20

NORDICPHOTOS/GETTY

**1. Harvey Weinstein** kvikmyndaframleiðandi. Fleiri en 60 ásakanir um ýmist nauðgun eða kynferðislega áreitni. Honum var vikið úr starfi forstjóra framleiðslufyrirtækis síns, The Weinstein Company, í kjölfarið.

**2. Kevin Spacey** leikari. Fjölmargir ungir karlmenn hafa sakað leikarann um kynferðislega áreitni og óviðeigandi hegðun. Spacey var rekinn úr þáttunum House of Cards á Netflix.

**3. Ben Affleck** leikari hefur verið ásakaður af tveimur konum um kynferðislega áreitni.

**4. Oliver Stone** leikstjóri hefur verið ásakaður um kynferðislega áreitni árið 1990.

**5. James Toback** leikstjóri hefur verið ásakaður af fleiri en 200 konum um kynferðislega áreitni sl. 20 ár.

**6. Andy Dick** leikari hefur verið ásakaður af fjölda manns um kynferðislega áreitni.

**7. Jeremy Piven**, leikari í þáttunum Entourage, hefur verið sakaður um kynferðislega áreitni af þremur konum.

**8. Dustin Hoffman** leikari hefur verið sakaður um kynferðislega áreitni af tveimur konum, á níunda áratugnum.

**9. Brett Ratner**, kvikmyndagerðarmaður og framleiðandi sjónvarpsþáttanna Prison Break og kvikmynda eins og The Revenant og War Dogs, hefur verið sakaður um nauðgun og kynferðislega áreitni.

**10. Russell Simmons**, risi í hip-hopheiminum, hefur verið ásakaður um að hafa, ásamt Brett Ratner, nauðgað og áreitt tvær konur kynferðislega.

**11. Ed Westwick**, leikari úr þáttunum Gossip Girl, hefur verið sakaður um nauðgun af þremur konum.

**12. Jeffrey Tambor**, leikari úr þáttunum Arrested Development og Transparent, hefur verið sakaður um kynferðislega áreitni af tveimur konum og er óvíst hvort framleiðslu þáttanna Transparent verður haldið áfram.

**13. Steven Seagal** leikari. Að minnsta kosti þrjár konur, meðal annarra leikkonan Portia de Rossi, hafa sakað Steven Seagal um kynferðislega áreitni á 9. og 10. áratugnum.

**14. Louis C.K.**, leikari og grínisti. Fimm konur hafa sakað Louis um kynferðislega áreitni, meðal annars að hafa fróað sér fyrir framan þær. Atvikin eiga að hafa átt sér stað á fimmtán ára tímabili. Hætt var við dreifingu kvikmyndar hans I love you, Daddy og bæði Netflix og FX hafa hætt við framleiðslu þátta í samstarfi við hann.

**15. Andrew Kreisberg**, framleiðandi þáttanna The Arrow og Supergirl, hefur verið sakaður um kynferðislega áreitni af nærri tuttugu manns.

**16. Al Franken**, fyrrverandi grínisti en núverandi öldungadeildarþingmaður á bandaríska þinginu, hefur verið sakaður um kynferðislega áreitni.

**17. Mark Schwahn**, framleiðandi þáttanna One Tree Hill, hefur verið sakaður um kynferðislega áreitni af leikkonum þáttarins meðan á tökum stóð.

**18. Charlie Rose** fréttamaður. Átta konur hafa ásakað hann um kynferðislega áreitni og óviðeigandi kynferðislega hegðun í þeirra garð á löngu tímabili.

**19. John Lasseter**, einn stofnenda Pixar og leikstjóri Toy Story, fór sjálfur í sex mánaða leyfi á meðan mál hans er til rannsóknar hjá fyrirtækinu. Hann sendi frá sér afsökunarbeiðni eftir að hafa orðið uppvís að óviðeigandi hegðun, sérstaklega með faðmlögum.

**20. John Conyers**, öldungadeildarþingmaður Demókrata í Bandaríkjunum, hefur viðurkennt að hafa greitt fyrrverandi starfskonu sinni bætur, eftir að hún sakaði hann um kynferðislega áreitni árið 2015. Demókratar brugðust skjótt við og hófu rannsókn á málinu innan siðferðiseftirlitsnefndar flokksins.

# Kynferðisleg áreitni áhrifamanna í BNA



PHO VIETNAMESE

VIÐ SÉRHÆFUM OKKUR Í ASÍSKRI MATARGERÐ.

HOLLUR OG LJÚFFENGUR MATUR.

Vietnamese restaurant
Laugavegi 27 og
Suðurlandsbraut 8
sími: 588 6868

pho.is


**Síðan fréttir voru fyrst sagðar þann 5. október af kynferðislegri áreitni Harvey Weinstein hafa fjölmargar konur og karlar stigið fram í Bandaríkjunum og ásakað leikara, leikstjóra, tónlistarmenn, stjórnmálamenn og aðra áhrifamenn um kynferðislega áreitni, nauðgun og ýmsa óviðeigandi hegðun í sinn garð.**

Lovísa Arnardóttir
@lovisaa

Nýjustu ásakanirnar sem borist hafa snúa að fréttamanninum Charlie Rose sem um árabil stjórnaði einum vinsælasta spjallþætti í Bandaríkjunum. Hann hefur síðastliðin ár unnið fyrir CBS sem bæði gestastjórnandi hjá 60 mínútum og þáttarstjórnandi í morgunþættinum CBS This Morning. Honum hefur verið vísað ótímabundið úr starfi í kjölfar ásakananna, sem spanna langt tímabil.

Einnig bárust fréttir í vikunni um að John Lasseter, einn stofnenda Pixar og leikstjóri Toy Story, hefði sjálfur ákveðið að fara í sex mánaða leyfi á meðan mál hans er til rannsóknar hjá Disney. Hann sendi frá sér afsökunarbeiðni eftir að hafa orðið uppvís að óviðeigandi hegðun, sérstaklega með óvelkomnum faðmlögum.

Slíkar ásakanir hafa orðið til þess að framleiðslu fjölmargra sjónvarpsþátta og kvikmynda hefur verið hætt. Að sama skapi var leikaranum Kevin Spacey skipt út fyrir leikarann Christopher Plummer í nýjustu kvikmynd Ridleys Scott, All the Money in the World.

Áhrifa byltingarinnar sem á sér stað í skemmtanabransanum í Bandaríkjunum gætir einnig innan stjórnmálanna í Bandaríkjunum og hafa að minnsta kosti tveir öldungadeildarþingmenn verið nefndir til sögunnar. Annar þeirra er John Conyers, öldungadeildarþingmaður Demókrata í Bandaríkjunum til margra ára, sem viðurkennt hefur að hafa greitt fyrrverandi starfskonu sinni bætur eftir að hún sakaði hann um kynferðislega áreitni árið 2015. Demókratar brugðust skjótt við og hafa nú hafið rannsókn á málinu innan siðferðiseftirlitsnefndar flokksins.

## Fleiri áhrifamenn

Fleiri áhrifamenn sem sakaðir hafa verið um slíkt athæfi eru t.d.

- Glenn Trush
- Terry Richardson
- Casey Affleck
- Andy Signore
- Roy Price
- Jeff Hoover
- Roy Moore
- Eddie Berganza

**PERLAN** EFTIR **BIRNU ÖNNU BJÖRNSDÓTTUR**

# „ÓTRÚLEGA SKEMMTILEG!“

Björg Magnúsdóttir, Rás 2




Sagan um Perlu Sveinsdóttur, sem eitt sinn var aðalgellan í bænum, er meinfyndin samtíðarsaga um ímyndir og yfirborð, heilindi og svik, frægð og fall og hlutgervingu kvenna í nútímasamfélagi.



LEIFTRANDI FJÖRUG SKÁLDSAGA EFTIR EINN AF HÖFUNDUM DÍSAR

---

**MÓÐURLÍFIÐ, BLÖNDUÐ TÆKNI** EFTIR **YRSU ÞÖLL GYLFADÓTTUR**




# ÞARF ALLTAF AÐ SEGJA SATT?

Umdeild listakona sem yfirgaf börn sín fyrir listina dó áður en sættir tókust. Þegar yfirlitssýning á verkum hennar er fyrirhuguð lendir dóttir hennar í vanda. Á einkalíf listamanns erindi við aðra? Spennandi og áhrifamikil skáldsaga um skyldur foreldra við börn, um erfingja og ábyrgð þeirra – og hvað frjálsleg umgengni við sannleikann getur haft í för með sér.

*„Óvenjuleg saga úr íslenskum hversdegi sem erfitt er að leggja frá sér, í senn klár, sérstök og skemmtileg – og full af djúpum og áhugaverðum vangaveltum um sjálfsmyndir og þau hlutverk sem okkur er úthlutað.“*

Bryndís Björgvinsdóttir, rithöfundur

BJARTUR



Þessir framúrskarandi ballettdansarar voru á miðri æfingu þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði. Ekki að undra, enda var stutt í stóru stundina. Alls verða fjórar sýningar í Hörpu, tvær í Hofi.

# Þyrnirós æfð í Hörpu

Sankti Pétursborgarballettinn sýndi dansverkið Þyrnirós við undirleik Sinfóníuhljómsveitar Íslands í gær. Ballettinn hefur sýnt hér fimm ár í röð.

Vilhelm Gunnarsson
ljósmyndari











# nettó

# BLACK FRIDAY
24. - 26. NÓV.




**HANGIFRAMPARTUR**
KJÖTSEL
**1.959 KR/KG**
ÁÐUR: ~~2.798 KR/KG~~
-30%




-40%
**KJÚKLINGUR 1/2**
MARINERAÐUR 450 GR.
**299 KR/STK**
ÁÐUR: ~~498 KR/STK~~



**LAMBALÆRI**
LANGT. SAGAÐ.
**1.199 KR/KG**
ÁÐUR: ~~1.598 KR/KG~~
-25%

OpalSeafood



**REYKTUR LAX** 1/2 FLAK JÓLA
**GRAFLAX** 1/2 FLAK
**2.669 KR/KG**
ÁÐUR: ~~4.449 KR/KG~~
-40%

-50%



**KLEMENTÍNUR**
**179 KR/KG**
ÁÐUR: ~~358 KR/KG~~

VERÐ SPRENGJA!

ÓDÝRT Í nettó






-40%

**BLÁBER 250 GR.**
**MANGO 300 GR**
**ANANAS 350 GR**
NICE'N EASY
**179 KR/PK**
ÁÐUR: ~~299 KR/PK~~




**JARÐABER**
**350 GR.FROSIN**
NICE'N EASY
**179 KR/PK**
ÁÐUR: ~~249 KR/PK~~

**KARTÖFLUR**
2 KG. NETTÓ.
**259 KR/PK**
ÁÐUR: ~~399 KR/PK~~
-35%




-25%
**PLAYMO**
EINKAÞOTA
**3.749 KR/PK**
ÁÐUR: ~~4.998 KR/PK~~




-25%
**PLAYMO**
SKÓLASTOFA
**2.249 KR/PK**
ÁÐUR: ~~2.998 KR/PK~~





TAKMARKAÐ MAGN 120 STK

**KITCHEN AID RAUÐ**
ARTISAN 125 300W
**59.990 KR/STK**
ÁÐUR: ~~84.990 KR/STK~~

**KITCHEN AID SVÖRT**
ARTISAN 125 300W
**59.990 KR/STK**
ÁÐUR: ~~84.990 KR/STK~~




-43%
**PIZZA TRADIZIONALE**
SALAME 390 GR.
**398 KR/STK**
ÁÐUR: ~~699 KR/STK~~

**Tilboðin gilda 24. - 26. nóvember 2017 www.netto.is**
**Tilboðin gilda meðan birgðir endast** Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.
Búðakór • Grandi • Mjódd • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Iðavellir • Grindavík • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss

# SVARTUR FÖSTUDAGUR

# GERÐU FRÁBÆR KAUP

## ALLAR FERÐATÖSKUR



**40% afsláttur**

## ÖLL HNATTLÍKÖN



**40% afsláttur**

## ÖLL TÍMARIT




**30% afsláttur**




**TILBOÐSVERÐ:**

**2.999-**

Verð:
4.999.-

Spectre dróni



**45% afsláttur**

**Heyrnartól Spectrum**
TILBOÐSVERÐ: 2.749.-
Verð: 4.999.-

# ALLT FRÁ LEITZ COMPLETE



**45% afsláttur**

**Þráðlaus bluetooth hátalari með hljóðnema**
TILBOÐSVERÐ: 5.499.-
Verð: 9.999.-




**40% afsláttur**

**Gatið**
TILBOÐSVERÐ: 4.199.-
Verð: 6.999.-




**40% afsláttur**

**Refurinn**
TILBOÐSVERÐ: 3.899.-
Verð: 6.499.-

# ALLAR ERLENDAR MATREIÐSLUBÆKUR




**40% afsláttur**




**40% afsláttur**

**Bjórbókin & Vínbókin (saman í pakka)**
TILBOÐSVERÐ: 3.599.-
Verð: 5.999.-




**40% afsláttur**

**Saga Ástu**
TILBOÐSVERÐ: 4.199.-
Verð: 6.999.-




**40% afsláttur**

**Ripley's ótrúlegt en satt!**
TILBOÐSVERÐ: 3.899.-
Verð: 5.999.-




**40% afsláttur**

**Útkall - Reiðarslag í Eyjum**
TILBOÐSVERÐ: 4.199.-
Verð: 6.999.-


Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboða er 24. nóvember, eða meðan birgðir endast. Tilboð á erlendum matreiðslubókum er út 26. nóv. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.
















Charles Manson er látinn. Hans verður ekki minnst með hlýhug enda hataður í heimalandinu. NORDICPHOTOS/AFP

# Morðinginn alræmdi sem drap aldrei neinn

**Hinn alræmdi og hataði Charles Manson er látinn. Orðspor hans er goðsagnakennt og honum hefur ítrekað verið líkt við djöfulinn sjálfan. Erfitt er að skilgreina glæpi Mansons þar sem ekki er hægt að kalla hann raðeða fjöldamorðingja eins og þó hefur ítrekað verið gert.**


Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is




Charles Manson, einn alræmdasti glæpamaður í sögu Bandaríkjanna, er látinn. Maðurinn sem sótti tólf sinnum um reynslulausn, án árangurs, eftir að hafa verið dæmdur til dauða, síðan í lífstíðarfangelsi eftir afnám dauðarefsinga í Kaliforníu, mun því ekki sækja um reynslulausn á ný.

Glæpum Mansons hafa verið gerð afar góð skil í gríðarlegum fjölda frétta, fréttaskýringa, greina, heimildarmynda, bóka og jafnvel í afþreyingarefni. Þannig hefur það í ótal skipti verið rakið að Manson fékk til liðs við sig áhrifagjarnt ungt fólk og innlimaði í hina svokölluðu Manson-fjölskyldu til að stuðla að heimsendastríði kynþáttanna sem hann nefndi Helter Skelter eftir lagi Bítlanna.

Manson trúði því staðfastlega að kynþáttastríð væri óumflýjanlegt og vildi hann stíga upp úr öskunni sem leiðtogi nýs samfélags eftir stríðið. Hann reyndi því að flýta stríðinu með því að fá „fjölskyldu“ sína til þess að myrða níu manns, meðal annars leikkonuna Sharon Tate.

## Djöfulleg nærvera

Glæpir Mansons og eðli þeirra urðu til þess að skapa honum einkennilegt orðspor, jafnvel goðsagnakennt, í Bandaríkjunum. Þetta sást greinilega á fréttum um andlát hans og veikindi. „Djöfulleg nærvera“ sagði í frétt AP. „Lifandi holdgervingur illsku“ sagði í sömu frétt, stuttu áður en hann lést. „Ein viðurstyggilegasta en jafnframt áhugaverðasta manneskja bandarískrar menningar“ skrifaði blaðamaður Rolling Stone.

Bandarískir fjölmiðlar, sem og fjölmiðlar annarra landa sem hafa fjallað um þennan „holdgerving illsku“, eru þó ósamstiga um hvernig beri að lýsa Manson með tilliti til glæpa hans. Sumir miðlar kalla hann einfaldlega morðingja, raðmorðingja eða fjöldamorðingja á meðan aðrir skrifa um „heilann á bak við morð sem skóku Kaliforníu“.

Ekki er að undra mismuninn. Þótt Manson hafi vissulega verið sakfelldur fyrir morðin á sjö einstaklingum drap hann engan sjálfur, að minnsta kosti ekki svo vitað sé. Um þennan mismun fjallaði Scott Bonn, prófessor í afbrotafræði við Drew-háskóla í Bandaríkjunum, í grein sinni í Psychology Today í mars 2014.

## Langlífur misskilningur

„Hinn djöfullegi Manson er oft ranglega kallaður raðmorðingi. Það er ekki rétt lýsing á glæpum hans. Samkvæmt alríkislögreglunni eru raðmorð „dráp á tveimur eða fleiri einstaklingum, framin af sama einstaklingi, í aðskildum tilfellum“. Þau einkennast jafnframt af andlegu kælingarferli milli morða,“ skrifaði Bonn.

> **Manson reyndi að flýta kynþáttastríði með því að fá „fjölskyldu“ sína til að myrða níu einstaklinga.**

Hélt hann því jafnframt fram að þetta kælingarferli væri einna mikilvægast þegar kæmi að því að skilgreina raðmorðingja. Vegna þessa sé ekki hægt að skilgreina Manson sem raðmorðingja þar sem hann myrti ekki fórnarlömbin sjálfur og voru þau öll myrt á tveimur dögum.

„En ef hann er ekki raðmorðingi, hvað er Manson þá?“ spyr Bonn í grein sinni áður en hann ber glæpi Manson-fjölskyldunnar saman við æðismorð. Slík morð hefur alríkislögreglan skilgreint sem dráp tveggja eða fleiri fórnarlamba en ólíkt fjöldamorðum eru þau ekki bundin við eina staðsetningu. Þá er þetta svokallaða andlega kælingarferli ekki hluti af skilgreiningunni.

„Charles Manson var dæmdur fyrir sjö morð. Þetta er þrátt fyrir að hann hafi sjálfur aldrei drepið neinn. Hann bað fylgjendur sína um að myrða fyrir sig. Þetta er kallað leppmorð en það er skilgreint sem morð þar sem morðinginn sjálfur vinnur ódæðisverkið fyrir einhvern annan,“ skrifaði Bonn.

Ef til vill er þessi skilgreining á Manson, sú að hann sé leppmorðingi og fylgjendur hans æðismorðingjar, mun nær lagi en að kalla hann rað- eða fjöldamorðingja.



BLACK FRIDAY
TILBOÐ
Tíu fyrstu NOTTING HILL sófarnir verða seldir á kr. 100.000
Full búð af flottum tilboðum!
NOTTING HILL sófi
Verð áður kr. 179.900
20% AFSLÁTTUR · JÓLAVÖRUR · 20%
CELTI stóll
Verð áður stk. kr. 9.990
Tveir saman á kr. 8.000
AOMORI sófaborð
Verð áður kr. 25.900
Verð nú kr. 15.000
ADELINE snyrtiborð
Verð áður kr. 79.900
Verð nú kr. 49.900
50% AFSLÁTTUR · 50% AFSLÁTTUR · 50%
ZWETTL glerskápur
Verð áður kr. 149.900
Verð nú kr. 50.000
Gildir 24. – 29. nóvember
Gildir ekki með öðrum tilboðum.
the PIER
Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880 • Selfossi 522 7890



**Nýkomnir til Jórdaníu frá Sýrlandi, þar sem fjölskyldan hafði hent niður tjaldi í útjaðri borgarinnar Al Mafraq, steinsnar frá yfirfullum Zaatari-flóttamannabúðunum.**

# Svartur skuggi stríðs

Páll Stefánsson ljósmyndari segir frá heimsókn sinni til Jórdaníu í máli og myndum. Páll heimsótti meðal annars bæinn Jerash og Zaatari-flóttamannabúðirnar sem eru í útjaðri bæjarins Al Mafraq. Búðirnar eru þær stærstu í Jórdaníu. Páll lýsir veruleika fólks sem hefur upplifað miklar hremmingar og flesta langar að snúa aftur til Sýrlands.

Páll Stefánsson ljósmyndari

Ég viðurkenni það fúslega, það er ekki létt að vera grýttur. Og alls ekki af sex ára reykjandi strák klukkan hálf átta um morgun. Dagurinn sem hafði byrjað svo undur fallega í bænum Jerash, rétt sunnan við sýrlensku landamærin, Jórdaníumegin, með bænaköllum í fallegri sólarupprásinni, rúmum hálftíma fyrr.

Kvöldið áður hafði ég hitt á sama stað sýrlenska flóttamenn, í þremur tjöldum, á þessari rykugu malarlóð í útjaðri bæjarins, flóttamenn sem voru nýkomnir yfir, eftir að hafa lifað af sýrlenska borgarastríðið í sex löng og mögur ár. Nú var þeim nóg boðið og þeir höfðu gefist upp. Komnir hingað í frið.

Morguninn eftir voru tjöldin orðin átta eða níu. Og sex ára skítugi drengurinn sem grýtti mig hafði komið hingað í gegnum nóttina í friðinn. Hann sem þekkti ekkert annað en stríð og mannvonsku. Hann fæddist inn í stríð og hatur. Borgarastríðið í Sýrlandi er jafnaldri hans, sex ára.

Þó að opinber tala Flóttamannahjálpar Sameinuðu þjóðanna segi að milljón sýrlenskra flóttamanna dvelji nú í Jórdaníu er sú tala langt frá því að vera rétt. Heimamenn sögðu mér að talan væri miklu miklu hærri. Nær lagi væri að tala um tvær milljónir Sýrlendinga í landinu. Svipaður fjöldi og palestínskir flóttamenn, en þeir eru rétt yfir tvær milljónir, og hafa átt hér samastað og skjól frá því Ísraelsríki var stofnað árið 1948. Palestínumennirnir eru hluti af þeim 9,5 milljónum sem búa í Jórdaníu í dag, en ekki Sýrlendingarnir. Enda nýkomnir.

Hímandi í skjóli undir stóru tré ekki langt frá heyrði ég hlátrasköll óma úr fjarlægð frá barnaskaranum sem hafði rekið mig á flótta. Þau ánægð með þennan sigur í fyrstu orustu dagsins. Ég hugsi.

Í fjögur ár hef ég komið á þessar slóðir, hitt og mætt fólki á flótta. Tekið á móti sýrlenskum flóttamönnum sem koma á skektum út úr köldu myrkrinu yfir hafið til Lesbos og Kos frá Tyrklandi. Verið í flóttamannabúðum við landamæri Sýrlands, Tyrklandsmegin, Líbanonmegin og bara tveimur dögum áður við Zaatari-búðirnar í útjaðri bæjarins Al Mafraq, þær stærstu í Jórdaníu, og aldrei mætt öðru en æðruleysi, vinsemd og friði.

Hvað hafði breyst? Ekkert. Ekkert nema að þetta fólk, þessir flóttamenn í Jerash, voru að koma fyrst núna yfir til Jórdaníu, miklu seinna en meginstraumurinn sem flúði Sýrland fyrir þremur, fjórum, jafnvel fimm árum.

Þetta fólk, þessar fjölskyldur nýkomnar yfir, höfðu upplifað miklu meiri hremmingar og enn ljótara stríð. Síðustu misserin hafa verið svo miklu grimmari fyrir ➡



**Ein af fimm systkinum, nýkomin frá Sýrlandi. Á tjaldstæði í bænum Jerash.**



**Þrjú ár í Zaatari-búðunum fara með mann. Selur ávexti til að drepa tímann.**

# BLACK
## ALVÖRU VERKFÆRI
# FRIDAY

OPIÐ FRÁ 07:00 TIL 20:00

*ALLAR VÖRUR 20% afsláttur

*FJÖLDI BLACK FRIDAY TILBOÐA ÁSAMT ÖÐRUM VÖRUM Á 20% AFSLÆTTI.

VELTISÖG 250 MM



BLACK FRIDAY 79.900
Fullt verð 105.757

25 stk

HLEÐSLUSETT ÞRJÁR VÉLAR



BLACK FRIDAY 79.900
Fullt verð 105.900

40 stk



PRO PLUS SERIA

320 verkfæri

7 SKÚFFUR

TOPTUL®

125 stk



BLACK FRIDAY
128.835
Fullt verð 207.416

*20% afsláttur gildir ekki á black friday tilboðum né öðrum verkfæraskápum

www.sindri.is / sími 575 0000
Viðarhöfða 6 - Reykjavík I Skútuvogi 1 - Reykjavík I Bæjarhrauni 12 - Hafnarfjörður

SINDRI



Tugir þúsunda barna hafast við í Zaatari-flóttamannabúðunum.



Leikvöllur flóttamannabarnanna í útjaðri Jerash.



Fyrsti staðurinn til að henda niður tjaldi í útjaðri Al Mafraq eftir að hafa komið yfir frá Sýrlandi sólarhring áður.



Þreyttur eftir næturlangan bíltúr með fjölskylduna frá Sýrlandi.

**SAMT ER ÞETTA AUÐVITAÐ SAMFÉLAG ÁN FRAMTÍÐAR. OG FYRIR UTAN GIRÐINGUNA STANDA KYRRLÁTIR EYÐIMERKURGULIR SKRIÐDREKAR JÓRDANSKA HERSINS.**



Það eina sem þessi Sýrlendingur sem ég hitti í hliðargötu í Al Mafraq þráði var að komast aftur heim til Sýrlands.

➡fólkið í Sýrlandi en árin þar á undan. Ekki bara náði ISIS um tíma þriðjungi landsins á sitt vald, heldur hefur rússneski flugherinn verið iðinn við að jafna borgir og hverfi uppreisnarmanna við jörðu. Það er ekki nema von að fólk missi vitið og vonina. Að börn nái ekki þroska, að mannvonskan fái að vaxa óáreitt, að engum sé treyst, við það að alast upp í skugga stríðs í stríði.

Seinna um daginn, í mjúkri síðdegissólinni, kom ég þó aftur. Náði þá sambandi, náði myndum. Þarna á mölinni voru menn að dytta að druslum, börnin að leika sér í heimagerðri rólu, konur að hita te. Verið að setja upp enn eitt tjaldið. Þegar druslan, 40 ára gamall Volvo 240, væri komin í lag var planið að halda áfram suður til Amman, vonandi snemma í fyrramálið, ekki til að skrásetja bílinn eða sig sem flóttamann, heldur til að snapa vinnu, eiga fyrir mat og bensíni. Bíða þangað til stríðinu ljúki, og fara þá aftur heim. Heim til Sýrlands.

Skólaganga var afgangsstærð, öðruvísi en hjá þeim tugum þúsunda sem dvöldu norðar og austar í Zaatari-flóttamannabúðunum. Hátt í hundrað þúsund manna tjaldbyggð, sem Rauði krossinn og Flóttamannahjálp Sameinuðu Þjóðanna slógu upp. Girtum griðastað, tjaldbúðum fyrir flóttamenn. Þarna er heilbrigðisþjónusta, skólar, sjoppur, samtíningur til þess að búa til bærilegt samfélag, með rakara, okurlánara og sokkasölumann á næsta horni. Samt er þetta auðvitað samfélag án framtíðar. Og fyrir utan girðinguna standa kyrrlátir eyðimerkurgulir skriðdrekar jórdanska hersins, með byssunni miðað beint upp í himininn, að tunglinu, til að minna tjaldbúana á að þeir eru bara gestir hérna í stutta stund á hótel jörð.

Morguninn eftir voru bara tvö tjöld á lóðinni í Jerash. Sá sex ára var farinn, örugglega með fulla vasa af grjóti

bauhaus.is

# BAUHAUS

Svartasti dagur ársins er í dag
Við opnum klukkan 07:00!
Ótrúleg tilboð allan daginn
á miklum fjölda vara.

**Black friday**

## Morgunhanatilboð frá
## 07:00-10:00

VERÐSPRENGJA




JOTUN
Lady veggmálning 10,
4,5 l
Slitsterk akrýlmálning.
Hægt að blanda. Gljástig 10.
Fullt verð: 9.995.-

**4.995.-**

## Gildir allan daginn
## 07:00-19:00




**30%**
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM RAFMAGNS-
VERKFÆRUM FRÁ
GRÆNUM BOSCH
MIÐAÐ VIÐ FULLT VERÐ

## Síðdegistilboð frá
## 13:00-16:00

VERÐSPRENGJA



weber
weber 2200 gasgrill
Fullt verð: 39.995.-

**34.995.-**

**Black friday**

# Allt úrskeiðis



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Stundum er sagt að allt sem geti farið úrskeiðis geri það, fyrr eða síðar. Í tilfelli United Silicon tók það þrjú ár. Þegar fyrsta skóflustungan var tekin að verksmiðjunni í Helguvík í ágúst 2014 stóð til að reisa þar stærstu kísilverksmiðju í heimi. Aðeins þremur árum síðar óskaði stjórn fyrirtækisins hins vegar eftir greiðslustöðvun. Slökkt hefur verið á ofni kísilversins og framleiðsla legið niðri um langt skeið. Takist ekki að fá aðkomu nýrra fjárfesta, sem munu þurfa að leggja til milljarða til að fullklára verksmiðjuna, er ekki útilokað að félagið verði sett í þrot í byrjun næsta mánaðar.

Kostnaður vegna reksturs óstarfhæfrar verksmiðju hefur að jafnaði numið um 200 milljónum króna í hverjum mánuði. Það er Arion banki, stærsti hluthafi félagsins, sem hefur þurft að taka það að sér að ábyrgjast reksturinn á greiðslustöðvunartímanum og stendur því undir öllum þeim kostnaði. Bankinn hefur þegar orðið fyrir gríðarlegum fjárhagskostnaði og þurft að færa niður eignir og lán sem tengjast United Silicon að fjárhæð 4,8 milljarðar. Útistandandi skuldbinding bankans gagnvart félaginu í dag nemur um 5,4 milljörðum. Óhætt er að segja að Arion banki hafi verið alltumlykjandi við að fjármagna verksmiðjuna. Hann hefur verið hluthafi, lánveitandi og ráðgjafi félagsins við fjármögnun fyrirtækisins. Þá komu þrír lífeyrissjóðir í stýringu bankans einnig að því að fjármagna kísilverið. Hafa sjóðirnir þurft að afskrifa samanlagt meira en milljarð króna vegna þeirrar fjárfestingar. Bankinn hefur sagt að sú greiningarvinna sem unnin var og lá til grundvallar ákvörðun um að lána samtals átta milljarða til kísilversins hafi „í öllum aðalatriðum verið góð“.

Ekki skal um það efast að stjórnendur og starfsmenn Arion banka hafi reynt að vanda sem mest til verka við undirbúning þessa verkefnis. Margt af því sem upp hefur komið í tengslum við erfiðleika kísilversins var ófyrirséð. Annað hefði aftur á móti ekki átt að koma bankanum jafn mikið á óvart. Það má setja við það spurningarmerki af hverju hann var viljugur til að efna til viðskipta við mann, þar sem margir milljarðar voru undir, sem vitað var að ætti að baki afar vafasama viðskiptasögu. Þannig voru sagðar fréttir af því í dönskum miðlum 2009 að Magnús Garðarsson, forsprakki verkefnisins, hefði sem verkfræðingur ráðgjafarfyrirtækisins COWI brotið samkeppnislög með því að misnota nafn og reikninga vinnuveitanda síns. Var hann þvingaður til að segja upp störfum vegna þessara ásakana. Þá kom í ljós í ársbyrjun 2015 að Magnús, sem þá var stjórnarformaður United Silicon, hefði tveimur árum áður falsað minnisblað sem skilað var til Umhverfisstofnunar um loftmengun kísilverksmiðjunnar. Sú vitneskja hefði átt að vekja bankann til umhugsunar að þeim tímapunkti um hvort rétt væri að halda áfram með verkefnið óbreytt.

**Sú vitneskja hefði átt að vekja bankann til umhugsunar á þeim tímapunkti um hvort rétt væri að halda áfram með verkefnið.**

Oft er látið að því að liggja að bankar séu eins og peningavél sem skili ávallt gríðarmiklum hagnaði. Svo er auðvitað ekki. Bankarekstur er í eðli sínu áhættusamur enda er það beinlínis hlutverk fjármálastofnana að taka áhættu með viðskiptavinum sínum. Sem betur standa íslensku bankarnir traustum fótum og geta því tekið á sig talsvert fjárhagslegt högg eins og Arion banki hefur þurft að gera vegna United Silicon. Sú sorgarsaga ætti hins vegar að vera áminning um mikilvægi þess að íslenska ríkið, sem er með um 70 prósent af bankakerfinu í fanginu, hefjist sem fyrst handa við að losa um eignarhluti sína í bönkunum. Vonandi verður það eitt af fyrstu verkefnum nýrrar ríkisstjórnar.




## Halldór




## Frá degi til dags

**Vintris og miðjumaðurinn**
**Fyrir um það bil einu og hálfu ári varð uppi fótur og fit í íslensku samfélagi vegna aflandsfélagsins Wintris, sem er í eigu eiginkonu þáverandi forsætisráðherra. Félagið kom svo aftur til umræðu í aðdraganda síðustu alþingiskosninga. Eftir það hefur lítið verið rætt um félagið. Hið sama verður ekki sagt um snyrtistofuna Vintris í Fákafeni, sem býður brasilískt súkkulaðivax á tilboðsverði þessa dagana. Það er spurning hvort Sigmundur Davíð Gunnlaugsson og pólitískir skoðanabræður hans fari ekki þangað í stríðum straumum þessa dagana. Það hljóta auðvitað allir að vilja hafa miðjumanninn vel snyrtan.**

**Umvandanirnar**
**Ragnar Önundarson viðskiptafræðingur skrifaði kjánalega færslu um Áslaugu Örnu Sigurbjörnsdóttur alþingismann eftir að umræða hafði farið fram í sjónvarpinu um stöðu kvenna í pólitík. Fletti Ragnar upp fésbókarmynd af Áslaugu, lýsti hneykslan sinni og fékk vægast sagt bágt fyrir. Ragnar hefði getað látið þar við sitja en taldi frekar betri hugmynd að halda áfram að moka sig ofan í holu, með nýrri færslu á Facebook í gær þar sem hann sakar Áslaugu um dómgreindarbrest. Það er greinilega mjög misjafnt hversu vel mönnum líkar að hafa storminn í fangið.** jonhakon@frettabladid.is

# Áreitni og ofbeldi upp á yfirborðið



Elín Björg Jónsdóttir
formaður BSRB

Þó það geti verið erfitt að hlusta á og lesa frásagnir af kynferðislegri áreitni og ofbeldi á vinnustöðum er jákvætt að nú séu þessi mál loksins að komast upp á yfirborðið. Þolendur hafa rofið þögnina og munu vonandi halda því áfram.

BSRB og önnur heildarsamtök launafólks sendu á miðvikudag frá sér sameiginlega yfirlýsingu þar sem hvatt er til aðgerða. Við verðum sem samfélag að senda skýr skilaboð. Fórnarlömbin verða að vita að þau fái stuðning og úrlausn sinna mála. Gerendur þurfa að vita að þeirra hegðun verður ekki liðin.

Þar leika stjórnvöld lykilhlutverk. Lög og reglur um skyldur launagreiðenda eru skýr en það þarf að framfylgja þeim. Við köllum eftir því að eftirlit verði haft með því að atvinnurekendur fari eftir nýlegri reglugerð sem skýrir þær kröfur sem gerðar eru til þeirra þegar kemur að kynferðislegri áreitni og ofbeldi á vinnustöðum. Efla þarf Vinnueftirlitið svo það hafi bolmagn til að heimsækja vinnustaði til að tryggja að þar séu til staðar verkferlar sem starfsfólk þekkir og yfirmenn fara eftir.

Stjórnendur þurfa að taka upp samtalið við sitt starfsfólk og gera því ljóst hvar mörkin liggja, hvað má og hvað má ekki. Starfsmenn þurfa að hafa vissu fyrir því að unnið verði úr umkvörtunum þeirra þegar þeir stíga fram og að málum verði ekki sópað undir teppið eða þau hafi neikvæð áhrif á störf þeirra eða starfsframa. Það að stíga fram á að vera jafn eðlilegt og að óska eftir hlífðarfatnaði á vinnustað. Öll vinnuvernd miðar að því að tryggja að allir séu öruggir og líði vel.

**Stjórnendur þurfa að taka upp samtalið við sitt starfsfólk og gera því ljóst hvar mörkin liggja, hvað má og hvað má ekki.**

Stéttarfélögin hafa unnið ötullega í þessum málaflokki en þar verðum við augljóslega að gera betur. Við höfum veitt konum og körlum sem orðið hafa fyrir áreitni ráðgjöf, veitt fræðslu, gefið út bæklinga og fræðsluefni og notað net trúnaðarmanna til að auka þekkingu. Við verðum að halda þessari vinnu áfram og einsetjum okkur að gera það. Kynferðisleg áreitni og ofbeldi á vinnustöðum er óásættanleg og óþolandi hegðun sem verður ekki liðin.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kjartan Hreinn Njálssson *kjaranh@frettabladid.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Til Simpson-kynslóðarinnar


Í DAG



Bergur Ebbi


Víkjum sögunni að tímanum áður en internetið varð hluti af lífi okkar. Tímanum sem var, líkt og nútíminn, einnig uppfullur af tilgangslausum hneykslismálum og firringu. Ég vil víkja til áranna upp úr 1990. Ég var um það bil tíu ára gamall þegar Simpson-fjölskyldan fór í loftið á RÚV. Ég kunni varla ensku og skildi fáar tilvísanir í dægurmenningu, sem þættirnir voru svo ríkir af. En með hjálp íslenska textans og þolinmæði varð Simpson-fjölskyldan fljótlega ríkur þáttur af lífi mínu. Ég geng svo langt að tilnefna Simpson-fjölskylduna sem siðferðislegan áttavita minnar kynslóðar.

Þetta eru stór orð, en ég held að það sé margt til í þeim. Simpson-fjölskyldan kenndi mér meira um samfélagslegt siðferði en fermingarfræðslan. Ég lærði meira um spillingu innan stjórnmála, valdagræðgi og hagsmunavörslu af Simpson-fjölskyldunni en af nokkrum fréttaskýringarþætti eða samfélagskúrs í skóla. Það eru varla ýkjur að segja að Simpson-fjölskyldan hafi innprentað í mig, og jafnaldra mína, varanlega efahyggju gagnvart kapítalísku samfélagi og öfgum þess. Simpson-fjölskyldan, með sinni stöðugu og jöfnu gagnrýni á neysluhyggju, menningu frægs fólksins, stríðsrekstur, valdníðslu og önnur samfélagsmein, hefur alla tíð síðan verið lykill minn til að skilja samfélagið sem ég bý í. Fyrir allt sem aflaga fer í samfélaginu, og ekki síst okkar litla samfélagi hér á Íslandi, er hægt að finna litla dæmisögu úr Simpson-fjölskyldunni þar sem tekið var á sambærilegu máli. Í Simpson-fjölskyldunni var allt tekið fyrir: skyndilausnir stjórnmálamanna, reiður múgurinn, jójó-æði, ofríki heimskra hvítra karlmanna, óskilvirkni embættismannakerfisins, syndir feðranna, umhverfismál, kynferðismál og jafnvel mál sem varða stöðu kynþátta og uppruna.

En hér skulum við staldra aðeins við.

Hvar stóð Simpsons þegar kom að réttindum minnihlutahópa? Getur verið að víðsýnir og menntaðir handritshöfundar þáttanna hafi kannski ekki alltaf verið umburðarlyndir gagnvart fjölmenningarsamfélaginu? Ég spyr því að nú hefur brotist fram rödd ungs uppistandara sem nefnist Hari Kondabolu, sem er Ameríkani af suðurasískum ættum. Hefur hann, ásamt mörgum öðrum, lengi gert það að umtalsefni sínu að Apu, indverski okurbúðaeigandinn í Simpsons sem talsettur er af hinum hvíta Hank Azaria, sé illa gerð staðalímynd sem geri lítið úr fólki af indverskum uppruna. Um endanlegt réttmæti þeirrar gagnrýni verður ekki fullyrt hér, en það sem er kannski merkilegast er sú staðreynd að gagnrýnin virðist hafa verið hundsuð árum saman þar til nú að hún fær loks að brjótast fram, meðal annars vegna nýrrar heimildarmyndar Konabolu, sem nefnist The Problem With Apu, sem margir af stærstu fjölmiðlum Bandaríkjanna hafa fjallað um – og gerist það á svipuðum tíma og afhjúpanir um vafasamt siðferði ráðandi afla í amerískum afþreyingariðnaði gossa fram á samfélagsmiðlum. Þegar litið er á málið í gegnum þægindi baksýnisspegilsins verður manni eiginlega að þykja það furðulegt að hinn indverski Apu hafi fengið að særa indverska innflytjendur óáreittur í næstum þrjátíu ár. En umfram allt hefur þetta fengið mig til að líta í eigin barm því sjálfur hafði ég aldrei leitt hugann að því hvort Apu væri særandi staðalímynd, fyrr en Hari Kondabolu benti mér á það. Ég hef treyst Simpsons of mikið.

Og hér er ég loksins kominn að punktinum sem þessum pistli er ætlað að miðla. Kreddur og staðnaðar hugmyndir geta leynst víðar en í árþúsunda gömlum ritningum. Mér sýnist að málum sé frekar þannig háttað að öllum

> **Ég geng svo langt að tilnefna Simpson-fjölskylduna sem siðferðislegan áttavita minnar kynslóðar.**

þeim öflum, sem ná að vera leiðandi fyrir siðferði síns tíma, getur reynst erfitt að sjá eigin misgjörðir. Vegna þess hve kaldhæðnir, snjallir og kýla-stingandi aðstandendur Simpson-þáttanna voru, þeim mun erfiðara hefur þeim reynst að líta í eigin barm og losa sig við Apu, sem í næstum þrjátíu ár hefur böggað minnihlutahópa í Bandaríkjunum og víðar. Ég dreg þann lærdóm af þessu að ekkert er yfir gagnrýni hafið. Hvorki Biblían, Simpsons, Southpark né myllumerki nútímans. Það gleymist oft að flestu því sem boðar siðferði er einnig ætlað að hafa skemmtanagildi, og stundum vefjast þessir hlutir hvor fyrir öðrum. Við Simpson-kynslóðina vil ég því aðeins segja: Við fengum gott uppeldi, en það var ekki fullkomið. Sama hversu kaldhæðinn, snjall eða gagnrýninn maður er á aðra, þá er það frumskylda allra sem vilja boða góða siði að líta í eigin barm.




# Fituhlunkurinn í fráveitunni



**Íris Þórarinsdóttir**
tæknistjóri fráveitu Veitna

Einhvers staðar á höfuðborgarsvæðinu þrífur heimilisfaðir steikarpönnu í eldhúsvaskinum eftir kvöldmatinn. Hann lætur heitt vatn renna um stund til að vera viss um að fitan setjist ekki í lagnirnar hans, heldur renni alveg út í götu. Annars staðar í borginni fær lítil snót hreina bleyju og í kjölfarið er blautþurrku sturtað niður í klósettið. Fitan af pönnunni og blautþurrkan mætast svo í fráveitukerfinu, bindast þar tryggðaböndum og sjá, fæddur er lítill fituhlunkur. Hann kemur sér vel fyrir í lögnunum og smám saman berst til hans meiri fita, fleiri þurrkur, tannþráður, bindi og eyrnapinnar. Fituhlunkurinn stækkar og dafnar þar til hann er orðinn að stóru vandamáli sem stíflar lagnir og veldur miklum óþægindum og kostnaði.

Svona fituhlunkar, eða „fatbergs“ upp á útlenskuna, eru sífellt stærra vandamál í fráveitukerfum víða um veröld. Fyrr í haust bárust fregnir af einum slíkum undir Lundúnaborg, sá var 250 metra langur og vó yfir 140 tonn. Borgaryfirvöld gera ráð fyrir að það taki yfir tvo mánuði að fjarlægja hann og að það kosti borgarbúa hátt í 300 milljónir króna.

Vandamálið er því ekki aðeins ógeðfellt heldur einnig mjög kostnaðarsamt.

### Martröð í pípunum

Á hverju ári eru hátt í 300 tonn af fitu fjarlægð úr skólpi í hreinsistöðvum Veitna við Ánanaust og Klettagarða. Þessari fitu, sem meðal annars er olía og fita úr eldhúsum, þarf að farga og er það gert með endurvinnslu eða urðun. Fita er fljótandi þegar henni er hellt í vaskinn eftir að eldamennsku lýkur en þegar hún kemur í lagnirnar þykknar hún og stífnar og verður martröð í pípunum.

Mun æskilegra er að setja fituna beint í sorp eða endurvinnslu frekar en að fara með hana í gegnum fráveitukerfið með tilheyrandi kostnaði. Þrátt fyrir að fita hafi alltaf fundið sér leið í fráveitukerfið hefur fituhlunkavandinn aukist á undanförnum árum, ekki síst vegna mikillar aukningar í notkun á blautklútum af ýmsu tagi. Margir framleiðendur merkja þessa vöru sína „flushable“, það er, að óhætt sé að sturta henni niður í klósett. Sú er þó ekki raunin. Flestar þurrkur eru hannaðar til að þola mun meira en venjulegur klósettpappír og leysast því ekki upp á ferð sinni um kerfið.

Munum að ekkert af því sem skolað er niður um vaska eða sturtað niður í klósett hverfur. Allt endar þetta einhvers staðar. Það er okkar að velja bestu mögulegu leiðina. Hún liggur ekki í gegnum fráveituna nema um sé að ræða líkamlegan úrgang og klósettpappír.




# Lyfta þarf lífeyri langt upp fyrir fátæktarmörk!



**Björgvin Guðmundsson**
viðskiptafræðingur

**Mikilvægast er að afnema skerðingar vegna greiðslna úr lífeyrissjóði enda eiga sjóðfélagar lífeyrinn í lífeyrissjóðunum og því er það fáheyrt að stjórnvöld skuli skerða lífeyri þeirra frá almannatryggingum vegna lífeyrissjóðanna.**

Ákveðið er að nýtt Alþingi komi saman í síðasta lagi um mánaðamótin nóvember/desember. Afgreiða þarf fjárlög fyrir áramót. Væntanlega tekur nýtt Alþingi betur á kjaramálum aldraðra og öryrkja en gamla þingið gerði. Því miður hafði gamla þingið lítinn áhuga á að bæta kjör aldraðra og öryrkja. Það, sem var gert á því sviði, var of lítið og of seint.

### Lífeyrir hækki í 320 þúsund á mánuði eftir skatt

Miðað við kosningastefnuskrár stjórnmálaflokkanna er ekki að búast við miklum afrekum Alþingis á þessu sviði. Það sem stjórnmálaflokkarnir boðuðu fyrst og fremst var að láta lífeyri aldraðra og öryrkja fylgja lágmarkslaunum verkafólks. Það er of lítið. Það dugar ekki. Það þýðir, að lífeyrir eigi áfram að vera við fátæktarmörk. Tveir flokkar boðuðu róttækari stefnu, Flokkur fólksins og Píratar, en þeir komast ekki í stjórn.

Lágmarkslaun eru nú 230 þúsund kr. eftir skatt, hjá einstaklingum. Þau eiga að hækka um 12 þúsund kr. á mánuði 2018. Það er hlægileg hækkun og skiptir engu máli. Eftir sem áður verða lægst launuðu verkamenn með laun við fátæktarmörk.

Það er til skammar, að verkalýðshreyfingin skuli líða svo lág laun. Hún mun afsaka sig með því, að mjög fáir séu á lágmarkslaunum. Aðeins um 5 prósent munu vera á þessum lægsta taxta og sem betur fer komast flestir á hærri taxta. En því ámælisverðara er það að miða lífeyri aldraðra og öryrkja við pappírstaxta. Alþingi verður að grípa hér í taumana og hætta að miða við lágmarkslaun, sem fáir eru á, og ákveða lífeyri þess í stað þannig, að unnt sé að lifa sómasamlegu lífi af honum.

Ég hef lagt til, að lífeyrir verði ákveðinn 320 þúsund kr. á mánuði eftir skatt. Það er myndarleg hækkun eða um 90 þúsund kr. á mánuði eftir skatt. Ef það þykir of mikil hækkun í einum áfanga má veita þessa hækkun í tvennu lagi, þannig að í fyrstu kæmi 45 þús kr. hækkun. Það er aðeins brot af þeirri hækkun sem þingmenn sjálfir fengu en hún nam nokkur hundruð þúsund krónum og laun þeirra fóru í 1,1 milljón, miðað við 197-230 þúsund á mánuði hjá öldruðum og öryrkjum. Þingmenn ættu að fara að hugsa sjálfsætt og lyfta lífeyri upp fyrir fátæktarmörk og ákveða þetta sjálfir í stað þess að bíða eftir ráðherrunum.

### Frítekjumark vegna atvinnutekna hækkar

Allir stjórnmálaflokkar kváðust vilja hækka frítekjumark vegna atvinnutekna. Flokkarnir vildu ýmist hækka það í 100 þúsund kr. eða 109 þúsund á mánuði eða afnema frítekjumarkið alveg, þannig að það væri frjálst fyrir eldri borgara að vinna á vinnumarkaðnum án þess að sæta skerðingu hjá TR. Hins vegar var lítið talað um að afnema skerðingar vegna annarra tekna.

Mikilvægast er að afnema skerðingar vegna greiðslna úr lífeyrissjóði enda eiga sjóðfélagar lífeyrinn í lífeyrissjóðunum og því er það fáheyrt að stjórnvöld skuli skerða lífeyri þeirra frá almannatryggingum vegna lífeyrissjóðanna. Það er sjálfsagt og eðlilegt að eldri borgarar geti farið út á vinnumarkaðinn að vinna, ef þeir kjósa svo, en þeir sem misst hafa heilsuna eða eru lélegir til heilsunnar geta ekki nýtt sér það. Aðrir eldri borgarar vilja eiga náðugt ævikvöld og vilja því ekki vinna á ellilífeyrisaldri. Þeir eru líka búnir að skila sínu vinnuframlagi til þjóðarbúsins.

### Veita þarf öldruðum húsnæðisstuðning

Staða aldraðra er mjög misjöfn og fer m.a. mjög eftir húsnæðiskostnaði. Þeir, sem eiga skuldlítið húsnæði, eru mun betur settir en þeir sem þurfa að leigja sér húsnæði. Húsaleiga hefur hækkað gífurlega mikið síðustu árin og er orðið mjög erfitt fyrir aldraða að leigja sér húsnæði þrátt fyrir húsaleigubætur. Er nauðsynlegt að hækka húsaleigubætur verulega til þess að aldraðir og láglaunafólk geti leigt sér húsnæði. Einnig þyrfti að hækka vaxtabætur til þess að koma til móts við aldraða og láglaunafólk, sem á erfitt með að greiða af íbúðum sínum.

Hækka þarf skattleysismörkin en þau hafa ekki hækkað í samræmi við hækkun neysluvísitölu. Hækkun skattleysismarka væri góð kjarabót bæði fyrir aldraða og láglaunafólk.

# Félagslegar stoðir ESB grafa ekki undan sjálfsákvörðunarrétti þjóða



**Formenn heildarsamtaka launafólks á Norðurlöndunum**

Talsmenn atvinnurekenda í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð halda því fram í greinaskrifum sínum að hinar félagslegu stoðir Evrópusambandsins, ESB, grafi undan sjálfsákvörðunarrétti þjóða og sömuleiðis norræna líkaninu. Við, talsmenn norrænu verkalýðshreyfingarinnar, getum staðfest að atvinnurekendur hafa á röngu að standa, ellegar að þeir kjósa, í besta falli, að misskilja vísvitandi hinar félagslegu stoðir. Við teljum að hin félagslega stoð ESB sendi skýr og mikilvæg skilaboð um að ESB setji nú í forgang réttlátari atvinnu- og lífskjör fyrir almenning.

Þegar í inngangi að hinni evrópsku stoð félagslegra réttinda, þ.e.a.s. í þeim tilmælum sem þjóðar- og ríkisstjórnarleiðtogar ásamt Evrópuþinginu og framkvæmdastjórn ESB hafa í hyggju að kynna á leiðtogafundi ESB um félagsleg málefni í Gautaborg, kemur fram að þessi stoð megi ekki „standa í vegi fyrir því að aðildarríkin eða aðilar vinnumarkaðarins setji sér metnaðarfyllri markmið“, að hún „skuli innleidd jafnt á vettvangi sambandsins og aðildarríkjanna eins og hvert þeirra telur rétt að gera“ og „í samræmi við nálægðarregluna og meðalhófsregluna“. Þessar lýsingar tryggja hvort tveggja; norræna líkanið og sjálfsákvörðunarrétt einstakra ríkja.

Atvinnurekendur þurfa að átta sig á því að félagslega stoðin er fyrst og fremst pólitískt skjal, þar sem stofnanir ESB og aðildarríki þess skilgreina sameiginleg félagsleg markmið, án þess að tilgreina hvaða leiðir einstök ríki skuli fara til að ná þeim. Félagslega stoðin er ekki lagalega bindandi, henni er fyrst og fremst ætlað að virka leiðbeinandi fyrir aðildarríkin þegar þau móta eigin stefnu í vinnumarkaðs- og félagsmálum.

### Mikilvæg pólitísk skilaboð

Stoðin felur ekki í sér valdaframsal frá aðildarríkjunum til ESB, heldur fer um heimildina til að setja lög á vettvangi Evrópusambandsins um málefni vinnumarkaðarins eftir sáttmálum ESB eins og hingað til og í samræmi við nálægðarregluna. Aðildarríkin bera áfram höfuðábyrgð á félags- og vinnumarkaðsstefnunni, en sáttmálar ESB gefa sambandinu aðeins takmarkaða möguleika til lagasetningar, t.d. með lágmarksreglum í tilskipunum.

Sú staðhæfing að félagslega stoðin hafi nú þegar leitt af sér lagasetningu á sviði vinnulöggjafar er því röng. Fyrirhuguð endurskoðun framkvæmdastjórnar ESB á upplýsingatilskipuninni, sem atvinnurekendur vísa til, á lagastoð í sáttmálum ESB og ekki í hinni félagslegu stoð. Þetta er endurskoðun á gildandi tilskipun frá 1991, en enn er ekki vitað hvernig tillaga framkvæmdastjórnar verður þar sem hún hefur ekki enn verið gefin út. Við gerum ráð fyrir því að framkvæmdastjórnin leggi ekki neitt það til sem grafi undan norræna líkaninu, þar sem sáttmálar ESB tryggja að tekið sé tillit til margbreytileika þeirra kerfa sem einstök ríki hafa byggt upp, þar á meðal hlutverk aðila vinnumarkaðarins.

Hin félagslega stoð sendir mikilvæg pólitísk skilaboð, sem sé að Evrópusambandið þurfi betra jafnvægi á milli efnahagslegs frelsis og félagslegra réttinda. Á krepputímanum einblíndi ESB alltof einhliða á aðhald og niðurskurð. Atvinnu- og lífskjör borgara í ríkjum Evrópusambandsins voru látin sitja á hakanum. Sú ákvörðun að boða til leiðtogafundar um félagsleg réttindi í Gautaborg sýnir að það er skilningur á því að góð kjör, samstarf aðila vinnumarkaðarins og félagsleg réttindi eru lykillinn að sjálfbærum og auknum vexti og atvinnuþátttöku, samkeppnishæfni og auknu trausti á samstarfi innan Evrópusambandsins. Undirritun samkomulags um hina evrópsku stoð fyrir félagsleg réttindi er skref í rétta átt. Norrænir atvinnurekendur ættu einnig að skrifa undir það.


Hver er þér
svo kær?
NÓA
Konfekt
GOTT AÐ GEFA – HIMNESKT AÐ ÞIGGJA




# *Meira* safaríkt

## Urban Accents

Turkey Brine & Rub tryggir þér safaríkari kalkún




### Urban Accents

Veggie Roaster kryddblöndur

**699** kr/pk




### Urban Accents

Taco sósur, fjórar gómsætar

**799** kr/pk

Tilboð gilda út 26. nóvember




### Twinkies

Chocolate Peanut butter og Banana Split

**899** kr/pk




### Robin klemetínur

Þessar einu sönnu. 2,3 kg

**749** kr/ks




### Virtue Energy Water

Lemon & lime og Berries

**249** kr/stk

# Meira ljúfmeti



NAUTAAT

**Nauta Ribeye**

**3.999** kr/kg

Verð áður **4.999** kr/kg




**Ungnautahakk 4% fita**

**1.991** kr/kg
Verð áður 2.489 kr/kg




**Nautalund í steikum**

**5.999** kr/kg
Verð áður 7.999 kr/kg




**Kalkúnabringa**

**2.879** kr/kg
Verð áður 3.599 kr/kg

HAGKAUP Meira svona alla daga

# Vistvangur – lífgun á örfoka landi




**Björn Guðbrandur Jónsson**
framkvæmdastjóri GFF

**Jónatan Garðarsson**
formaður Skógræktarfélags Hafnarfjarðar

Við ökum suður með Kleifarvatni, suður í Krýsuvík, sýnum umhverfinu vakandi áhuga og sjáum að landið hefur margbreytilega ásýnd. Augljós einkenni eru víða um uppblástur og gróðureyðingu. Þegar við erum komin langleiðina að Suðurstrandarvegi, tekur steininn úr. Skyndilega umbreytist landið, úr mýrlendi í gróðursnauða auðn. Þetta er undravert því við erum hvorki uppi á hálendi né er hér sérlega þurrkasamt. Það er í raun fátt sem þjakar þetta land, ekki annað en íslenskar aðstæður. Á þessu landsvæði erum við í u.þ.b. 100 m hæð yfir sjó, u.þ.b. 3 km frá suðurströndinni og þarna er sannarlega enginn skortur á úrkomu. Samt er eins og gróður hafi verið gerður útlægur héðan. Myndin sem hér fylgir gefur ögn fyllri lýsingu, frá miðjum september þegar gróður er í hámarki. Brún moldin, hnullungar og bergmylsna. Hvar er gróðurinn?

Leitum í sögunni til glöggvunar. Byggð hefur verið í Krýsuvík frá landnámi og ýmsar sagnir, sumar æði dularfullar, eru til um landnám þar. Þetta þótti ein af betri fjárjörðum landsins um aldir. Örlagaríkasta augnablikið í sögu staðarins tengist því að árið 1880 hóf búskap í Krýsuvík einn fjárríkasti bóndi landsins sem flutti þangað af jörð sinni í Vestur-Skaftafellssýslu með um 2.000 fjár. Þessari stóru fjárhjörð ætlaði hann að beita á stórt land Krýsuvíkurjarðarinnar, ekki síst á það land sem hér um ræðir.

Þær áætlanir hafa ekki verið mótaðar undir heillastjörnu. Hinn alræmdi níundi áratugur 19. aldar reið í garð með sína tíðarfarsbresti, sem m.a. leiddu til mjög aukins landflótta til Vesturheims.

Það voru sannarlega erfiðir tímar og um þetta leyti yrkir séra Matthías um fósturjörðina:

*Volaða land,*
*horsælu hérvistar slóðir,*
*húsgangsins trúfasta móðir,*
*volaða land!*

Áform bóndans í Krýsuvík fóru fyrir lítið en það sem meira var, landgæði glötuðust til langframa. Veðráttan og búnaður bóndans flettu landið af gróðri og skógi. Afrakstursgeta jarðvegsins fauk sömu leið. Náttúran og maðurinn unnu hér saman að varanlegri gróður- og jarðvegseyðingu. Í hnotskurn, harmsaga gróðurs og jarðvegs í þessu landi.

Landið hefur ekki náð sér síðan og lengi vel voru engar ráðstafanir gerðar því til lífs. Gömul örnefni geyma þó þann hugblæ sem landið vakti með búendum fyrr á tíð. Paradís var t.d. nafn á trjálundi sem stóð undir Geitahlíð, en er nú horfinn.

Öldin er sú 21., ekki sú 19. Annað tíðarfar, annar tíðarandi. Verkefni sem kallast Vistvangur er komið af stað og er unnið að frumkvæði samtakanna Gróður fyrir fólk í Landnámi Ingólfs (GFF) í samvinnu við Hafnarfjarðarbæ og með aðkomu hafnfirskra félaga og stofnana, eins og t.d. Skógræktarfélags Hafnarfjarðar, Flensborgarskólans og grunnskóla í Hafnarfirði. Helsta markmið með Vistvangi er að færa landinu líf með notkun lífrænna úrgangsefna.

Notað verður hrossatað úr Hafnarfirði og ýmislegt annað lífrænt sem fellur til. Verkefnið hófst í apríl 2016 með trjáplöntun 140 nemenda úr Flensborg og þegar er búið að taka við næstum 1.500 rúmmetrum af hrossataði. Ætlunin er að „nota ferðina“ og virkja skólana til að stunda útiskóla og að svæðið megi nýta til ýmissa rannsókna. Vonir standa til að önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu taki þátt í verkefninu enda er svæðið stórt, um 300 ha. Vistvangur er umtalsverð afborgun landsmanna upp í skuldina við landið.



**Mynd frá Vistvangi þann 9.okt sl. Stóra-Eldborg í baksýn, Geitahlíð til vinstri. Næst er tað sem dreift var 2017, um miðja mynd er gróðurþekja sem lögð voru drög að á upphafsárinu 2016 og fjær sjást taðhaugar sem koma til dreifingar árið 2018.**



**Mynd tekin til vesturs á Vistvangi þann 10. sept. sl. Sjá má móta fyrir Krýsuvíkurvegi ofarlega yst til vinstri. Arnarfell ofarlega fyrir miðri mynd og Reykjanesfjöllin þar að baki. U.þ.b. 3 km eru til sjávar. Græni liturinn sem sést móta fyrir kemur upp úr taðhrúgum sem þar bíða uppgræðslu næsta árs.**

> **Þegar við erum komin langleiðina að Suðurstrandarvegi, tekur steininn úr. Skyndilega umbreytist landið, úr mýrlendi í gróðursnauða auðn.**

**visir.is** Sjá má lengri útgáfu greinarinnar á Vísi.

# Eru allir jafnir fyrir lögum?



**Ragnar Halldór Hall**
lögmaður

Samkvæmt 65. gr. stjórnarskrárinnar skulu allir vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Nýleg dæmi sýna að verulega skortir á það hér á landi að eftir þessu sé farið.

Þegar Mannréttindasáttmáli Evrópu (MSE) var lögfestur hér á landi árið 1994 og nokkur helstu efnisatriði hans í kjölfarið tekin upp í stjórnarskrána var því almennt fagnað af þeim sem láta sig slík málefni einhverju varða. Staðreyndin er hins vegar sú að erfiðlega hefur gengið að fá dómstóla og ákæruvald hér á landi til að fara eftir þessum reglum þegar á hefur reynt.

Í september sl. gekk dómur í Hæstarétti þar sem ákvæði MSE um bann við tvöfaldri refsingu og tvöfaldri málsmeðferð út af sama atviki var til sérstakrar umfjöllunar. Hér var mikið í húfi, því að Mannréttindadómstóll Evrópu hafði fyrr á þessu ári komist að niðurstöðu um að brotið hefði verið á tveimur mönnum hér á landi með dómi Hæstaréttar í samkynja máli. Hæstiréttur ákvað að sjö dómarar skyldu dæma í þessu máli. Allir sjö dómararnir höfðu sakfellt menn í samkynja málum áður, en nú skyldi verða til nýtt dómafordæmi til framtíðarbrúks. Niðurstaðan er öllum kunn – sex dómarar af sjö fóru ákveðna hjáleið framhjá kjarna málsins og kváðu upp dóm sem er í samræmi við fyrri afstöðu réttarins.

Þetta nýja fordæmi Hæstaréttar hefur engu að síður leitt til þess að ákæruvaldið hefur ákveðið að fylgja ekki eftir refsikröfum í allmiklum fjölda mála sem voru til meðferðar á þeim tíma sem dómur Hæstaréttar gekk í september. Jafnframt hefur ákæruvaldið ákveðið að fylgja öðrum samkynja málum eftir fyrir dómi og hafa þar uppi ítrustu refsikröfur. Af dæmum sem undirritaður hefur séð virðist það ráða ákvörðun ákæruvaldsins í þessum málum, að hafi sakborningur ákveðið að skjóta ágreiningi um skattskyldu til yfirskattanefndar og ekki fengið álagningu fellda niður þar skuli hann fá að svara til saka fyrir dómi líka.

> **Meðan reglunni um bann við tvöfaldri refsingu er fylgt gagnvart sumum eru aðrir sóttir til saka fyrir dómi án tillits til reglunnar. Hér er ekki um tilviljanir að ræða, heldur ákvarðanir sem teknar eru að yfirlögðu ráði.**

**Jafnræðisreglu ekki fylgt**

Í þessum tilvikum er augljóst að áðurnefndri jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar er ekki fylgt. Meðan reglunni um bann við tvöfaldri refsingu er fylgt gagnvart sumum eru aðrir sóttir til saka fyrir dómi án tillits til reglunnar. Hér er ekki um tilviljanir að ræða, heldur ákvarðanir sem teknar eru að yfirlögðu ráði.

Ég skora á embætti héraðssaksóknarans að birta hið fyrsta opinberlega upplýsingar um eftirfarandi:

- Hve mörg mál voru í biðstöðu hjá embættinu meðan beðið var dóms í hæstaréttarmálinu nr. 283/2016? Í hve mörgum þeirra hafði sakborningur borið ágreining um skattskyldu undir yfirskattanefnd?
- Í hve mörgum þessara mála hafði verið gefin út ákæra og hve mörg voru á rannsóknarstigi hjá embættinu?
- Hve mörg málanna sem ákært hafði verið í hafa verið eða standur til að fella niður af ákæruvaldinu? Í hve mörgum þeirra hafði sakborningur borið ágreining um skattskyldu undir yfirskattanefnd?
- Hve mörg málanna sem voru til rannsóknar hjá embættinu hafa verið felld niður? Í hve mörgum þessara mála hafði ágreiningur um skattskyldu verið borinn undir yfirskattanefnd?

# Ástarsögur



**Sigurður Árni Þórðarson**
prestur

Ég stóð einu sinni við hlið manns í Skagafirði og ræddi við hann um kirkjuna í heimabyggð hans. Orð hans voru eftirminnileg og opnuðu mér glugga að viðhorfi fólks um allt land, jafnvel óháð trú eða vantrú. Hann sagði: „Þetta er kirkjan okkar. Kirkjan er hluti af okkur. Við viljum halda í hana og hafa hana fallega.“ Svo skýrði hann mál sitt og mér vitraðist að kirkjan var honum mun meira en bara guðsþjónusturými. Hún var manninum tákn um líf fólksins hans, sögu þess og menningu. Víða hef ég heyrt fólk tala með svipuðum hætti um kirkjurnar sína. Sögur þeirra eru ástarsögur, ekki um spýtur, steypu og gler, heldur um líf fólks og menningu.

Kirkjuhúsin þjóna ekki einu heldur mörgum og mismunandi hlutverkum. Ferðafólk á leið um landið vitjar þeirra. Margir skoða kirkjur og garðana umhverfis þær vegna þess m.a. að þar eru menningarminjar. Þær tjá sjálfsviðhorf fólks í sókninni og getu samfélagsins. Fólk vill, að kirkjuhúsin séu falleg og þykir ótækt að þau grotni niður þó erfitt sé að finna fé til að kosta viðgerðir. Þeim er jafnvel haldið við eftir að allt fólk er flutt úr sveitinni. Svo eru þessi hús umgjörð um mikilvægustu athafnir í lífi fólks, staðir lifandi orðs og samfélags. Ytri umgjörð á að vera í samræmi við inntakið.

> **Kirkjur eru gjarnan tákn um sögu viðkomandi byggðar og samhengi þeirra kynslóða, sem eiga sér sameiginlegan helgidóm, jafnvel um aldir.**

Kirkjur eru gjarnan tákn um sögu viðkomandi byggðar og samhengi þeirra kynslóða, sem eiga sér sameiginlegan helgidóm, jafnvel um aldir. Kirkjur eru tákn, sem vísa til gilda og tilgangs. Hvert samfélag þarfnast skírskotunar um sið og hlutverk. Kirkjur þjóna ekki aðeins því hlutverki að teikna línur í landslag, vera kennileiti í sveit eða augnhvílur fólks á ferð. Kirkjuhús eru tákn um að mannfélag eigi sér dýpri rök og gilt samhengi, sem ekki bregst í hverfulum heimi. Það er skírskotun helgistaða.

Ástartjáning fólks gagnvart kirkjum þeirra heillar. Og rímar við ástarsögu Guðs í erkifrásögn kristninnar um að lífið sé gott og dauðanum sterkara. Við mannfólkið erum aðilar þeirrar sögu.

„Meðan kirkjan stendur mun þessi byggð standa,“ var sagt um kirkju í Vestur-Skaftafellssýslu. Kirkjuhúsin tjá hvaða viðhorf við höfum til menningar okkar. Við seljum ekki eða förgum því sem við elskum heldur verndum og gætum. „Ég elska þessa kirkju,“ sagði kona við mig og átti bæði við húsið og erindi hennar. Góðar ástarsögur hrífa.

# SVARTUR FÖSTUDAGUR

# ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR Í DAG

30% AFSLÁTTUR




Epson fjölnotatæki
Tilboðsverð **11.893** kr.
Verð áður 16.990 kr.




60% AFSLÁTTUR

Faber Castell, 120 trélitir
Tilboðsverð **11.596** kr.
Verð áður 28.990 kr.



50% AFSLÁTTUR

Tölvumús
Tilboðsverð **999** kr.
Verð áður 1.999 kr.

60% AFSLÁTTUR




Púsluspil, 3x49 bita
Tilboðsverð **799** kr.
Verð áður 1.999 kr.



50% AFSLÁTTUR

Hnattlíkan, gyllt
Tilboðsverð **6.995** kr.
Verð áður 13.990 kr.

50% AFSLÁTTUR



Fartölvubakpoki 15-16"
Tilboðsverð **4.499** kr.
Verð áður 8.999 kr.




60% AFSLÁTTUR

Burstakubbar 150 stk.
Tilboðsverð **2.899** kr.
Verð áður 7.289 kr.

60% AFSLÁTTUR



Flugtaska 55 sm
Tilboðsverð **11.996** kr.
Verð áður 29.990 kr.

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

Afsláttur gildir ekki með öðrum tilboðum. Tilboð gilda á meðan birgðir endast.
**Frí heimsending ef verslað er fyrir 5.900 eða meira á www.a4.is**

**A4** Kringlunni / **A4** Skeifunni / **A4** Smáralind / **A4** Hafnarfirði / **A4** Akureyri / **A4** Egilsstöðum / **A4** Selfossi
**www.a4.is** / Þú getur einnig fylgt okkur á **Facebook** **pinterest.com/a4fondur** og **instagram.com/a4verslanir**

A4

# Er ekkert að marka leikreglur lýðræðisins?



**Gísli Sigurðsson**
íslensku-
fræðingur

Enn hefur ekki verið svarað kröfu frá Verndarsjóði villtra laxastofna, NASF, sem Orri heitinn Vigfússon sendi til verkefnisstjórnar rammaáætlunar 27. júlí 2016. Krafan fólst í að tillögur um að setja virkjanir í neðri hluta Þjórsár í nýtingarflokk yrðu dregnar til baka. Ástæða kröfunnar var sú að tillaga verkefnisstjórnar hafði byggt á ófullnægjandi forsendum og haft að engu þau skilyrði sem sett höfðu verið frá upphafi um takmörkuð umhverfisáhrif virkjananna. Erindi NASF var einnig sent til Skipulagsstofnunar þann 28. september 2015 og til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Nefndin hefur enn ekki tekið afstöðu til málsins.

Í málflutningi sínum benti Orri á veigamiklar rangfærslur í málsmeðferð verkefnisstjórnar. Frumforsenda fyrir því að hugmyndum um virkjanir í neðri hluta Þjórsár var hleypt af stað var sú að laxfiskum í ánni stafaði engin hætta af virkjununum. Í hinu lögboðna umsagnarferli kom fram að mikil óvissa væri uppi um afdrif laxfiska í Þjórsá. Alþingi ákvað því að setja þessar virkjanir í biðflokk uns þeirri óvissu væri eytt. Verkefnisstjórnin skipaði þá sérstakan faghóp 22. október 2013 undir forystu Skúla Skúlasonar líffræðings: Hilmar Malmquist, Sigurð Má Einarsson og Sigurð S. Snorrason. Þessi hópur komst að þeirri ótvíræðu niðurstöðu að engri óvissu hefði verið eytt um afdrif laxfiska í Þjórsá ef af virkjunum í neðri hluta árinnar yrði.

**Uppástungan affærð og misnotuð**

Hópurinn tók síðan upp hjá sjálfum sér að skipta Þjórsá upp í náttúruleg og ónáttúruleg búsvæði laxfiska og réttlæta þannig að stinga upp á tilraun með Hvammsvirkjun til að sjá hvernig til tækist. Þessi uppástunga faghópsins var utan verksviðs hans og breytti engu um niðurstöðuna. Uppástungan var þó hent á lofti og affærð og misnotuð með ósannindum í málflutningi verkefnisstjórnar rammaáætlunar og Landsvirkjunar, sem lugu því beinlínis í Greinargerð verkefnisstjórnar rammaáætlunar til Alþingis 21. mars 2014 að faghópurinn hefði komist „að þeirri niðurstöðu að óvissa varðandi áhrif Hvammsvirkjunar á laxfiska hefði minnkað nægjanlega til að réttlætanlegt væri að færa virkjunina í nýtingarflokk á nýjan leik“ – og því væri réttlætanlegt að ráðast í Hvammsvirkjun. Þessi blekkingaleikur leiddi Skipulagsstofnun og Alþingi á villigötur og dró athyglina frá aðalatriðum málsins.

**Hin upphaflegu ósannindi um niðurstöðu faghópsins gengu aftur í allri meðferð málsins og voru síðast ítrekuð í lokaskýrslu Landsvirkjunar, sem Landsvirkjun lagði fyrir Skipulagsstofnun eftir að allar athugasemdir höfðu komið fram. Skipulagsstofnun vann sína umsögn vandlega og af fagmennsku, miðað við fyrirliggjandi forsendur, en varaðist ekki þær lygar sem voru bornar fyrir hana.**

Við hjá NASF mótmæltum þessum ósannindum verkefnisstjórnar strax en „svar“ hennar með gögnum málsins til Alþingis var svohljóðandi: „Því er mótmælt harðlega að Hvammsvirkjun verði reist sem eins konar tilraunastofa til að kanna virkni mótvægisaðgerða í virkjunum neðar í ánni.

Verkefnisstjórn telur að í þessum umsögnum komi ekki fram nýjar upplýsingar sem gefi tilefni til að endurskoða fyrri afgreiðslu verkefnisstjórnarinnar.“

Þetta „svar“ verkefnisstjórnar tekur ekki tillit til þess að það er ósatt að faghópurinn hafi komist að þeirri niðurstöðu að óvissu hafi verið eytt. Það er erfitt að koma með nýjar upplýsingar til að hrekja það. Það stendur og blasir við í skýrslu faghópsins.

Hin upphaflegu ósannindi um niðurstöðu faghópsins gengu aftur í allri meðferð málsins og voru síðast ítrekuð í lokaskýrslu Landsvirkjunar, sem Landsvirkjun lagði fyrir Skipulagsstofnun eftir að allar athugasemdir höfðu komið fram. Skipulagsstofnun vann sína umsögn vandlega og af fagmennsku, miðað við fyrirliggjandi forsendur, en varaðist ekki þær lygar sem voru bornar fyrir hana.

Verkefnisstjórn rammaáætlunar og Landsvirkjun affærðu og lugu til um niðurstöðu faghópsins frá 4. nóvember 2013 um að engri óvissu hefði verið eytt um afdrif laxfiska í Þjórsá, ef af virkjunum yrði. Þá hefur verkefnisstjórnin aldrei svarað fram komnum athugasemdum með öðru en ofangreindum útúrsnúningi um að ekki hafi komið „fram nýjar upplýsingar sem gefi tilefni til að endurskoða fyrri afgreiðslu verkefnisstjórnarinnar“. Það eru því engin málefnaleg rök fyrir tillögum verkefnisstjórnar um að færa virkjanir í neðri hluta Þjórsár í nýtingarflokk. Fái málsmeðferð af þessu tagi að standa er ekkert að marka þær leikreglur sem lýðræðinu eru settar hér á landi í umhverfismálum.

**visir.is** Sjá má lengri útgáfu greinarinnar á Vísi.

# Sérstaða Íslands: Jafnrétti – friður – sjálfbærni



**Katrín Olga Jóhannesdóttir**
formaður
Viðskiptaráðs
Íslands

Á tímamótum stjórnarskipta er gott að staldra aðeins við og velta fyrir sér hvaða skilaboðum er gott að koma til nýrra ráðamanna Íslands.

Viðskiptaráð birti á dögunum skoðun um hvaða mál væru ofarlega í huga aðildarfélaga og hvernig þau samræmdust stefnu flokkanna. Ég ætla að gefa mér að í nýjum stjórnarsáttmála verði hugað að góðum rekstrargrundvelli fyrirtækja í landinu með sanngjarnri skattlagningu og að peningamálastefnunni verði hagað þannig að hún auki ekki viðskiptakostnað fyrirtækja landsins. Það skapar hagsæld fyrir alla.

Hér langar mig að ræða málefni sem sjaldan sést á borði stjórnvalda og það er stefnumótun fyrir Ísland. Mér hefur orðið tíðrætt um, bæði í ræðum mínum í tilefni 100 ára afmælis Viðskiptaráðs, sem og í flestum þeim viðtölum sem tekin hafa verið við mig í gegnum tíðina, að Ísland skorti framtíðarsýn og að of mikið sé horft til skamms tíma í stað lengri.

Þar sem ég kem úr rekstrarumhverfi fyrirtækja, sæki ég í smiðju reynslunnar þar. Innan fyrirtækja er skoðað hver sérstaða fyrirtækis er og hún nýtt til að ná samkeppnislegu forskoti á markaði. Ég hef því velt fyrir mér sömu nálgun fyrir Ísland og spurt sjálfa mig hver aðgreining okkar sem land sé, sem við gætum nýtt okkur þegar kemur að því að ná samkeppnisforskoti á aðrar þjóðir. Ég hef komist að þeirri niðurstöðu að aðgreining Íslands liggi í þremur þáttum, þ.e. í jafnréttismálum, í friðarmálum og í sjálfbærum orkumálum.

**Jafnrétti**

Hér skorar Ísland hæst í heimi í öllum mælikvörðum sem teknir eru varðandi þennan málaflokk, og á erlendri grundu er þetta mjög hátt metið hvar sem komið er. Því finnst mér að við ættum að taka af skarið og gera Ísland að miðstöð jafnréttismála, eins og Davos er miðstöð fyrir atburð er lýtur að viðskiptum eða The World Economic Forum. Hér gætum við verið með stóran viðburð eins og Davos stendur fyrir einu sinni á ári, og síðan verði allt árið um kring viðburðir er varða jafnréttismál á heimsgrundvelli.

**Friður**

Tökum því næst friðarmálin. Þar skorum við einnig hæst. Friður og friðsæld eru ekki gefin þó að friðsældarvísitalan hafi aldrei verið hærri í heiminum. Ísland trónir á toppnum með tiltölulega lága tíðni ofbeldisglæpa, lítill hluti þjóðarinnar er fangelsaður og aðgengi að vopnum er ekki gott. Þetta ættum við að nýta okkur í sérstöðu Íslands umfram aðrar þjóðir.

**Sjálfbær orka**

Þá kemur að þriðja þættinum, sem er sjálfbær orka – sem mig langar að taka enn lengra og tala um sjálfbærni yfirhöfuð. Við höfum vitað um þessa sérstöðu okkar lengi og það má leiða að því líkur að sjálfbær orka og gott aðgengi að orku hafi fært okkur til nútímans á sínum tíma. Sjálfbær orka gefur okkur tækifæri á að vera það land sem er í fararbroddi hvað varðar sjálfbærni og horft verði til landsins sem fyrirmyndar, bæði hvað varðar lífshætti, tækni og tækniþróun.

Þess má geta að í heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna eru allir þessir þrír þættir með sinn flokk.

Ég hvet því ráðamenn þjóðarinnar til að huga að þessum þáttum til framtíðar – fara í gang með verkefni þar sem horft er á Ísland til lengri tíma litið. Greina nánar hvort þessir þættir, sem ég nefni hér, séu þeir þættir sem aðgreina Ísland og ef svo er, hvernig við getum unnið með þá. Á sama tíma er mjög mikilvægt að huga að þeim miklu breytingum sem eru að verða í samfélagi okkar með truflun á hinum hefðbundnu viðskipta- og samfélagslegu módelum sem endurspeglast í 4. iðnbyltingunni. En það er tilefni til annarrar greinar – enda verkefnið þar jafnmikilvægt og að horfa til framtíðar og móta stefnu íslenskrar þjóðar.

# 234 litlir tófuhvolpar – yrðlingar – drepnir í Húnaþingi vestra; margir barðir til dauða



**Ole Anton Bieltvedt**
alþjóðlegur
kaupsýslu-
maður

Íslenzki refurinn, pólarrefurinn, er einstök tegund refs, minni og öðruvísi byggður en rauðrefurinn, og kom hann til Íslands á seinni ísöld. Er hann því fyrsta náttúrulega spendýrið, frumbygginn, hér.

Í dag eru ekki nema um 200 pólarrefir annars staðar á Norðurlöndum, og eru þeir alfriðaðir. Er allt gert til að reyna að ná stofninum upp aftur. Er engin hætta talin stafa af pólarref fyrir umhverfi, lífríki eða búfénað, enda er hann lítið dýr, 3 til 5 kg að þyngd. Er hann minnsta undirtegund „hunda“.

Pólarrefurinn er alæta, lifir á berjum, þangi, dýrahræjum í fjöru og á landi, eggjum, hagamúsum, nagdýrum og fuglum. Hefur hann verið eðlilegur hlekkur lífskeðjunnar hér í árþúsundir.

Þegar ær voru látnar bera lömb sín úti, voru einhver brögð að því, að pólarrefurinn réðist á nýfædd og varnarlaus lömb, einkum í harðæri, og fékk hann þá á sig það óorð, að hann væri grimmdarseggur – vargur – en í þá daga skipti hvert eitt lamb máli.

Árum saman hafa bændur hins vegar látið ær sínar bera í húsi, og varð það endir þess, að pólarrefurinn kæmist í bjargarlaus lömb. Af einhverjum ástæðum hafa ýmsir þó haldið áfram að úthrópa pólarrefinn, eins og af gömlum vana, og mætti helzt halda, að hann væri afkvæmi skrattans sjálfs.

Ég hef átt tal við bændur, refaveiðimenn, sveitarstjórnarmenn og oddvita, líka þá vísindamenn, sem mest vita um pólarrefinn, og er niðurstaðan í öllum tilvikum hin sama: Árum eða áratugum saman hefur pólarrefurinn engum teljandi skaða valdið á sauðfé.

Það er því ekkert samhengi milli þess veiðiæðis og þeirra ofsókna, sem eru í gangi gegn pólarrefnum, og þess tjóns, sem hann veldur.

**Íslenzka ríkið leggur til 30 milljónir króna árlega til að herja á pólarrefinn og bæta sveitarfélög við 70 milljónum.**

**100 milljónir í drásir**

Íslenzka ríkið leggur til 30 milljónir króna árlega til að herja á pólarrefinn og bæta sveitarfélög við 70 milljónum. Fara þannig 100 milljónir af almannafé í botnlausar og þindarlausar árásir á pólarrefinn.

Eru sögusagnir og rangfærslur sumra refahatara með ólíkindum. Bóndi á Vestfjörðum fullyrti, að í friðlandi refa á Hornströndum hefðu 10.000 dýr farið um frá 1994, en vísindamenn segja mér, að þar búi 250 til 300 dýr. Kannast menn við sögu H.C. Andersen, þar sem ein fjöður varð að 5 hænum?

Miklar sögur fara af því, að refurinn ráðist á lömb á fjalli, og komi þau með afétnar kinnar og afskræmd af fjalli. Einn bóndi, sem sagði mér slíka sögu, varð að viðurkenna, að hún væri 30 ára gömul. Einn grenjaveiðimaður, sem stundað hafði grenjaveiðar í 20 ár, legið á hundruðum grenja, sagðist þrisvar hafa orðið var við leifar lambs við greni. Hefði refur líka getað hirt hræ.

Ef litið er til peningahliðar málsins, blasir þetta við: 1) Bóndinn fær 5.000 krónur fyrir haustlamb. 2.) 100 milljónum króna er varið til útrýmingartilrauna refsins, en það tilsvarar verðgildi 20.000 haustlamba.

Grenjaveiðarnar eru þó versti hluti málsins. Hvolpar fæðast um mánaðamótin apríl/maí, og hefjast grenjaveiðar í byrjun júní. Læða og steggur lifa saman ævilangt, og er steggur í því á daginn að færa björg í bú, meðan læða gætir og fæðir hvolpana.

Leggjast veiðimenn við greni, bíða komu steggs og skjóta. Þegar matarbirgðir þrjóta í greni, neyðist læða til að yfirgefa yrðlinga í fæðuleit. Er hún þá skotin. Eftir eru þá litlir yrðlingar, 4-5 vikna gamlir, eins og litlir hundshvolpar, og þegar hungrið sverfur að, freista þeir þess, að fara úr greni.

Eru þeir þá handsamaðir og barðir til dauða með steini eða skotnir. Sumir yrðlingar þráast við í greni, þrátt fyrir kvöl hungurs og einsemdar, og læða þá veiðimenn fótaboga inn í greni, sem er festur á bandi, og þegar boginn smellur, limlestir, jafnvel brýtur litinn fót, kippir veiðimaður í og lemur svo þessa litlu og hrjáðu veru til bana eða skýtur.

Húnaþing vestra varði 7,7 milljónum króna til refa og minkadráps síðustu 12 mánuði, þar af voru 234 yrðlingar drepnir þar með þeim hætti, sem hér greinir.

Kæru lesendur, erum við í menningarlandinu Íslandi eða hrukkum við með einverjum hætti aftur til miðalda!?




## ÖLL LG OLED SJÓNVÖRP Á KLIKKUÐUM VERÐUM!

# LG OLED 55" OLED55B7 249.990 KR.



LG 65" EISA VERÐLAUNASJÓNVARP ÁSAMT FRÁBÆRUM LG SOUNDBAR Á RUGLUÐU VERÐI
65SJ850+SJ8S
**TILBOÐ 279.980 KR.**



ALLIR LG KÆLISKÁPAR Á TILBOÐI.
TVÖFALDIR KÆLISKÁPAR
LG-GSL760PZXV
**VERÐ FRÁ 149.990 KR.**



FRÁBÆR FERÐAHÁTALARI FRÁ LG. HVÍTUR EÐA SVARTUR
VERÐ ÁÐUR 12.990 KR
LG-NP5550BK/LG-NP5550WH
**TILBOÐ 4.990 KR.**



YAMAHA
HÁGÆÐA MAGNARAR OG HÁTALARAR
**20 – 40% AFSLÁTTUR**

**BETRA BORGAR SIG**
Opið virka daga 10 – 18 | Laugardaga 11 – 16

RAFLAND
Síðumúla 2-4 | 520 7900 | rafland.is




# Viljum við börnunum ekki betur?



**Guðmundur Ingi Þóroddsson**
formaður Afstöðu, félags fanga á Íslandi

Dæmdur kynferðisbrotamaður sætir gæsluvarðhaldi grunaður um ítrekuð brot gegn börnum. Lögreglustjórinn á Suðurlandi segir að háttsemin lúti að grófum og ítrekuðum kynferðisbrotum sem spanna yfir langt tímabil og „sýni ákveðið hegðunarmynstur eða kenndir sem [maðurinn] virðist ekki hafa stjórn á“.

Árið 2012 fullgilti Ísland bindandi Evrópuráðssamning um vernd barna gegn kynferðisofbeldi, Lanzarote-samninginn. Samkvæmt honum eru stjórnvöld skuldbundin til að tryggja að einstaklingar sem óttast að þeir kunni að brjóta gegn börnum kynferðislega hafi aðgang að sálfræðingum og geðlæknum með það að markmiði að koma í veg fyrir slík brot. Í samningnum er jafnframt lögð áhersla á að áhættumat sé gert og meðferð veitt á meðan dæmdir kynferðisbrotamenn afplána dóma sína.

Hjá Fangelsismálastofnun starfa fjórir sálfræðingar í þremur stöðugildum og sinna sex hundruð skjólstæðingum, þ.e. föngum, fólki sem gegnir samfélagsþjónustu eða er á reynslulausn. Engir geðlæknar starfa í fangelsum landsins, engar meðferðir eru fyrir fanga sem haldnir eru barnagirnd og engin betrunarstefna er rekin. Afstaða hefur ítrekað bent á að á meðan ástandið er með þessum hætti séu litlar líkur á því að þeir sem dæmdir eru fyrir barnaníð komi út betri menn.

Fyrir nokkrum árum ákváðu stjórnvöld að fella niður tímabundið fjármagn til Fangelsismálastofnunar sem notað var til þess að halda úti forvarnaaðgerðum vegna kynferðisbrota gegn börnum. Fangar með barnagirnd fá í dag enga meðferð og á meðan svo er munu þeir eflaust halda áfram að sýna ákveðin hegðunarmynstur eða kenndir sem þeir virðast ekki hafa stjórn á.

Stjórnvöld verða að sýna að þau hafi vilja til að koma í veg fyrir ítrekuð brot fanga.

# Uppfærsla á glæpaforriti



**Davíð Bergmann**
fv. verkefnastjóri og ráðgjafi

Glæpir hafa fylgt mannkyninu frá örófi alda, líka á litla Íslandi. Það er alveg sama hvert litið er í heiminum, afbrot eru alls staðar og verða í ókominni framtíð. Glæpir koma alltaf til með að þrífast í öllum samfélögum hvort sem okkur líkar betur eða verr. Hins vegar er mjög mismunandi hvernig reynt er að stemma stigu við glæpum. Ég tel mig þekkja aðeins til þessa heims og sér í lagi þegar kemur að ungum afbrotamönnum. Ég vann aðeins lengur en einn vetur í þeim málaflokki og hef farið víða til að kynna mér hvað aðrar þjóðir gera.

„Byrgjum brunninn áður en barnið velur afbrot.“ Já, tókuð þið eftir því sem ég skrifaði: „VELUR.“

Af hverju skyldi ég skrifa það? Jú, vegna þess að ég kýs ekki að segja að „lenda“ í afbrotum. Fyrir mér er það eins og fallhlífarstökkvarinn sem stekkur úr flugvél og lendir einhvers staðar. Það sem hefur farið hvað mest í taugarnar á mér er þegar ábyrgðin er tekin af unga afbrotamanninum og kerfið verður meðvirkt, allri ábyrgð einstaklingsins er kastað burt. Viðkomandi jafnvel gefið umboð til að gera hitt og þetta af því að hann átti svo bágt eða vegna þess að hann er með hina og þessa greininguna. Það var ósjaldan að ég heyrði „ég er með mótþróaþrjóskuröskun, ADD eða ADHD og þess vegna gerði ég þetta“.

Ég er talsmaður þess að nálgast þennan málaflokk öðruvísi. Það þarf ekki alltaf að finna upp hjólið upp á nýtt eða taka inn rándýr úrræði að utan sem ganga meira og minna út á að skrá í möppu, fjölga skrifborðum í fílabeinsturnum þar sem fólk situr og talar um vandann en ekki við unga afbrotamanninn.

**Alvörufræðsla**

Ég er talsmaður lifandi forvarna. Þar sem einstaklingurinn fær alvörufræðslu um hverjar orsakir og afleiðingar afbrota eru í raun og veru. Það gerir maður ekki með því að tala við þá yfir skrifborð heldur er farið í vettvangsferðir og þeir aðilar sem koma að úrvinnslu afbrota kenna þeim hverjar raunverulegar afleiðingar afbrota geta verið. Þarna er ekki verið að uppfæra glæpaforritið sem þeir gera reglulega með jafningjafræðslu á götunni heldur er verið að reyna koma fyrir vírusvörn gegn glæpum.

Ég tel að það séu mikil tækifæri í úrvinnslu ungra afbrotamanna hér á landi þar sem samvinna ýmissa aðila gæti verið góð og svo býður náttúran upp á marga möguleika. Ég var sjálfur með lifandi hópastarf þar sem ég var að reyna að vekja þá til umhugsunar með lifandi hætti. Sú vinna fór voðalega fyrir brjóstið á diplómaprikunum í kerfinu og var mér á endanum bannað að vera með það starf, þó svo að árangurinn hafi verið góður. Ég er þeirrar skoðunar að hérna þurfi að taka til hendinni. Ég vona að nýi félagsmálaráðherrann, hver sem hann verður, tali við fólkið sem talar við börnin, en ekki bara við þá sem tala um börnin á fundum.

# Hagur neytenda og dómur ESA



**Guðjón Sigurbjartsson**
viðskiptafræðingur í starfshópi Neytendasamtakanna um matvæli, landbúnað og umhverfismál



Neytendur hljóta að fagna nýlegum dómi Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) um að bann við innflutningi á ferskri og unninni kjötvöru, eggjum og mjólk samrýmist ekki ákvæðum EES-samningsins. Ekki síður bera að fagna viðbrögðum ráðuneytis atvinnuvega og nýsköpunar um að íslenska ríkinu beri að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að framfylgja dómnum og breyta lögum til samræmis við niðurstöðu dómsins.

Að sjálfsögðu skiptir heilsa fólks meginmáli en lífskjör og lífsgleði einnig, ef út í það er farið. Vandað matvælaeftirlit verður að duga, hér heima og hjá þeim sem við verslum við. Sumar ráðstafanir kosta of mikið og ganga of mikið á lífsgæði.

Við viljum geta ferðast til annarra landa og fengið ferðamenn til okkar. Hluti af góðu ferðalagi er að neyta matar og upplifa það sem í boði er. Einangrun er ekki málið, hvorki fyrir menn né matvæli nema ef ágengir smitsjúkdómar og farsóttir geisa, þá er eðlilega gripið til tímabundinna varúðarráðstafana svo sem einangrunar, ferðalög eru bönnuð og flutningur vöru af sýktum svæðum bannaður á meðan sóttin gengur yfir. Að öðru leyti dugar fagmennska í meðferð matar og virkt eftirlit. Varanleg einangrun manna og dýra dregur of mikið úr lífsgæðum.

**Matvælaviðskipti um allan heim**

Þannig virkar þetta innan Evrópu og í aðalatriðum um heim allan. Innflutningur á ferskri matvöru er heimill uppfylli hún skilyrði um vandaða meðhöndlun. Einnig á Nýja-Sjálandi og í Japan sem oft er vitnað til enda eyjur eins og Ísland. Þau heimila matvælainnflutning undir eðlilegu eftirliti, banna bara tímabundið innflutning frá viðkomandi svæði ef upp kemur sýking svo sem salmonella eða grunur um fuglaflensu.

**Í staðinn mætti jafnvel auka beina styrki til bænda því hagur neytenda af niðurfellingu tolla er það mikill.**

Fyrir neytendur og almenning í þessu landi bætir fersk vara og fjölbreytt frá öðrum löndum vöruframboð, líka með hollri samkeppni við innlenda framleiðslu. Landsmenn og gestir okkar njóta fjölbreyttari gæðamatar á eðlilegra verði. Það verður betra að eiga hér heima og ánægjulegra að sækja okkur heim.

**Tollverndin kostar of mikið**

Næstu skref í þessum dúr hljóta svo að vera afnám matartollanna og að breyta landbúnaðarstefnunni þannig að bændur geti keppt á markaði við innflutning og bætt sinn hag. Í staðinn mætti jafnvel auka beina styrki til bænda því hagur neytenda af niðurfellingu tolla er það mikill.

Vísbendingar eru um að niðurfelling matartolla af kjötvöru, eggjum og mjólk lækki meðalverð þeirra vöruflokka um 35% og getur það sparað okkur um 100.000 kr. á landsmann á ári. Lægri kostnaður við Íslandsferð, með lægra matarverði, styrkir einnig þróun ferðaþjónustu um allt land, en borið hefur á því að fleiri ferðamenn spari við sig að ferðast til landið vegna kostnaðar, láti nægja að ferðast um suðvesturhorn landsins.

**Sláum ekki framtíðinni á frest**

Vonandi mun ný ríkisstjórn vinna að hag neytenda í þessum málum en ekki leita leiða til að slá framtíðinni á frest. Augljóst er að tollamúrar og tæknilegar viðskiptahindranir eru á undanhaldi. Við þurfum að ná nágrönnum okkar í Evrópu hvað þetta varðar. Þeir eru fyrir löngu búnir að fella niður tollamúra og tæknilegar viðskiptahindranir sín á milli, líka varðandi matvöru, enda skiptir hún svo miklu máli bæði hvað varðar lífskjör og lífsánægju.

# Barátta mín fyrir því að fá hjálp í heilbrigðiskerfinu á Íslandi



**Valgeir Matthías Pálsson**
öryrki

**Það á að vera sjálfsögð krafa allra að eiga rétt á góðri og fullkominni heilbrigðisþjónustu hvar í flokki sem menn standa.**

Ég, Valgeir Matthías Pálsson, hef barist fyrir því síðastliðin 2-3 ár að fá hjálp í heilbrigðiskerfinu á Íslandi. Ég hef barist fyrir því að fá viðurkenndan þann rétt minn samkvæmt stjórnarskrá að fá hjálp, en án árangurs.

Mál mitt hefur þvælst á milli stofnana ríkisins eins og Embættis landlæknis, Umboðsmanns Alþingis og velferðarráðuneytisins með litlum eða engum árangri.

Ég hef litla sem enga aðstoð fengið á Landspítalanum frá árinu 2008. Það ár tóku nýir læknar við meðferð minni. Ég hef glímt við þunglyndi og kvíða um margra ára skeið.

Oft spyr ég mig þeirrar spurningar hvers vegna sumir fái hjálp en aðrir ekki. Er það réttlátt á þeirri forsendu að allir skuli vera jafnir gagnvart stjórnarskránni og öllu því tilheyrandi?

Mannréttindi eru brotin á mér vegna þessa máls og einnig er 76. grein stjórnarskrárinnar þverbrotin gagnvart mér í þessu máli. Einnig má benda á það að í sjúklingalögum eru allmargar greinar brotnar á mér.

Mál mitt er ekki flókið. Það snýst um það að ég fái hjálp á erfiðum stundum eins og allir aðrir þegnar þessa lands. Margir kunna að spyrja sig þeirrar spurningar hvers konar hjálp ég sé að sækjast eftir. Því er til að svara að ef maður er með miklar sjálfsvígshugsanir, þá á maður náttúrlega að fá hjálp á geðsviði LSH!

Ég skrifa þennan pistil hér vegna þess að ég hef barist, ég hef barist einn og án mikils stuðnings í þessu máli síðastliðin 2-3 ár. Ég hafði góðan mann mér við hlið vegna þessa máls allt þar til fyrir stuttu að hann fór utan í námsleyfi. Mannréttindalögfræðingar á Íslandi hafa ekki sýnt máli mínu mikinn skilning. Enda kannski lagalega flókið í lögfræðilegum skilningi.

Mér þykir eins og samfélagið, Ísland, hafi brugðist mér. Hvers á ég að gjalda? Setjið ykkur í mín spor. Ef þið verðið veik, þá eigið þið að sjálfsögðu rétt á því að fá bestu og fullkomnustu heilbrigðisþjónustu sem völ er á hverju sinni.

Ég blæs á allar sögur um það að ekki sé til nægt fjármagn í heilbrigðiskerfinu til að sinna málum eins og þeim sem lúta að mér. Ég blæs á það. Það eru til nægir peningar á Íslandi. Þeim er bara ekki rétt varið.

Það á að vera sjálfsögð krafa allra að eiga rétt á góðri og fullkominni heilbrigðisþjónustu hvar í flokki sem menn standa.

Ég hef ekki góða sögu að segja frá stofnunum eins og Embætti landlæknis og fleiri stofnunum ríkisins sem sinna þessum málum. Landlæknisembættið kóar með læknum á Landspítalanum og alltaf hafa þeir rétt fyrir sér. Aldrei sjúklingurinn.

Hjá Landlækni starfa margir læknar sem sinnt hafa störfum á Landspítalanum og hafa því góða innsýn í störf spítalans.

Í lokin vil ég segja eftirfarandi: Það er óeðlilegt og óafsakanlegt að láta fólk sem líður andlegar vítiskvalir vera heima hjá sér án alls stuðnings og eftirlits. Það þekkist ekki í þjóðfélögum sem við viljum bera okkur saman við.

En ég vildi bara með þessum pistli segja frá því að það er til fólk hér á Íslandi sem ekki fær hjálp á erfiðustu stundum lífs síns. Þegar veikindi herja á.

# Fólk

Lífsstíll

FÖSTUDAGUR 24. NÓVEMBER 2017

# Varð óvænt sjö barna systir

Söngkonan Íris Lind Verudóttir hafði í tíu ár verið einkabarn móður sinnar þegar hún komst að því að hún ætti sjö hálfsystkin. Hún er sannfærð um að hún eigi þau enn fleiri. →2



MYND/ERNIR



**Margrét Kjartansdóttir dvelur hluta ársins á Indlandi þar sem hún prjónar íslenskar lopapeysur handa nágrannabörnum.** →4



Framhald af forsíðu ➪

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@365.is



Ég er handviss um að eiga enn fleiri systur eða bræður því margar íslenskar konur lifðu í skömm á þessum árum þegar það þótti mikið tabú að deita útlending og hvað þá skáeygðan,“ segir Íris sem er fædd 5. desember 1977 og ber nafn móður sinnar að eftirnafni.

„Pabbi var karatekennari sem kom til Íslands með Bandaríkjaher og þjálfaði hermenn í bardagalistum á Vellinum. Hann var mikill sjarmör, þótt ekki væri hann hár í loftinu, eða 159 sentimetrar, og var einn af stofnendum Karatefélagsins Þórshamars þar sem hann kenndi ungum og fallegum konum sem heilluðust af hæfileikum hans í karate,“ segir Íris um föður sinn Reyni Santos sem kom ötullega að karatekennslu þegar hann bjó á Íslandi.

„Þegar pabbi hætti að starfa fyrir herinn festi hann ráð sitt og eignaðist enn fleiri börn. Hann er rafeindavirki og rak verkstæði þar sem hann varð til dæmis frægur fyrir að búa til svokallaða sjóræningjalykla. Í þá daga afhenti Stöð 2 afruglara fyrir dagskrána en pabbi fékk nokkra lykla sem hann útbjó þannig að eitt númer dugði á þá alla. Þetta var óvinsælt og var pabbi heimsóttur í beinni útsendingu og tekinn í bakaríið fyrir að leyfa vinum sínum að njóta dagskrár Stöðvar 2 á einu og sama númerinu,“ segir Íris og brosir í kampinn að minningunni. Þegar Íris var tíu ára stóð hún í þeirri meiningu að hún væri einkabarn.

„Þá hringir ein af barnsmæðrum pabba með þá sniðugu hugmynd að ná okkur systkinunum saman. Ég heyrði hvert orð sem sagt var í símtólið og þegar mamma sagði nei, sagði ég jú, ég vil hitta þau! Þar með kynnist ég óvænt sex systkinum en einn var enn týndur. Við erum öll í góðu sambandi í dag,“ segir Íris og er hamingjusöm með afdrifaríka Íslandsdvöl föður síns sem skilaði af sér mörgum fögrum ávöxtum.

„Ég er auðvitað þakklát fyrir frjósemi pabba því hennar vegna er ég til og á yndislegt líf. Þau mamma voru kærustupar í stuttan tíma og það var þeirra síðasta nótt saman þegar ég kom undir. Í æðum mínum rennur því íslenskt blóð en líka filippseyskt, kínverskt og spænskt frá pabba. Ég hef útlitið líka að mestu frá pabba en hann virðist samt hafa verið búinn með eitthvað af litarefnunum þegar kom að mér,“ segir hún hláturmild og gullfalleg.

Systkini Írisar samfeðra eru fædd á 22 ára tímabili og eru bæði tvö elstu og tvö yngstu alsystkin.

„Ég er einhvers staðar í miðju systkinahópsins og komst aðeins í kynni við pabba á unglingsárunum en nú býr hann í Suður-Afríku með lítil sem engin tengsl við börnin sín á Íslandi.“



Íris Lind segir minnst tvær ættir á landinu bera eftirnafnið Santos og að enginn skyldleiki sé þar á milli. MYND/ERNIR

## Heilluð af skordýrum

Íris og móðir hennar, Vera Lind Þorsteinsdóttir, eru samrýmdar og segir Íris móður sína hafa staðið sig frábærlega sem einstæð móðir.

„Mamma er hörkukvensa sem lét ekkert stoppa sig og var dugleg að gera það sem henni datt í hug. Hún var ein fyrstu kvenna sem unnu á skurðgröfu og komst í fréttir fyrir þær sakir að hafa klesst niður staur, en það hefði vart þótt tiltökumál ef um karl hefði verið að ræða. Ég hef alltaf verið stolt af mömmu sem sótti mig stundum á skurðgröfu í leikskólann, sem fæst börn fá að upplifa,“ segir Íris.

Þær mæðgur flökkuðu á milli landshluta þegar Íris var 3 til 6 ára.

„Þá réð mamma sig sem ráðskona í sveit og ég undi mér vel í sveitinni. Bændurnir voru einstæðir karlmenn sem sumir ætluðust til þess að mamma ynni líka næturvinnu í bólinu en hún vildi það bara alls ekki og tók okkur þá upp og við förum á næsta stað,“ segir Íris sem naut sín ekki síst innan um dýrin.

„Ég hef sérstakan áhuga á skordýrum. Ég er ekkert hrædd við að handfjatla skorkvikindi og mér þykja þau heillandi. Um daginn sá ég í sjónvarpinu fólk sem hámaði í sig risastórar, hvítar og sprelllifandi lirfur beint upp úr jörðinni og þegar ég sá hvernig fólkið át lirfurnar af nautn fékk ég nánast vatn í munninn,“ segir Íris og hlær dátt.

## Efast ekki um tilvist Guðs

Trú er stór þáttur í lífi Írisar og á uppvaxtarárunum fóru mæðgurnar alltaf með bænir fyrir svefninn.

„En það er eitt að fara með bænir eins og ljóð og vita að Guð sé til staðar, en annað að uppgötva að tilvist hans sé raunveruleg. Að upplifa nærveru einhvers sem er svo miklu stærri og æðri en maður sjálfur, og að hann sé í alvöru að hlusta á bænir manns og svara þeim. Þá verður trúin miklu persónulegri en það gerðist ekki fyrr en ég kynnist Jesú í gegnum Krossinn,“ útskýrir Íris sem var unglingur þegar hún fylgdi elstu systur sinni á samkomu í Krossinum og ekki varð aftur snúið.

„Helmingur ævi minnar fór í kirkjulíf Krossins og þar fann ég líka eiginmann minn í gítarleikara kirkjunnar, Emil Hreiðari Björnssyni. Mér fannst hann skemmtilegur karakter með flottar hendur og flottan háls,“ segir Íris sem gafst Emil sumarið 1998, þá tvítug að aldri. Saman eiga þau þrjú börn.

„Ég fór í Hússtjórnarskólann til að undirbúa mig því ég vildi verða óaðfinnanlega góð eiginkona. Ég er þó lítt gefin fyrir heimilisstörf og vil vinna úti. Námið var gagnlegt fyrir unga brúði og handavinnan höfðaði sérstaklega til mín,“ segir Íris sem langaði að verða járnsmiður eftir nám í hönnun, en hafði ekki nægan metnað til að ljúka því námi. Hún starfar nú sem deildarstjóri, vaktstjóri og trúnaðarmaður hjá Rúmfatalagernum.

„Ég vann um tíma í Tónlistarhúsi Kópavogs en var þar yngst á fjögurra manna vinnustað og fann mig ekki sökum þess hve ég er félagslynd. Ég vil hafa líf í tuskunum, fullt af fólki í kringum mig og Rúmfó er einstaklega skemmtilegur vinnustaður.“

Íris er nú í hvítasunnusöfnuðinum í Fíladelfíu.

„Eftir að hafa tileinkað Krossinum stóran hluta lífs míns var það áfall þegar hann hrundi eins og spilaborg árið 2011. Það þurfti tíma til að jafna sig á slíku. Maður getur ofkeyrt sig í þjónustu og þótt verkefnin séu göfug og gefandi má ekki gleyma að hlúa að sjálfum sér og fjölskyldunni. Það hafði ég gert. Ég stíg því enn varlega til jarðar og tek aðeins að mér verkefni sem mig langar að taka þátt í og treysti mér til,“ segir Íris, en þau hjónin hafa tekið að sér að leiða lofgjörð og söng í hinum ýmsu kirkjum, þar á meðal Fíladelfíu, Kefas, Catch the fire og Smárakirkju.

„Ég skynja návist Guðs á hverjum degi og er ekki í neinum einasta vafa um að Guð sé til. Hann er eins raunverulegur fyrir mér og að ég er að tala við þig. Mér þætti ekki eins létt að takast á við lífið ef ég ætti ekki Guð að. Hann er mitt haldreipi í lífinu og ég get lagt allt í hendur Hans, börnin mín, heimilið, fjárhaginn; hvað sem er. Ég á öryggi og hvíld í Guði og vildi ekki skipta á því fyrir nokkurn hlut.“

## Ekki tilbúin að verða fertug

Íris stendur á fertugu 5. desember næstkomandi. Sama dag og hún syngur einsöng á jólatónleikum Fíladelfíu, sem landsmenn hafa notið að hlýða á á Stöð 2 undanfarin aðfangadagskvöld. Hún hefur lengi starfað með Óskari Einarssyni sem stjórnað hefur kór Fíladelfíu í áraraðir.

„Jólatónleikarnir hafa oftar en ekki farið fram á afmælisdegi mínum og ég hef meira að segja fengið afmælissöng frá öllum salnum. Ég vona bara að látið verði sem ég sé tvítug en ekki fertug ef fólk brestur í söng á stórafmælinu því ég er ekki tilbúin að verða fertug né líður mér eins og fertugri frú,“ segir Íris og hlær. Hún mun líka syngja einsöng með gospelkór Óskars á jólatónleikum Björgvins Halldórssonar í Hörpu í desember.

„Ég elska kröftugt gospel en líka svokallaða gráttónlist sem snertir svo við manni að maður á bágt með að halda aftur af tárunum. Annars finnst mér gaman að syngja allt á milli himins og jarðar, og mamma stóð sig vel í tónlistaruppeldinu heima með óperur, þungarokk, harmóníkutónlist, dægurtónlist og allt þar á milli,“ segir Íris sem árið 2012 tók þátt í undankeppni Eurovision með lagið Aldrei segja aldrei.

„Lagið og textinn er eftir bróður minn sem ég hafði þá nýlega kynnst. Ég væri vissulega til í að taka þátt sem sólóisti í Eurovision, ef ég hefði trú á laginu, en mér líður ótrúlega þægilega í bakröddum og fór utan með Svölu sem var ógleymanleg upplifun.“




**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Útgefandi:** 365 miðlar | **Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson | **Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433




**VERZLANIR OKKAR Í REYKJAVÍK:**

FARMERS & FRIENDS
Hólmaslóð 2 / Grandi

FARMERS & FRIENDS
Laugavegur 37

**WWW.FARMERSMARKET.IS**




HÓLMASLÓÐ 2




LAUGAVEGUR 37

# Íslenskar lopapeysur á Indlandi

**Indland er annað heimili Margrétar Kjartansdóttur. Hún dvelur þar hluta úr ári og hefur notað tímann til að prjóna lopapeysur handa nágrannabörnum sínum.**

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is



Björg t.v. og Margrét ásamt nágrannabörnunum í íslensku lopapeysunum.



Ung nágrannastúlka Margrétar var kát með fallegu peysuna sína.

Síðan í febrúar 2013 hef ég dvalist á Indlandi frá október og fram í apríl. Ég lenti í ákveðnu áfalli á Flórída í Bandaríkjunum þar sem ég dvaldi vetrarlangt á árum áður og vegna þess að ég hef lengi haft áhuga á andlegum málefnum fann ég að Indland var rétti staðurinn til að byggja sálina upp að nýju,“ segir Margrét Kjartansdóttir, sem um árabil rak húsgagnaverslunina Míru við góðan orðstír.

„Ég hafði oft komið til Indlands síðan árið 1992 og stundaði hér viðskipti þannig að ég þekkti ágætlega til landsins. Engu að síður var fyrsti veturinn mjög erfiður og það tók mig dálítinn tíma að aðlagast nýju samfélagi, sem er mjög ólíkt því sem við þekkjum. Hér eru aðrir siðir, öðruvísi matur og annað loftslag en við Íslendingar eigum að venjast. Núna kann ég svo vel við mig að ég vil helst hvergi annars staðar vera og finnst yndislegt að dvelja hér á Indlandi. Svo lengi sem mér endist líf og heilsa ætla ég að vera hérna með annan fótinn,“ segir hún.

## Fyrsti veturinn erfiður

Upphaflega fór Margrét á búddískt hugleiðslusetur á Suður-Indlandi en síðan leiddi eitt af öðru og núna býr hún í góðri íbúð við rætur Mt. Abu í Rajasthan, í hverfi sem tilheyrir virtum hugleiðsluskóla. „Hér er mikið rennerí af fólki en ég hef líka kynnst fólki frá öllum heimsins hornum en fyrir utan mig er aðeins einn útlendingur búsettur hérna, það er pólsk kona og á milli okkar hefur skapast góð vinátta,“ segir hún.

Fyrsti veturinn á Indlandi var ekki síst erfiður því hann var kaldari en Margrét hafði átt von á. Hún segir hitastigið iðulega fara niður fyrir frostmark á veturna og húsin eru ekki kynt. „Það getur því orðið heldur kalt. Árið eftir var ég betur undirbúin og tók dúnsængina mína með frá Íslandi og var vel birg af hlýjum fötum.“

## Prjónar peysur á börnin

Þegar Margrét áttaði sig á að indverskir nágrannar hennar áttu ekki mikið af hlýjum fatnaði ákvað hún að taka til sinna ráða og er nú búin að prjóna lopapeysur handa börnunum í hverfinu. „Ég hafði aldrei verið mikil prjónakona en hafði þann grunn sem ég fékk í barnaskóla á sínum tíma. Ég fann uppskriftir og las mig í gegnum þær og hef verið óstöðvandi síðan. Ég hef líka gaman af því að prjóna þessar peysur því það hefur einhvern tilgang. Ég kem alltaf til Indlands með stútfullar ferðatöskur af íslenskum lopa,“ segir hún hlæjandi en Björg, systir hennar, hefur verið góður liðsauki og einnig prjónað nokkrar peysur.

Lopapeysurnar eru litríkar og langt frá því að vera í íslensku sauðalitunum. „Indverjar eru hrifnir af skærum litum. Hér eru allar konur í flottum sarí og fallegum kjólum. Þótt þær séu fátækar og vinni í byggingarvinnu eru þær fallega klæddar og bera sig einstaklega vel,“ segir Margrét og minnist á hversu hrifin hún sé af indversku börnunum. „Þau eru sérlega glöð og kát þótt hér eigi enginn neitt. Þau eiga ekki einu sinni leikföng á meðan það flæðir út úr dótakössunum hjá íslenskum börnum. Ég kom eitt sinn með litla leikfangabíla handa þeim en þau vissu ekki einu sinni hvað átti að gera við þá. Ég held að þessi gleði sé vegna þess að börnin eru alltaf í fanginu á annaðhvort mæðrum sínum eða eldri systkinum og fá við það svo mikla öryggistilfinningu. Þau eru aldrei vælandi eða vansæl,“ segir Margrét.

Eftir að Margrét birti myndir af peysunum góðu í Facebook-hópnum Handóðir prjónarar hafa margir haft samband við hana og vilja prjóna á indversku börnin. Margrét segir sjálfsagt að bregðast við því og bendir áhugasömum á að senda sér tölvupóst á netfangið mkjartansdottir@gmail.com.



Þessi kona rekur verslun og saumar fyrir fólk.



„Stund milli stríða, konur hér vinna mikið og hljóta að nota hverja stund til hvíldar,“ segir Margrét, sem býr á Indlandi frá október til apríl ár hvert.



Indverskar konur í byggingavinnu.



# Bók er best vina!




fullt verð 5.999 kr.
tilboðsverð 4.799 kr.




fullt verð 3.490 kr.
tilboðsverð 2.790 kr.




fullt verð 6.990 kr.
tilboðsverð 5.590 kr.




fullt verð 6.990 kr.
tilboðsverð 5.590 kr.




fullt verð 5.490 kr.
tilboðsverð 4.390 kr.




fullt verð 6.499 kr.
tilboðsverð 5.199 kr.




fullt verð 5.999 kr.
tilboðsverð 4.799 kr.




fullt verð 6.499 kr.
tilboðsverð 5.199 kr.




fullt verð 3.999 kr.
tilboðsverð 3.199 kr.




fullt verð 4.999 kr.
tilboðsverð 3.999 kr.




fullt verð 5.990 kr.
tilboðsverð 4.790 kr.




fullt verð 6.990 kr.
tilboðsverð 5.590 kr.




**BÓKABÚÐ**
**MÁLS & MENNINGAR**
LAUGAVEGI 18

Opið alla daga til kl. 22.00
facebook.com/malogmenning

# Upplifði nístandi sársauka

**Eliza Reid forsetafrú og Eva María Jónsdóttir, verndari UN Women á Íslandi, heimsóttu griðastaði UN Women í Zaatari-flóttamannabúðunum í Jórdaníu. Eva María segir ferðina erfiða reynslu.**

Elín Albertsdóttir
elin@365.is





Eliza með nokkrum konum í flóttamannabúðunum.

Eliza og Eva María ræddu við konur sem halda til í Zaatari-búðunum og sækja griðastaði UN Women þar sem konur og börn þeirra hljóta vernd, öryggi og atvinnutækifæri. Nú stendur yfir söfnun fyrir nýbakaðar mæður á þessum slóðum undir heitinu Elsku mamma. Jólagjöf UN Women er mömmupakki fyrir nýbakaða móður í Zaatari-flóttamannabúðunum í Jórdaníu.

Eva María segir að fyrirfram hafi ferðalagið á þessar slóðir verið dálítið kvíðvænlegt. „Ég þekki mig ekki á þessum slóðum og þær fregnir sem berast hingað vitna allar um hörmungar og gríðarlega erfiðleika enda var áfangastaðurinn Zaatari-flóttamannabúðirnar sem eru staðsettar einungis 15 km frá landamærum Sýrlands. Þegar við mættum á staðinn upplifði maður svo mikla gestrisni, þakklæti og gæsku. Allir voru ánægðir að fá gesti frá fjarlægum stað sem létu sér annt um ástand fólks og vildu miðla því til Íslendinga og hugsanlega fleiri. Samt fann maður líka fyrir vonleysi víða og gríðarlegum söknuði eftir þeim sem féllu í stríðinu í Sýrlandi. Þessi sorg hvílir yfir öllu þó að fólk brosi og geri að gamni sínu inni á milli,“ segir hún.

## Bágar aðstæður

Eva María hafði ekki áður komið lengra austur en til Tyrklands og eina landið sem hún hafði heimsótt sunnar var Mósambík en þangað fór hún á vegum Unicef árið 2008. „Ég hafði aldrei séð flóttamannabúðir áður og var bæði forvitin og spennt að dvelja nokkra daga á slíkum stað og vinna með fólkinu sem á þar heimili. Ég hafði auðvitað kynnst fólki frá arabíska menningarsvæðinu en þarna kynntist ég því á annan hátt og mjög innilegan.

> Fyrir ferðina var ég friðarsinni en nú hef ég séð og fundið hinn nístandi sársauka sem stríð og vopnaskak veldur. **Maður hefur því ímugust á stríðsrekstri og vildi svo gjarnan að mannkynið tæki stórstígum framförum í að leysa ágreining. Það væri kraftaverk.**

Það var mikið að gera þegar komið var á staðinn því eftir því sem leið á ferðina vildi fólk segja okkur meira frá sínum upplifunum og aðstæðum, sömuleiðis var fólk þakklátt fyrir að eftir því væri munað. Það gæti gerst að heilu kynslóðirnar alist upp í flóttamannabúðum við bágar aðstæður og lendi í gildru fátæktar sem erfitt er að brjótast úr. Möguleikar þessa fólks til að njóta sín í lífinu eru ekki miklir. Þess vegna var mikilvægt fyrir það að fá utanaðkomandi gesti til að minna á og miðla raunveruleika þess, hvetja fólk til að leggja hönd á plóg til að hjálpa til við að leysa úr vandanum sem risastórar flóttamannabúðir valda,“ segir Eva María.

## Gestrisni

Þegar hún er spurð hvort ferðin hafi breytt sýn hennar á eigið líf, svarar Eva María: „Ferðin breytti mikið sýn minni á eigin vandamál. Mér finnst þau mjög auðkljúfanleg eftir að hafa séð hvernig fólk dregur fram lífið á slíkum stað. En svo þarf maður að muna að bera virðingu fyrir sínum eigin viðfangsefnum eða vandamálum og halda áfram að vinna í þeim, líta ekki niður á þau þótt vandamál annarra séu stærri og snúist bókstaflega um skilin á milli lífs og dauða. Fyrir ferðina var ég friðarsinni en nú hef ég séð og fundið hinn nístandi sársauka sem stríð og vopnaskak veldur. Maður hefur því ímugust á stríðsrekstri og vildi svo gjarnan að mannkynið tæki stórstígum framförum í að leysa ágreining. Það væri kraftaverk.

Mér er eftirminnilegust heimsókn til sjö manna fjölskyldu sem bjó í tveimur gámum. Þarna voru aðstæður mjög bágbornar, þó kannski ekki á mælikvarða búðanna almennt. Allir sofa í flatsæng á gólfinu og hengja fötin sín á nagla sem standa út úr vegg. Samt voru börnin að stefna á að læra lögfræði, tónlist og sjálfsvörn, rétt eins og börnin hér á landi. Þau höfðu áhugamál og metnað og foreldrunum var umhugað um möguleika þeirra til að eiga gott líf óháð því að þau væru að alast upp í flóttamannabúðum. Ég gleymi þessari heimsókn aldrei og gestrisninni sem ég upplifði þarna, né heldur voninni í börnunum og áhyggjum foreldranna,“ segir Eva María og bætir við að umhyggjan hér á landi komi upp í hugann en sem betur fer eru margir tilbúnir að hjálpa og vinna í þágu þeirra sem búa við þessar hræðilegu aðstæður. „Það er ómetanlegt fyrir þá sem lifa sem flóttamenn í augnablikinu að fólki standi ekki á sama og það sé í raun tilbúið að gera eitthvað.“



Það fæðast 60-80 börn í flóttamannabúðunum í hverri viku.



Eva María segir að gestrisnin hafi verið ótrúleg hjá íbúum í Zaatari.

## Enginn tannlæknir

Annað sem kom henni á óvart var tannheilsa fólksins. „Það sem ég hafði ekki hugsað út í fyrr en ég kom á staðinn var tannheilsa fólks í þessum aðstæðum. Þó hún varði sjaldnast hvort menn lifa eða látast þá var eftirtektarvert hvað skortur á vatni hefur mikil áhrif á tannheilsu allra á svæðinu. Börnin voru mörg með brenndar tennur og drekka sennilega meira af gosi og söfum en hreinu vatni. Einnig voru margar ungar konur búnar að missa einhverjar tennur og maður hugsaði til þess að tannlæknar og aðrir sérfræðingar um tannheilsu þyrftu að láta til sín taka á slíkum svæðum með því að sameinast um átak fyrir fólk í flóttamannabúðum.“

## Ómetanleg hjálp

UN Women starfrækir griðastaði fyrir konur og börn þeirra þar sem konurnar hljóta vernd, öryggi og atvinnutækifæri og börn þeirra fá daggæslu. Á griðastöðum UN Women hafa konur á flótta tækifæri til að afla sér tekna með því að sauma ungbarnaföt og burðarrúm fyrir alla nýbura sem fæðast í búðunum. Nú er ískalt á þessum slóðum og lífsskilyrði erfið. Um 80 þúsund manns búa í Zaatari eftir að hafa flúið stríðsátök og ofbeldi í Sýrlandi. Yfir 64.000 íbúanna eru konur og börn þeirra. 60-80 börn fæðast í búðunum í hverri viku.

Mömmupakki UN Women kostar 3.990 krónur og fæst hjá unwomen.is eða í síma 552-6200.




BLACK FRIDAY
Föstudaginn 24 og laugardaginn 25 nóvember
20% AF ÖLLUM VÖRUM
SENDUM FRÍTT HVERT Á LAND SEM ER!
Curvy.is
Sjáðu úrvalið og pantaðu í netverslun www.curvy.is
eða komdu við í verslun okkar að Fákafeni 9
Opið frá kl . 11-18 á föstudag og frá kl 11-16 á laugardag










KOLSVARTUR
FÖSTUDAGUR
40%
AFSLÁTTUR AF HARÐPARKETI, UNDIRLAGI OG LISTUM*
40%
AFSLÁTTUR AF ÖLLU KÄHRS PARKETI*
30-50%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM FLÍSUM*
HVÍTAR INNIHURÐIR VERÐ FRÁ 29.900 KR.
*AFSLÁTTUR VEITTUR AF FULLU VERÐI
RISA LAGERSALA VEGNA FLUTNINGS Í NÝTT LAGERHÚSNÆÐI
LAGER SALA
ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR
AF VÖLDUM VÖRUM Á LAGER OKKAR, HOLTAVEGI 8,
OPIÐ FÖSTUDAG 9-18, LAUGARDAG OG SUNNUDAG 11-16
Birgisson®
Ármúli 8 I 108 Reykjavík I Sími 516 0600 I www.birgisson.is

# Spinnur íslenska ull í ofurþykkt



Erla Svava Sigurðardóttir varð sér úti um rokk til að spinna ofurþykkt garn úr íslenskri ull. Hún tekur þátt í sýningu Handverks og hönnunar sem stendur yfir í Ráðhúsi Reykjavíkur. MYND/ANTON BRINK

**Erla Svava Sigurðardóttir greip til sinna ráða þegar henni gekk erfiðlega að finna hnausþykkt garn til að prjóna úr. Hún spinnur garnið sjálf úr íslenskri ull og prjónar með höndunum. Erla tekur þátt í markaði Handverks og hönnunar í Ráðhúsi Reykjavíkur.**

Teppi úr hnausþykku garni er eitthvað sem margir hafa séð en virðist samt dálítið erfitt að eignast. Mig langaði til að prjóna teppi sjálf með handleggjaprjóni en það virtist hvergi hægt að fá svona garn. Ég pantaði garn á netinu og heim komið kostaði það mig tugi þúsunda. Ég fór því að velta fyrir mér leiðum til að búa garnið til sjálf,“ segir Erla Svava Sigurðardóttir en hún prjónar úr íslenskri ull og er einn þátttakenda sýningar Handverks og hönnunar í Ráðhúsi Reykjavíkur.

Erla Svava fjárfesti í rokk frá Nýja-Sjálandi til að spinna sérstaklega þykkt garn og koma hugmyndum sínum í framkvæmd.

„Ég hugsaði að nú yrði þetta lítið mál. Íslenska ullin er þó sérstök og miklu meira líf og karakter í henni en annarri svo þetta reyndist heilmikið mál þegar upp var staðið og ég skil núna af hverju enginn var að gera þetta á Íslandi,“ segir hún sposk. Hún gafst þó ekki upp og við tóku stífar tilraunir.

„Það hefur tekið mig um það bil ár að þróa garnið þannig að ég sé ánægð með það. Nógu þétt en ekki um of, fari ekki úr hárum og fleira. Ég kaupi ullina frá Ístex en er að þreifa fyrir mér með að kaupa beint af bónda. Núna er garnvinnslan og prjónaskapurinn þó það mikil vinna að ég get ekki bætt því við að þvo ullina líka. En ég vonast til að komast í samvinnu við bændur um ull bæði til að nota í fyllingar og garn. Ég vil hafa allt eins náttúrulegt og ég get. Vörumerkið mitt, Yarm, sem ég sauma í teppin er úr íslensku nautsleðri sem sútað er á Sauðárkróki og brennt hjá litlu fjölskyldufyrirtæki í Hafnarfirði.“

Erla segist ekki hafa verið mikil prjónakona áður en ævintýrið hófst, hafa aldrei klárað heila peysu. Nú sé hún hins vegar með


Vörur Erlu eru í sauðalitunum.

ótal hugmyndir á teikniborðinu og prjónaskapurinn hafi algerlega tekið yfir.

„Þetta vatt ótrúlega hratt upp á sig og eftirspurnin er mikil. Ég á ekkert teppi heima hjá mér, þau fara heim með gestum sem líta inn. Þetta er svo langt gengið að ég er búin að segja upp föstu starfi og hef snúið mér alfarið að þessu,“ segir Erla. „Þetta er eins og ótrúlegt ævintýri og sérstaklega gaman að fá að taka þátt í sýningu Handverks og hönnunar. Ég lánaði einnig teppi og púða í auglýsingu með leikkonunni Kate Hudson sem tekin var upp hér á landi. Ég er ekki búin að sjá hana sjálf en skilst að þau sjáist eitthvað í mynd.“

Nánar má forvitnast um Yarm á Facebook og Instagram.


Hnausþykk teppin hafa vakið mikla athygli. MYND/YARM


Margra mánaða þróunarvinna liggur að baki þykka garninu en mikið líf og er í íslensku ullinni að sögn Erlu. MYND/ANTON BRINK


„Ég vonast til að komast í samvinnu við bændur um ull bæði til að nota í fyllingar og garn. Ég vil hafa allt eins náttúrulegt og ég get.“ MYND/YARM


## JÓLABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

Stóra jólablaðið frá Fréttablaðinu kemur út þriðjudaginn 28. nóvember.

Blaðið er stútfullt af allskonar skemmtilegu efni tengdu jólunum.

**Áhugasamir auglýsendur hafið samband við auglýsingadeild sérblaða í síma 512 5402**






SANDALAR | ÚTIVISTARFATNAÐUR | BAKPOKAR | MERINO ULLARFATNAÐUR | HÁLKUBRODDAR

# sótsvartur föstudagur

## ...og laugardagur

# 20% afsláttur

## af öllum vörum

**nema AKU gönguskóm**

því þeir eru bara á svo frábæru verði

# GG•sport

Smiðjuvegur 8, **Græn gata**, 200 Kópavogi

sími: 571 1020 • www.ggsport.is

Opnunartími: í dag föstudag 10-19, laugard. 11-16

„Finndu okkur á Facebook"



# Markar upphaf jólaverslunar

**Hugtakið „svartur föstudagur“ á sér langa sögu í Bandaríkjunum en hérlendis er tiltölulega stutt síðan sá siður verslunareigenda að bjóða mikinn afslátt fjórða föstudag í nóvembermánuði náði fótfestu.**

Svartur föstudagur hefur markað upphaf jólaverslunar í Bandaríkjunum frá árinu 1951. Dagurinn er alltaf fjórði föstudagur í nóvember og miðast við þakkargjörðarhátíðina sem er fjórða fimmtudag í nóvember en hún er brennidepill verslunar fram að þessum degi. Verslunareigendur hafa haft fyrir sið að opna búðir sínar eldsnemma daginn eftir, föstudaginn svarta, klukkan sex, fimm og jafnvel fjögur á morgnana. Og viðskiptavinir láta sig margir hverjir hafa það að gista í tjöldum fyrir framan verslanir til að komast sem fyrst inn þegar opnað er. Ástæðan er gríðargóður afsláttur og tilboð sem gilda aðeins þennan dag. Sögulega þótti ekki við hæfi að auglýsa jólavarning fyrr en eftir að þakkargjörðarhátíðinni, sem sameinar alla Bandaríkjamenn, var lokið og er þessi tilboðsdagur viðbragð kaupmanna til þess að koma jólaversluninni í stað af krafti.

Svarta viðurnefnið á deginum á sér ýmsar skýringar. Ein er sú að á þessum degi breyttust hagnaðartölur verslana úr rauðu sem þýðir mínus yfir í svart sem þýðir að þær séu í plús og önnur eldri skýring segir að liturinn vísi til þess að verkamenn hafi stundað að tilkynna veikindi þennan dag til að ná sér í fjögurra daga helgi en föstudagurinn eftir þakkargjörðardaginn er ekki opinber frídagur og þar af leiðandi ekki rauður dagur í dagatalinu heldur svartur. Aðrir segja að það vísi í umferðaröngþveitið sem skapast þegar allir flykkjast í verslanir til að ná sér í jólagjafir á góðu verði. Þá eru sumir sem benda á ofbeldisverk sem hafa verið framin af kaupglöðum viðskiptavinum. Eitt það óhugnanlegasta er þegar æstur múgur tróð öryggisvörð undir í Valley Stream, smábæ í New York ríki, árið 2008 með þeim afleiðingum að maðurinn lést. Þá hafa fjölmargir látist af skotsárum í bardögum um bílastæði, stað í röð eða síðasta eintakið af vöru á einstöku tilboðsverði og kona ein í Kaliforníu sprautaði piparúða á fólk sem var á undan henni í röð í leikfangaverslun.

Síðustu ár hefur stór kúfur af svarta föstudeginum færst yfir í netverslun mánudaginn eftir sem hefur verið kallaður Cyber Monday eða netheimamánudagur. Þetta dregur vissulega úr slysum og ofbeldi, í raunheimum að minnsta kosti. Netmánudagurinn er svar minni söluaðila við föstudeginum svarta og er mest keypt af fatnaði og tískuvörum þann dag og mun meira en á föstudeginum.

Neytendasamtök víða um heim hafa bent á að eins og með aðra afslætti borgi sig samt að athuga hversu mikill afslátturinn er í raun og veru með því að bera saman fyrri verð á vörum við verð með afslætti á stórtilboðsdögum og ekki láta glepjast af smitandi kaupgleðinni.

Hérlendis hefur svartur föstudagur eða svartur fössari eins og sumir vilja kalla hann náð æ meiri fótfestu, fyrst í netverslun en nú má sjá honum stað í raftækjaverslunum, ritfangaverslunum og jafnvel hefur það gerst að bifreiðaumboð bjóða einstök tilboð á þessum degi.



Jólaverslunin hefst ekki fyrr en fimm vikum fyrir jól í Bandaríkjunum en þá spýtir fólk líka heldur betur í lófana.






# Lesið úr jólabókum við Óðinstorg

Jólabækurnar flæða nú yfir land og lýð og því bera vitni fjölmörg upplestrarkvöld sem haldin eru víða um land. Á kaffihúsinu C is for Cookie sem stendur við Óðinstorg verður lesið úr jólabókum í næstu viku og eitthvað fram eftir jólaföstunni.

Á sunnudaginn klukkan tvö verður áherslan á barna- og unglingabækur en þá lesa Brian Pilkington og Sævar Helgi Bragason úr nýútkomnum bókum sínum um jólaketti og geimverur. Næsta þriðjudagskvöld, 28. nóvember, klukkan átta verður áherslan á ævisögur og endurminningar en þá lesa Silja Aðalsteinsdóttir, Jón Gnarr og Sigmundur Ernir Rúnarsson úr verkum sínum og fimmtudagskvöldið 30. nóvember klukkan átta eru það svo Gísli Pálsson, Adolf Smári Unnarsson og Orri Páll Ormarsson sem fá sviðið með bækur sínar. Á dagskránni í desember eru meðal annars ljóðakvöld 5. desember og sitthvað fleira sem kemur í ljós þegar nær dregur.

Aðgangur er ókeypis og öllum heimill meðan húsrúm leyfir en nánari upplýsingar má fá á Facebook-síðunni C is for Cookie.



Jólakötturinn kemur í heimsókn í C is for Cookie á sunnudaginn.



orkusalan
olis
MANCHESTER BY THE SEA
SULLY
PASSENGERS
FANTASTIC BEASTS AND WHERE TO FIND THEM
THE LEGEND OF TARZAN
THE ACCOUNTANT
BATMAN v SUPERMAN DAWN OF JUSTICE
THE REVENANT
JOY
Það er frábær bíómyndamánuður framundan í desember.
Ekki missa af stórgóðum og þrælskemmtilegum bíómyndum fyrir alla fjölskylduna á Stöð 2.
MARGFALT SKEMMTILEGRI
365.is | 1817

# Einföld og góð eplakaka

Æðisleg eplakaka sem einfalt er að gera. Deigið er bara hrært saman. Kakan er löguð í ílöngu formi.

**Það sem þarf**

1 egg
1,5 dl sykur
1,5 dl hveiti
50 g smjör

**Fylling**

2 epli
2 msk. sykur
1 tsk. kanill
1 msk. möndluflögur

Hrærið saman egg og sykur þar til blandan verður létt og ljós. Bætið hveiti og bræddu smjöri saman við. Hrærið allt saman í létta og jafna blöndu. Setjið deigið í vel smurt form eða á bökunarpappír. Afhýðið eplin og takið kjarnann úr. Skerið í helminga og síðan í sneiðar. Leggið sneiðarnar eftir miðri kökunni og dreifið kanilsykri og möndlum yfir. Bakið við 180°C í 35-40 mínútur.



Volg eplakaka er alltaf í uppáhaldi.



Bakað brie með þurrkuðum ávöxtum og hnetum.

## Jólaostur með hnetum og ávöxtum

Nú eru jólaostar að koma á markaðinn. Er ekki upplagt að gera eitthvað jólalegt með þá? Brie er til dæmis einstaklega góður þegar hann hefur verið bakaður í ofni með ávöxtum, hnetum og fljótandi hunangi. Osturinn er síðan borðaður með góðu snittubrauði.

Það sem þarf er einn stór brieostur, 250 grömm af þurrkuðum ávöxtum og hnetum og 2 desilítrar af fljótandi hunangi.

Leggið ostinn í eldfast mót og bakið hann við 180°C í 20 mínútur. Skerið þurrkaða ávexti í minni bita, fíkjur, apríkósur, rúsínur og trönuber, og blandið með hnetum í skál. Setjið hunangið yfir og hrærið allt saman. Setjið bakaðan ostinn á disk og setjið hnetur og ávexti yfir hann. Berið fram með góðu brauði.



Stór hópur fólks heldur að jörðin sé í raun flöt. NORDICPHOTOS/GETTY

## Eldflaugarskot á að sanna að jörðin sé flöt

Mike Hughes, 61 árs gamall limmósínubílstjóri frá Kaliforníu, ætlar að skjóta sér tæplega 550 metra upp í himininn í heimagerðri eldflaug til að sanna að jörðin sé flöt.

Í Bandaríkjunum er stór hópur fólks sem trúir því að jörðin sé flöt og að allar ljósmyndir sem sýna hnöttótta jörð séu falsaðar af geimförum og geimvísindastofnunum.

Eldflaugarskotið er styrkt af hópi sem kallast Research Flat Earth, sem samanstendur af slíku fólki.

Eldflaugin mun ferðast á um 800 kílómetra hraða á klukkustund. „Ef þú ert ekki dauðhræddur, ertu vitleysingur,“ segir Hughes. „En ekkert okkar kemst lífs af úr þessum heimi.“

Hughes segist hafa smíðað eldflaugina sína úr málmrusli í bílskúrnum sínum. Verkefnið kostaði um tvær milljónir króna.

Takmark Hughes er að komast nokkra kílómetra frá jörðinni og taka ljósmynd sem sannar að geimfarar hafi komið sér saman um að falsa lögun jarðar.

„Ég trúi ekki á vísindi,“ segir Hughes. „Ég hef vit á loftflæði og straumfræði og hvernig hlutir hreyfast í gegnum loftið og eldflaugatækni. En það eru ekki vísindi, það er bara uppskrift. Það er enginn munur á vísindum og vísindaskáldskap.

Ég trúi að jörðin sé flöt,“ sagði Hughes. „Ég kannaði málið mánuðum saman. John Glenn og Neil Armstrong eru frímúrarar. Þegar þú skilur það, skilurðu rót blekkingarinnar.“




# Smáauglýsingar

512 5000
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

SUZUKI



EL-GO rafmagnsvespur. Ekkert próf, engin skráning, BARA GAMAN. Vespurnar eru til í fjórum flottum litum. Sama lága verðið 154.900.- kr.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

## Hópferðabílar



**MERCEDES-BENZ O1117L**
26 sæta Rúta eða húsbílaefni,læst drif,oliumiðstöð,leiðsögukerfi, ekinn aðeins 650þ. Dettur í gang. Verð nú 990.000. Uppl. 820-5181

## Vinnuvélar



**TIL SÖLU**
Snorkel 2033, skæralyfta, með 8m vinnuhæð, árgerð 2006. Verð kr. 800.000,- + vsk. Lyfta ehf Sími 892 7512 www.lyfta.is

## Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700



GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

## Þjónusta

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 699 6069 og 663 5315

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

Unaðsnudd 105 Reykjavík. S. 781 2666 Natalia

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Keypt & Selt

## Til sölu




Hágæða Hornafjarðarhumar og sjávarfang. SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI Heimsending. www.humarsalan.is Pöntunarsimi: 867 6677







BESTI TÍMI TIL AÐ FJÁRFESTA Í BRETLANDI

FJÁRFESTINGARTÆKIFÆRI







FESTU KAUP Á FLOTTRI EIGN Í LONDON!

KYNNINGARFUNDUR DAGANA
28 & 29 NÓVEMBER KL 11-17:00

101 Hotel Hverfisgata 10, 101 Reykjavík
Board meeting room



Marta & Ásdís Ósk

Tímapantanir hjá asdis@husaskjol.is eða í síma: 863-0402

Húsaskjól fasteignasala

Galliard Homes

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**



**Besti og ódýrasti málarinn í bænum. Farðu úr bænum! 2000 kr á tímann.**

**Balli málari**
**S: 697-5583**

## Heilsa

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

## Húsnæði

## Húsnæði óskast

Óska eftir íbúðum fyrir erlenda starfsmenn á höfuðborgarsv.. Uppl. í s: 895 2220

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

## Atvinna

## Atvinna í boði

**BAKARÍ / KAFFIHÚS**
Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í bakarí frá kl. 7-13 og annan hvern lau. 8-14. Íslensku kunnátta skilyrði og ekki yngri enn 20 ára.
**Uppl. sendist á :**
**sveinsbakari@sveinsbakari.is**

VSK #115006. Kt: 1612464849. S: 7778371. Steypusögun, kjarnaborun og múrbrot



**GEFÐU VATN**
gjofsemgefur.is
**907 2003**
Hjálparstarf kirkjunnar

## Skemmtanir




**HAPPY HOUR ALLA DAGA!! kl. 16-19**

**Cafe Catalina**
Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is
*"Best geymda leyndarmál Kópavogs"*

**Leikir helgarinnar**
**Laugardaginn 25. nóv**
14:50 Man. United - Brighton
17:20 Liverpool - Chelsea

**Sunnudaginn 25. nóv**
13:20 Southampton - Everton

**Rúnar Þór og Klettar**



**spila um helgina.**
Föstudag kl. 23:00 - 02:00
Laugardag kl. 00:00 - 03:00
Gullnáman

**Heitur matur í hádeginu alla virka daga • Boltatilboð • Happy hour • Lifandi tónlist allar helgar**

**Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi**
**www.hagvangur.is**





SVARTUR FÖSTUDAGUR
DOLCE GUSTO PICCOLO KAFFIVÉL FYRIR KAFFIHYLKI
NESCAFÉ Dolce Gusto
TILBOÐSVERÐ
3.995
FULLT VERÐ 6.995
-42%
KITCHENAID SEGULBLANDARI
Margir litir
TILBOÐSVERÐ
29.995
FULLT VERÐ 79.995
-62%
ROOMBA 605 RYKSUGUVÉLMENNI
iRobot
TILBOÐSVERÐ
29.995
FULLT VERÐ 49.995
-40%
Revlon sléttujárn
TILBOÐSVERÐ
4.995
FULLT VERÐ 8.995
-44%
Philips skeggsnyrtir
-33%
TILBOÐSVERÐ
3.995
FULLT VERÐ 5.995
Severin handþeytari
-43%
TILBOÐSVERÐ
3.995
FULLT VERÐ 6.995
ALLAR SIRIUS LJÓSASERÍUR OG KERTI
-40%
EVA SOLO GLÖS
-30%
TEFAL GRILLPANNA
26x16sm Talent Pro
TILBOÐSVERÐ
6.495
FULLT VERÐ 12.995
-50%
Sjáðu allt úrvalið á www.byggtogbuid.is
byggtogbúið
KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS
FJÖLDI ANNARRA TILBOÐA




Hlynur Bæringsson er einn af reynsluboltunum í landsliðinu og það mun mæða mikið á honum í leik dagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Vona að strákarnir verði ferskir

**Íslenska karlalandsliðið í körfuknattleik hefur leik í undankeppni HM 2019 í Tékklandi í dag. Landsliðsþjálfarinn er nokkuð brattur fyrir leikinn þó svo það vanti marga lykilmenn í íslenska landsliðið. Hann segist vera með góða blöndu af yngri og eldri leikmönnum sem vonandi dugi til sigurs í Tékklandi.**



Pedersen landsliðsþjálfari þarf að taka á Tékkunum án aðstoðar margra lykilmanna. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**KÖRFUBOLTI** „Mér líður vel með þennan hóp. Ég held að við séum með lið sem er góð blanda,“ segir Craig Pedersen landsliðsþjálfari en hann verður án margra lykilmanna er Íslendingar mæta Tékkum ytra í dag í fyrsta leik liðanna í undankeppni HM 2019.

Í íslenska liðið vantar Jón Arnór Stefánsson, Pavel Ermolinskij, Hörð Axel Vilhjálmsson, Elvar Má Friðriksson, Ægi Þór Steinarsson og Tryggva Snæ Hlinason. Það munar um minna.

### Þrír leiðtogar

„Við erum með leiðtoga þarna í Hlyni, Martin og Hauki Helga. Leikur liðsins verður svolítið byggður upp á þeim og við höfum gert það áður. Það verður mjög spennandi að sjá hvernig við spilum saman eftir stuttan undirbúning,“ segir Pedersen sem hefur verið með liðið í höndunum í Tékklandi síðan á mánudag.

Stærstu menn íslenska hópsins eru aðeins 200 sentimetrar að hæð en hinn 216 sentimetra hái Tryggvi Snær Hlinason er ekki með þar sem félag hans, Valencia, er að leika Evrópuleik sama kvöld. Það er ekkert samstarf á milli Evrópudeildarinnar og Alþjóðakörfuboltasambandsins, FIBA, sem gerir það að verkum að

> Síðasta sumar var erfitt með miklum ferðalögum en ég vona að strákarnir líti á þetta sem frí með vinum sínum þó svo þeir séu að keppa.
>
> Craig Pedersen

Evrópuleikir eru spilaðir sömu kvöld og landsleikir með tilheyrandi veseni fyrir landsliðin.

„Tryggvi getur breytt hlutunum hjá okkur á báðum endum vallarins. Við erum samt að reyna að vera jákvæðir fyrir þessari stöðu hans og höfum átt góð samtöl við hans félag. Vonandi fær hann að koma heim um helgina og spila með okkur heimaleikinn gegn Búlgaríu á mánudag.“

### Yngri þurfa að slá eldri út

Það eru margir leikmenn að fá tækifæri núna og hópurinn er mikið breyttur frá EM síðasta sumar. Í hvaða átt vill Pedersen fara með liðið næstu árin?

„Við erum að reyna að koma ungu kynslóðinni að en ég hef alltaf haft þá sýn að þeir þurfi að slá eldri mennina út. Við höfum rætt hvort við viljum byggja upp aftur eða reyna að komast áfram á lokamót. Við viljum frekar reyna að komast á lokamót í stað þess að falla langt niður er við förum í uppbyggingarferli. Nú finnst mér vera góð blanda í hópnum þar sem eldri mennirnir geta kennt þeim ungu mikið,“ segir Pedersen en hann býst við því að hans lið mæti jákvætt til leiks í dag.

„Ég er að vona að liðið mæti ferskt til leiks. Síðasta sumar var erfitt með miklum ferðalögum og ég vona að strákarnir líti á þetta sem frí með vinum sínum þó svo við séum að keppa. Við þurfum ekki að hafa neinar áhyggjur af því að koma mönnum í form því það eru allir í toppformi.“

### Draumur að vinna báða leiki

Pedersen segist renna frekar blint í sjóinn með þessa fyrstu tvo leiki en strákarnir eiga heimaleik gegn Búlgaríu á mánudag.

„Það væri auðvitað algjör draumur að vinna báða leikina en ég held að ef við spilum vel þá sé allt hægt. Eins og í öllum íþróttum er gríðarlega mikilvægt að vinna sína heimaleiki en við tökum þetta einn leik í einu,“ segir þjálfarinn en hann er að vonum ánægður með að hafa náð góðum undirbúningi í Tékklandi fyrir leikinn.

„Það var ákveðið að gera þetta svona fyrir nokkru til þess að minnka álagið á strákunum sem spila í Evrópu. Spara þeim að þurfa að fljúga heim og svo aftur út tveimur dögum síðar. Þá ættu þeir að vera ferskari. Svo kom auðvitað í ljós að þrír þeirra geta ekki spilað með okkur en þetta gefur okkur samt aukaæfingar ytra og vonandi gerir það gæfumuninn fyrir okkur,“ segir Pedersen en leikurinn hefst klukkan 17.00. henry@frettabladid.is




Kristinn Steindórsson. MYND/KSÍ

### KRISTINN Á LEIÐ TIL FH

Fótboltamaðurinn Kristinn Steindórsson er á heimleið frá Svíþjóð og mun ganga frá samningum við FH á næstu dögum, samkvæmt heimildum íþróttadeildar. Hann kemur í Kaplakrikann frá Sundsvall í Svíþjóð.

Kristinn og Sundsvall hafa náð samkomulagi um að hann yfirgefi herbúðir sænska félagsins sem rétt hélt sér í úrvalsdeildinni þar í landi á síðustu leiktíð. Þetta kom fram í gær.

Kristinn gekk í raðir Sundsvall frá MLS-liðinu Columbus Crew í fyrra en hann fór út í atvinnumennsku frá Breiðabliki til Halmstad árið 2012. Honum tókst ekki að skora mark í 41 deildarleik með Sundsvall.

Þessi 27 ára gamli vængmaður varð Íslands- og bikarmeistari með uppeldisfélagi sínu Breiðabliki þar sem hann lék undir stjórn Ólafs Kristjánssonar, en Ólafur, sem sneri heim frá Danmörku fyrr í vetur, virðist heilla meira en Blikarnir.

Annar leikmaður Íslands- og bikarmeistaraliðs Blika, Guðmundur Kristjánsson, ákvað eins og Kristinn að semja við FH og munu þeir báðir spila með Hafnarfjarðarliðinu í Pepsi-deildinni á næstu leiktíð. Hann kom 16 ára inn í lið Breiðabliks í efstu deild og á að baki 94 leiki og 35 mörk í deild og bikar.

FH er búið að fá til sín Guðmund Kristjánsson og Hjört Loga Valgarðsson og nú bætist Kristinn í hópinn.

### HAFA ÁHYGGJUR AF ERLINGI

Kennarar í Vestmannaeyjum hafa lýst yfir áhyggjum af álagi sem skapast þegar Erlingur Richardsson, skólastjóri grunnskóla Vestmannaeyja, sinnir hinu starfi sínu sem landsliðsþjálfari Hollands. Þetta kom fram í ályktun Kennarafélags Vestmannaeyja sem samþykkt var á aðalfundi félagsins.

Eyjar.net fjallar um málið en Erlingur var ráðinn landsliðsþjálfari Hollands í byrjun október. Fékk hann heimild bæjaryfirvalda í Vestmannaeyjum til að taka starfið að sér og er í launalausu leyfi þegar hann er fjarverandi. Kennarafélagið telur mikilvægt að staðgengill sinni starfi skólastjóra á meðan hann er burtu.

Fram kemur í minnisblaði frá Jóni Péturssyni, framkvæmdastjóra fjölskyldu- og fræðslusviðs í Vestmannaeyjum, að Erlingur þurfti að vera frá í fimm daga í október, níu í janúar og eina viku í júní þegar almenn skólastarfi er lokið.



Töldu Erlingur og aðstoðarskólastjórar ekki þörf á staðgengli vegna þessa og telja sig vel geta ráðið við þau verkefni sem upp koma í fjarveru Erlings.

## Í dag

**19.50 West Ham - Leicester** Sport

# KRAFTMIKLIR & ÖGRANDI!

## HIN SVARTA ÚTSENDING EFTIR KÖTT GRÁ PJE

Kött Grá Pje sló í gegn um síðustu jól með *Perunum í íbúðinni minni* og bætir nú um betur með hárbeittri og ljóðrænni textabók!




„Hér er komið skáld með klær og húmor“
Hallgrímur Helgason, um Perurnar í íbúðinni minni

2.
Metsölulisti Eymundsson
Ljóð



## ÓRAR, MARTRAÐIR OG HLUTIR SEM ÉG HUGSA UM ÞEGAR ÉG ER AÐ KEYRA EFTIR DÓRA DNA






Kemur út í dag!

Dóri DNA tekst hér á við karlmennsku og samfélag í ögrandi og bráðfyndnum textum eins og honum einum er lagið!

*„Halldóri tekst að finna fegurð í ýmsum ljótleika og draga réttar ályktanir út frá hreinum ranghugmyndum. Frábær ljóðabók og ótrúlega fyndin líka.“*

– Ari Eldjárn

BJARTUR

# BJARTUR FÖSTU

Í ÚTILÍF HLEYPUM VIÐ BIRTUNNI INN Á SVÖRTUM FÖSTUDEGI
OG HRESSUM UPP Á SÁL OG LÍKAMA MEÐ HOLLRI HREYFINGU.

## 25%
### AFSLÁTTUR
AF SKÍÐA- OG BRETTABÚNAÐI
Í ÚTILÍF SMÁRALIND

## 25%
### AFSLÁTTUR
AF SPORTFATNAÐI

ENDURANCE BLIZZARD SKI NORDICA adidas ROSSIGNOL asics casall


DAGUR
35%
AFSLÁTTUR
AF NIKE SKÓM
*GILDIR EKKI MEÐ ÖÐRUM TILBOÐUM.
hummel
new balance
CW-X
RUSSELL ATHLETIC
ÚTILÍF
síðan 1974
KRINGLUNNI · SMÁRALIND
utilif.is



# Kyrie er nýi kóngurinn í Boston

**Sextán leikja sigurganga Boston Celtics er ekki aðeins ein sú lengsta hjá þessu sögufræga NBA-liði heldur einnig ein sú athyglisverðasta í NBA-deildinni á síðustu árum. Það dylst nú engum að grasið var grænna fyrir Kyrie Irving hinum megin við lækinn.**

Kyrie Irving er fullkominn fyrir Boston Celtics og Boston Celtics er fullkomið lið fyrir Kyrie. Það er því ekkert skrýtið að kappinn brosi sínu breiðasta þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/NORDICPHOTOS/GETTY







**KÖRFUBOLTI** Flestum körfuboltaáhugamönnum kom það mikið á óvart þegar bandaríski körfuboltamaðurinn Kyrie Irving tók þá ákvörðun síðasta sumar að hann vildi losna frá Cleveland. Hann var í risastóru hlutverki hjá einu allra besta liði NBA-deildarinnar, var búinn að vinna meistaratitilinn einu sinni og spila til úrslita um titilinn þrjú ár í röð.

LeBron James var vissulega ennþá kóngurinn í Cleveland en LeBron er ekkert unglamb lengur og margir sáu fyrir sér Kyrie Irving taka við Cleveland-liðinu í næstu framtíð.

### Laus úr skugganum

Kyrie Irving var hins vegar kominn með nóg af því að vera í skugga kóngsins í Cleveland. Hann vildi sýna það og sanna að hann væri klár í að vera aðalmaðurinn í sínu liði.

Körfuboltaspekingar hafa ekkert klikkað á því að hrósa hæfileikum Kyries Irving á síðustu árum og margir hafa þakkað frammistöðu hans það að Cleveland náði að tryggja sér NBA-titilinn með sigri í oddaleiknum eftirminnilega árið 2016.

Það var hins vegar enginn að fara að segja að Cleveland væri liðið hans Kyries Irving. Kyrie var að festast í Robin-hlutverkinu þegar bestu ár hans voru fram undan og hann vildi fá sitt lið.

Skiptin á milli Boston og Cleveland voru ein stærsta fréttin í NBA á síðustu árum og í framhaldinu mátti Kyrie Irving þola ýmislegt á samfélagsmiðlum og annars staðar.

### Aftur með súperstjörnu

Kyrie Irving gat aftur á móti ekki verið ánægðari og hefur verið að upplifa sannkallaða draumadaga allar götur síðan hann klæddist Boston-treyjunni í fyrsta sinn.

Frammistaða hans og liðsins á tímabilinu til þessa hefur ekki aðeins fullvissað hann sjálfan um að þetta hafi verið hárrétt ákvörðun heldur einnig sannfært allan körfuboltaheiminn um að Kyrie Irving var maður sem gat borið kórónu líka.

Stuðningsmenn Boston Celtics fagna því á móti að liðið er aftur komið með súperstjörnu í sitt lið.

> **Kyrie Irving er með 25,6 stig og 5,9 stoðsendingar á hverjar 36 mínútur með Boston en var með 25,9 stig og 6,0 stoðsendingar á hverjar 36 mínútur með Cavs á síðasta tímabili sem var hans besta til þessa.**

Isaiah Thomas og fleiri hafa verið stjörnuleikmenn með liðinu á síðustu árum en framganga Kyries í upphafi tímabils sýnir þeim hvernig er að hafa súperstjörnu í sínum röðum.

Tölfræði Kyries Irving hefur þó ekki tekið neinum stakkaskiptum á nýjum stað. Hann er meira að segja með aðeins lakari meðaltöl í Boston en í Cleveland. Þegar á reynir er Kyrie hins vegar alltaf klár að taka af skarið á úrslitastundu og í sigurgöngunni var það öðru fremur stórbrotin spilamennska hans sem skildi á milli.

### Efni í nýtt meistaralið

Sigursælu liðin hans Larrys Bird og liðin hans Bills Russell unnu bæði aðeins einu sinni fleiri leiki í röð en Boston Celtics á síðustu fimm vikum. Bill Russell vann ellefu meistaratitla með Boston-liðinu og Larry Bird og félagar bættu þremur við á níunda áratugnum. Nú sjá stuðningsmenn Boston aftur efni í meistaralið í Boston Garden.

Boston Celtics er varnarlið með sterka liðsheild þar sem þjálfarinn Brad Stevens hefur gert frábæra hluti með misgóðan mannskap síðustu ár. Kyrie Irving hefur smollið inn í liðið og án þess að breyta grunngildum Celtic-manna.

Hann er frábær sóknarmaður sem skorar á þig úr öllum áttum og frá öllum stöðum á vellinum en hann er einnig viljugur varnarmaður og stórkostlegur sendingamaður. Celtics-liðið er því að fá hugrakkan og hæfileikaríkan leikmann til að gera út um jafna leiki á sama tíma og sá hinn sami fellur vel inn í menningu liðsins.

Það er þó enn frekar spilamennska Kyries á lokamínútum jafnra leikja sem eru að koma honum inn í umræðuna um mikilvægasta leikmann deildarinnar.

### Allt í einu í MVP-umræðunni

Kyrie var aldrei inni í þeirri umræðu sem liðsfélagi LeBrons James en menn fá stjörnur í augun við að skoða tölfræði hans á úrslitastundu í vetur. 65 stig, 62 prósenta skotnýting, 10 stoðsendingar og enginn tapaður bolti á 38 mínútum á síðustu fimm mínútum í leikjum þegar munur á liðunum hefur verið fimm stig eða meira. Þetta eru MVP-tölur.

Boston vann svo sannarlega í happadrættinu með þessum skiptum en á móti hefur ólukkan bankað nokkrum sinnum upp á á tímabilinu. Boston landaði einum stærsta bitanum á markaðnum í sumar þegar Gordon Hayward samdi við liðið en hann fótbrotnaði á hræðilegan hátt eftir aðeins sex mínútur í fyrsta leiknum. Al Horford missti af leikjum eftir höfuðhögg, Kyrie var sleginn út í einum leiknum á fyrstu mínútu og Jaylen Brown spilaði þrátt fyrir að hafa misst einn sinn besta vin. Boston-liðið hélt áfram þrátt fyrir öll áföllin og hélt áfram að vinna leiki sína.

### Hörkutól eftir þungt högg

Hafi eitthvað sannfært stuðningsmenn Boston endanlega um að Kyrie væri fyrir alvöru maðurinn sem gæti leitt liðið til metorða þá er það frammistaða hans eftir að bein brotnaði í andliti hans við þungt slysahögg frá samherja.

Kyrie missti bara af einum leik og mætti til baka með grímu og í hetjustuði. Hann hjálpaði Boston að vinna meistarana í Golden State og skoraði síðan 77 stig úr aðeins 34 skotum í sigurleikjum á Atlanta og Dallas.

Sigurgangan endaði reyndar með tapi á móti Miami Heat í fyrrinótt en stuðningsmenn Boston geta þakkað fyrir margt um þessa þakkargjörðarhátíð og flestir þeirra munu örugglega þakka fyrir að einn Kyrie Irving klæðist nú grænu.

ooj@frettabladid.is


25%
BLACK FRIDAY
AFSLÁTTUR
AF CINTAMANI VÖRUM*
CINTAMANI
*Tilboð gildir 24. nóvember í öllum verslunum okkar

## Merkisatburðir


Shakespeare kvæntist á þessum degi.

**496** Anastasíus 2. varð páfi.

**955** Játvígur sanngjarni varð Englandskonungur.

**1407** Lúðvík af Orléans var myrtur, sem hrinti af stað stríði milli Orléans og Búrgunda.

**1507** Möðruvallaréttarbót: Konungur staðfesti að allar réttarbætur Hákonar háleggs skyldu gilda á Íslandi.

**1582** William Shakespeare giftist Anne Hathaway í Stratford-upon-Avon.

**1859** Uppruni tegundanna eftir Charles Darwin kemur út.

**1951** Þátturinn Óskalög sjúklinga hefur göngu sína í Ríkisútvarpinu. Stjórnandi er Björn R. Einarsson. Þessi þáttur var á dagskrá vikulega þar til í október 1987.

**1965** Jóhann Löve lögreglumaður finnst suður af Skjaldbreiði eftir mjög víðtæka leit. Hann hafði verið á rjúpnaveiðum en villst í vonskuveðri. Í Öldinni okkar segir að útivist Jóhanns hafi verið allt að 70 klukkustundir og flestir hafi talið hann af.

**1971** Lola Glaudini, bandarísk leikkona, á afmæli.




**1972** Suðurlandsvegur milli Reykjavíkur og Selfoss er formlega tekinn í notkun. Hann hafði verið endurbyggður og lagður bundnu slitlagi á sex árum.

**1995** Stöð 3 hefur útsendingar. Hún sameinast Stöð 2 tveimur árum síðar.

**2000** Íslenska kvikmyndin Óskabörn þjóðarinnar er frumsýnd.

**2009** Kraftlyftingafélag Akraness er stofnað.

**1986** Guðmundur Pétursson, íslenskur knattspyrnumaður, á afmæli.


Björgvin Franz og Esther ætla að færa fólki jólaanda sjötta áratugarins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Munu fara með fólk í ferðalag aftur í tímann

**Björgvin Franz Gíslason og Esther Jökulsdóttir ætla í desember að ferðast með fólk aftur í tímann um nokkra áratugi á jólaskemmtun sinni. Þau eru miklir aðdáendur amerískra jólalaga frá sjötta og sjöunda áratugnum og verður þeirri tónlist gert hátt undir höfði.**

Björgvin Franz Gíslason og Esther Jökulsdóttir ætla að ferðast með fólk aftur í tímann á jólatónleikum sínum þann 7. desember. Bæði heillast þau mjög af jólastemningunni sem ríkti í Ameríku á sjötta og sjöunda áratugnum og ætla þau að færa gestum sínum þá stemningu beint í æð í Gaflaraleikhúsinu.

„Þetta er í raun jólasöngskemmtun en ekki bara tónleikar þar sem sögusviðið er í kringum 1954. Þegar maður sér þessi kósíjól, sem Dean Martin og allir þessir kappar héldu, þá sér maður að þetta var allt svo kósí og allir virkuðu svo hamingjusamir. Okkur langaði svo að búa þá stemningu til,“ segir Björgvin. Hann segir mikið lagt í alla umgjörð sýningarinnar þar sem leikmynd og búningar ná að fanga þennan anda.

„Fólki á að líða eins og það sé komið aftur í tímann. Vanalega væri fólk til dæmis beðið um að slökkva á farsímanum sínum fyrir svona skemmtun, en þar sem árið er 1954, þá er það algjör óþarfi.“

> **Þau eru svolítið yfirlætisfull, hann er drykkfellur og hún meðvirk. En á yfirborðinu er voða mikil gleði og gaman.**

Persónur Björgvins og Estherar eru íslenskir tónlistarmenn sem hafa ferðast um Bandaríkin og skemmt ríka og fræga fólkinu, að eigin sögn. „Þetta er fólk sem er búið að vera að skemmta í Ameríku og kemur til Íslands til að færa alþýðunni „alvöru“ jól eins og þau kalla það. Þau eru svolítið yfirlætisfull, hann er drykkfelldur og hún meðvirk. En á yfirborðinu er voða mikil gleði og gaman,“ segir hann og hlær.

Aðspurður hvað það er sem heilli þau svona mikið við ameríska gamaldags jólastemningu segir Björgvin: „Bara það að horfa á þessi jól sem var verið að færa fram í bíómyndum þar sem allir voru í jólapeysum, með viskí, kakó og sykurpúða og sátu fyrir framan arineldinn á meðan snjóaði úti. Það var allt svo ótrúlega kósí.“

Björgvin tekur fram að þau óski sér að fólk nái að gleyma sér í jólaamstrinu á sýningu þeirra. Þess má geta að úrvalslið tónlistarmanna verður þeim til halds og trausts á tónleikunum og aðstoðar þau við að flytja öll bestu jólalög sjötta og sjöunda áratugarins undir stjórn Aðalheiðar Þorsteinsdóttur.

gudnyhronn@365.is

ÞETTA GERÐIST 24. NÓVEMBER 1963

## Lee Harvey Oswald var skotinn

Lee Harvey Oswald, meintur morðingi Johns F. Kennedy, 35. forseta Bandaríkjanna, var skotinn til bana í Dallas. Þetta gerðist þegar verið var að flytja hann frá lögreglustöð í Dallas yfir í fangelsi. Oswald var umkringdur lögreglumönnum þegar maður ruddist að honum og skaut hann með skammbyssu í kviðinn. Oswald var fluttur á sama sjúkrahús og Kennedy forseti lést á tveimur dögum áður. Á sjúkrahúsinu var gerð tilraun til að bjarga lífi Oswalds en án árangurs. Oswald var 24 ára þegar hann lést. Morðingi Oswalds reyndist vera maður að nafni Jack Ruby.

Jack Ruby greindi síðar frá því að ástæðan fyrir að hann skaut Oswald hafi verið sú að hann var eyðilagður yfir morðinu á Kennedy og að hann hafði viljað forða Jackie Kennedy frá því að þurfa að fara í gegnum réttarhöld vegna morðsins á eiginmanninum.






Okkar innilegustu þakkir til allra sem sýndu okkur hlýhug og vináttu við andlát og útför móður okkar tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Höddu Benediktsdóttur**
Suðurtúni 11.

**Stefán Hans Stephensen** **Kristín Jóhanna Kjartansdóttir**
**Lára G. Stephensen** **Jakob Svanur Bjarnason**
**Eiríkur G. Stephensen** **María Gunnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Anna Hermannsdóttir**
Víðilundi 20, Akureyri,

lést 16. nóvember sl. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 1. desember kl. 13.30.

**Hermundur Jóhannesson** **Þórunn Gunnarsdóttir**
**Friðný Jóhannesdóttir**
**Helgi Jóhannesson** **Stefanía G. Sigmundsdóttir**
**Guðrún Jóhannesdóttir**
**Hjalti Jóhannesson** **Fjóla Kristín Helgadóttir**
**Lilja S. Jóhannesdóttir** **Unnar Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# SVARTUR FÖSTUDAGUR

## 40 MÖGNUÐ TILBOÐ AÐEINS Í DAG

SKOÐIÐ ÖLL TILBOÐIN Á HT.IS




**FULLKOMNIR LITIR Á FULLKOMNUM SVÖRTUM Á FULLKOMNU VERÐI**

**LG OLED65C7V**
65" Ultra HD PREMIUM sjónvarp með OLED Self-lighting Pixel 4K skjá með yfir 1 milljarði litatóna. Frábær 3840x2160 4K upplausn ásamt Active HDR með Dolby Vision. Fjölmargir tæknimöguleikar t.d. webOS 3.5 nettenging, bluetooth, magic remote, app fyrir snjalltæki, 4 HDMI og 2 USB tengi og margt fleira.

**20 stk.**
**384.995**
FULLT VERÐ 529.995




**Philips 65PUS6262**
65" Ultra HD LED snjallsjónvarp með Ultra HD 4K 3840x2160 upplausn og Pixel Plus Ultra HD myndvinnslu. Þriggja átta Ambilight 3 baklýsing með Micro Dimming ásamt 20W Incredible Surround hljóðkerfi. 3 HDMI og 2 USB tengi auk fjölda annarra tæknimöguleika.

**30 stk.**
**149.995**
FULLT VERÐ 199.995




**Philips 50PUS6262**
50" Ultra HD LED snjallsjónvarp með Ultra HD 4K 3840x2160 upplausn og Pixel Plus Ultra HD myndvinnslu. Tveggja átta Ambilight 2 baklýsing með Micro Dimming ásamt 20W Incredible Surround hljóðkerfi. 3 HDMI og 2 USB tengi auk fjölda annarra tæknimöguleika.

**40 stk.**
**79.995**
FULLT VERÐ 99.995




**Philips 65PUS8102**
65" Ultra HD LED snjallsjónvarp með 3840x2160 4K upplausn og P5 Perfect Picture Engine með 50% betri myndgæðum. 30W RMS Clear Sound DTS-HD hljóðkerfi ásamt Android 6.0 Marshmallow nettengingu og þriggja átta Ambilight 3 bakljósi með Micro Dimming Premium. Endalausir tæknimöguleikar með 4 HMDI, 2 USB tengjum og MyRemote appi fyrir snjalltæki.

**40 stk.**
**249.995**
FULLT VERÐ 339.995




**Philips 55PUS7502**
55" Ultra HD LED snjallsjónvarp með 4K 3840x2160 upplausn og P5 Perfect Picture Engine með 50% betri myndgæðum. 45W RMS DTS HD Premium Sound hljóðkerfi. Android 6.0 Marshmallow nettenging og þriggja átta Ambilight 3 bakljós með Micro Dimming Pro. 4 HMDI og 3 USB. Þráðlaus Wi-fi 2x2 móttakari.

**50 stk.**
**149.995**
FULLT VERÐ 179.995

SKOÐIÐ ÖLL TILBOÐIN Á HT.IS

SVARTUR FÖSTUDAGUR

**Heimilistæki** ht.is

*7 VERSLANIR UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRTORGI **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 **AKRANESI** S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Föstudagur

Norðanhríðarveður á Norður- og Austurlandi í dag, en annars bjart með köflum. Frost um land allt.







### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | 1 | | | 2 | 5 | | |
| | | 2 | | 5 | 9 | 8 | 1 | |
| | | | | | 3 | | 4 | 6 |
| | 6 | | 8 | | | | 2 | |
| | 5 | 8 | 1 | | 7 | | | 9 |
| | | | | 6 | | | | |
| 1 | 9 | 5 | | 4 | | | | |
| | | | | 7 | | | 3 | |
| 4 | | 7 | 9 | | | 1 | 8 | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 3 | | 1 | 9 | | | |
| 7 | 8 | | | | 6 | | | |
| | 2 | 4 | 7 | | 5 | | | |
| | 3 | | 5 | | | | 7 | |
| 2 | | 5 | | | 1 | | | |
| 1 | | 9 | | | 8 | 2 | | |
| | | | 6 | | 7 | 9 | 5 | |
| 4 | | 8 | | | | | 1 | |
| 5 | | | | | | | 8 | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | | | 6 | | 2 | 4 | | |
| | 6 | 2 | 4 | | | 5 | 7 | |
| | | | | | | | 8 | |
| | | 6 | 8 | 4 | 7 | | | |
| | | | | | 1 | | 4 | 6 |
| | | 5 | 2 | | | | | 7 |
| | | | | 6 | 9 | | | |
| | 4 | | | 7 | | 1 | | |
| 6 | 1 | 7 | | | | | 3 | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. skömm
6. bardagi
8. flýtir
9. stígandi
11. tveir eins
12. krafsa
14. yfirbragð
16. átt
17. sigti
18. óvild
20. í röð
21. kvk. nafn

**LÓÐRÉTT**
1. leikur
3. skóli
4. ástir
5. egg
7. andsvar
10. aska
13. lyftist
15. endurbæta
16. gerast
19. tveir eins




**LÁRÉTT: 2.** smán, **6.** at, **8.** asi, **9.** ris, **11.** tt, **12.** klóra, **14.** stíll, **16.** sv, **17.** sía, **18.** kal, **20.** fg, **21.** erla.
**LÓÐRÉTT: 1.** hark, **3.** ma, **4.** ástalíf, **5.** nit, **7.** tilsvar, **10.** sót, **13.** rís, **15.** laga, **16.** ske, **19.** ll.

## Skák Gunnar Björnsson

Sérkennilegt atvik kom upp í skák Margeirs Péturssonar (TR) og Sverris Þorgeirssonar (TG) sem átti leik á Íslandsmóti skákfélaga.

**Svartur á leik**

Sverrir hrókaði í stöðunni. Margeir gerði réttilega athugasemd við það þar sem Sverrir hafði áður hreyft kónginn. Sverrir lék þá **31.…Hf8+** og vann um síðir. Hins vegar hefði Margeir getað krafist þess að Sverrir léki kónginum og þá á svartur ekkert betra en **31.…Kf7 32. Hxe7+! Dxe7 33. Dxh8** og hvítur hefur alla vinningsmöguleikana.

**www.skak.is.** Íslandsmót 65+



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 8 | 1 | 7 | 4 | 2 | 6 | 9 | 3 |
| 9 | 2 | 4 | 8 | 6 | 3 | 5 | 1 | 7 |
| 3 | 6 | 7 | 5 | 9 | 1 | 2 | 8 | 4 |
| 1 | 4 | 8 | 9 | 2 | 7 | 3 | 5 | 6 |
| 2 | 5 | 6 | 3 | 8 | 4 | 1 | 7 | 9 |
| 7 | 3 | 9 | 1 | 5 | 6 | 4 | 2 | 8 |
| 4 | 9 | 2 | 6 | 1 | 8 | 7 | 3 | 5 |
| 6 | 7 | 5 | 2 | 3 | 9 | 8 | 4 | 1 |
| 8 | 1 | 3 | 4 | 7 | 5 | 9 | 6 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 8 | 3 | 4 | 9 | 2 | 1 | 7 | 5 |
| 9 | 4 | 5 | 1 | 8 | 7 | 2 | 3 | 6 |
| 2 | 7 | 1 | 6 | 5 | 3 | 4 | 8 | 9 |
| 7 | 9 | 4 | 2 | 6 | 5 | 3 | 1 | 8 |
| 3 | 6 | 8 | 7 | 1 | 9 | 5 | 2 | 4 |
| 1 | 5 | 2 | 8 | 3 | 4 | 9 | 6 | 7 |
| 4 | 1 | 9 | 3 | 7 | 8 | 6 | 5 | 2 |
| 5 | 3 | 7 | 9 | 2 | 6 | 8 | 4 | 1 |
| 8 | 2 | 6 | 5 | 4 | 1 | 7 | 9 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 8 | 5 | 2 | 9 | 1 | 7 | 4 | 3 |
| 9 | 1 | 7 | 3 | 4 | 8 | 6 | 2 | 5 |
| 2 | 3 | 4 | 5 | 7 | 6 | 8 | 9 | 1 |
| 3 | 9 | 2 | 6 | 8 | 4 | 5 | 1 | 7 |
| 1 | 5 | 6 | 7 | 2 | 3 | 9 | 8 | 4 |
| 4 | 7 | 8 | 9 | 1 | 5 | 2 | 3 | 6 |
| 5 | 4 | 3 | 8 | 6 | 2 | 1 | 7 | 9 |
| 7 | 2 | 1 | 4 | 5 | 9 | 3 | 6 | 8 |
| 8 | 6 | 9 | 1 | 3 | 7 | 4 | 5 | 2 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





# FRÉTTABLAÐIÐ er Helgarblaðið



### Valdarán og lítillækkun

„Hann var grípandi um brjóstin á mér eða rassinn,“ segir **dr. Guðrún Jónsdóttir** sem stígur fram og lýsir alvarlegri kynferðislegri áreitni sem hún varð fyrir í borgarstjórn.

### Skreytir sig sjálft

Sjaldan þarf mikið fyrir mynstrinu að hafa í handspunnu bandi, það skreytir sig alveg sjálft, segir **Kristín Gunnarsdóttir** húsfreyja í Lundi og tóvinnukona í Ullarselinu.





### Hollt að hata sjálfan sig í hófi

**Friðgeir Einarsson** gefur út sína fyrstu skáldsögu. Hann gaf listnemum hundrað ráð til að lifa af í bransanum.

**Fréttablaðið – ómissandi hluti af góðri helgi**

markhönnun ehf

netto

NÝTT Á ÍSLANDI

# NÁÐU LENGRA !




- BCAA framleitt á náttúrulegan máta
- Gerjað
- Án gervi aukefna eða án tilbúinna aukefna.
- Þrjár bragðtegundir. Bragðbætt með Stevíu.
- Með koffíni úr guarana.
- BCAA hlutfall 6:1:1

**www.netto.is**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Búðakór • Grandi • Mjódd • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Iðavellir • Grindavík • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss

# Jákvæðar niðurstöður af reynsluakstri metanólbíla á Íslandi

Bruni metanóls er mun hreinni en ef notað væri bensín, hvað þá dísilolía. Bruni metanóls veldur engri sótmengun, auk þess er það laust við brennistein og krabbameinsvaldandi efnasambönd.



Bílaflotinn sem er nú í reynsluakstri hérlendis með eldsneyti frá Carbon Recycling International.

**Reynsluakstur**
**Finnur Thorlacius**
finnurth@365.is



Undanfarið eitt og hálft ár hafa sex bílar sem knúðir eru metanóli verið í reynsluakstri á Íslandi. Um er að ræða bíla af tegundinni Geely Emgrand, en kínverskur framleiðandi þeirra er hluthafi í íslenska hátæknifyrirtækinu Carbon Recycling International (CRI) sem framleiðir vistvænt metanól úr koltvísýringi ($CO_2$) og vetni í verksmiðju sinni við orkuverið í Svartsengi. Í fyrsta áfanga þessara prófana hefur bílunum verið ekið rúmlega 150.000 km. Meðal ökumanna í prófunum metanólbílanna eru, auk starfsfólks CRI, utanaðkomandi álitsgjafar, til að mynda frá Bílgreinasambandinu og Frumherja.

Reynsluakstur bílanna er samstarfsverkefni kínverska bílaframleiðandans, CRI og Brimborgar. Nær enginn munur er á notkun metanólbílanna og hefðbundinna bensínbíla, en bílarnir geta ekið á hvorutveggja eldsneytinu. Þar sem metanólið er framleitt úr rafmagni og koltvísýringi veldur notkun þess mun minni losun gróðurhúsaloftegunda í samanburði við sambærilegan bíl sem gengur fyrir bensíni eða dísilolíu.

### Dregur úr losun á koltvísýringi

Að sögn Ómars Sigurbjörnssonar, framkvæmdastjóra sölu- og markaðsmála hjá CRI, sem stjórnaði prófununum nemur samdráttur í losun frá metanólbílunum 70% í samanburði við bensínbíl með sömu eiginleika, þegar tillit er tekið til eyðslu og allra þátta í framleiðslu og dreifingu eldsneytisins. „Losunin er 46 grömm $CO_2$ ígildis á ekinn kílómetra. Þá er bruni metanólsins mun hreinni en ef notað væri bensín, hvað þá dísilolía. Bruni metanóls veldur engri sótmengun, auk þess er það laust við brennistein og krabbameinsvaldandi efnasambönd sem verða til við bruna bensíns og dísils.“

Að sögn Ómars er gert ráð fyrir að metanólbílar komi til með að vera samkeppnishæfir við hefðbundna bensínbíla, tengiltvinnbíla og rafmagnsbíla í innkaupum og rekstri þegar þeir koma á markað hér á landi. „Niðurstöðurnar gefa jákvæð fyrirheit og er CRI ásamt samstarfsaðilum sínum að leggja drög að næstu skrefum,“ segir Ómar. „Við teljum að hægt sé að draga verulega úr losun frá samgöngum en til þess þarf að horfa til fleiri kosta en rafvæðingar sem tekur fyrst og fremst til minni bíla í þéttbýli.

Ef ætlunin er að mæta þeim skuldbindingum sem íslensk stjórnvöld hafa gengist undir er minni losun frá samgöngum lykilatriði og til þess þarf að taka á öllu samgöngukerfinu, auðvelda ekki bara orkuskipti fyrir minni einkabíla heldur einnig í stærri farartækjum.“

### Metanól á heimamarkaði

Geely þróaði bílana fyrir heimamarkað í Kína, þar sem notkun metanóls sem eldsneytis hefur stóraukist á undanförnum árum. Samkvæmt nýlegri rannsókn bandarísku orkustofnunarinnar EIA notuðu Kínverjar um 500.000 föt olíuígildis af metanóli á dag sem eldsneyti árið 2016, en það jafngildir meira en 15% af notkun bensíns á sama tíma.

Sjanghæ, sem er fjölmennasta borg landsins, og 13 af 23 héröðum í Kína hafa þegar innleitt staðla fyrir blöndur metanóls og bensíns. Algengasta blandan er 15% metanól á móti 85% bensíns. Kínverjar framleiða megnið af því metanóli sem notað er sem eldsneyti og til efnaiðnaðar innlands, úr kolum. CRI vinnur nú með samstarfsaðilum í Kína að því að byggja upp umhverfisvænni framleiðslu með tækninni sem þróuð var hér á landi.

### Eins og hefðbundnir bílar

Geely Emgrand 7 bílarnir eru hefðbundnir fjögurra dyra fólksbílar í millistærð. Þeir eru búnir 1800 cc. 127 hestafla vél með rafkveikju sem brennt getur hvort tveggja hreinu metanóli eða bensíni. Bílarnir eru búnir tveimur eldsneytistönkum, 50 lítra metanóltanki og 10 lítra bensíntanki.

Metanól er fljótandi eldsneyti og því er hægt að dreifa því á hefðbundinni eldsneytisdælu. Vélartölvan í Geely-bílunum ræsir á bensíni og skiptir síðan sjálfkrafa yfir á metanól þegar réttu hitastigi vélarinnar er náð, oftast innan örfárra mínútna frá því að bíllinn fer í gang. Ástæðan fyrir því að tvær tegundir eldsneytis eru notaðar er að ólíkt bensíni, sem er rokgjarnt efni, er metanól stöðugt við lágt hitastig og gufar hægt upp. Með því að ræsa á rokgjarnara eldsneytinu er komið í veg fyrir vandamál við kaldræsingu. Ökumaður verður ekki var við það þegar bíllinn skiptir yfir á annað eldsneyti.

Geely vinnur nú að nýrri hönnun þar sem bílarnir verða aðeins búnir metanóltanki og ekki er þörf á að ræsa á bensíni. Bílarnir eru áþekkir Skoda Octavia eða Toyota Corolla að stærð og með ágætu rými fyrir farþega og í farangursgeymslu. Af aukabúnaði í bílunum má nefna leðursæti, snertiskjá í mælaborði, bakkmyndavél og fjarlægðarnema í afturstuðara.

### Kallar á litlar breytingar

Metanól hefur verið notað í akstursíþróttum, s.s. Indy-kappakstrinum í Bandaríkjunum og kvartmílukeppni víða um heim, þar á meðal hér á landi. Ólíkt metangasi og vetni þarf ekki breytta aðferð og dýrari tækjabúnað til að geyma og dreifa metanóli á bensínstöðvum. Geely framleiðir metanólbíla sína samhliða bensínbílunum í sömu bílaverksmiðjunum sem dregur úr framleiðslukostnaði.

**SAMDRÁTTUR Í LOSUN FRÁ METANÓLBÍLUNUM NEMUR 70% Í SAMANBURÐI VIÐ BENSÍNBÍL MEÐ SÖMU EIGINLEIKA.**

Að sögn Ómars er hægt að nota metanól jafnt á hefðbundnar vélar og efnarafala, þar sem metanóli er breytt beint í rafmagn. „Metanól framleitt með aðferð CRI er eitt umhverfisvænsta fljótandi eldsneyti sem völ er á. Það brennur án sótmengunar og hefur háa oktantölu sem gefur möguleika á að hanna léttar og aflmiklar vélar með nýtni umfram hefðbundnar bensín- eða dísilvélar.

Við höfum einnig verið í samstarfi við danskan framleiðanda á metanól efnarafölum þar sem okkar eldsneyti hefur verið notað til að auka drægi á rafbílum og ferjum sem ganga fyrir rafmagni,“ segir Ómar. Má því segja að framleiðsla á metanóli með raforku og notkun þess í stað bensíns og dísils bjóði upp á rafvæðingu á stærri hluta samgöngukerfisins og í sjávarútvegi.

# Smíði Volvo XC40 hafin í Belgíu

Talsverður spenningur er fyrir tilkomu nýs jepplings frá Volvo, þ.e. XC40, en raðsmíði hans er hafin í verksmiðju Volvo í Gent í Belgíu. Þó svo bíllinn komi ekki á markað fyrr en á fyrstu mánuðum næsta árs eru nú þegar komnar 13.000 pantanir í hann. Það verður því í nógu að snúast fyrir starfsfólk verksmiðjunnar í Gent við að fylla upp í þær pantanir. Volvo XC40 er fyrsti bíll Volvo sem byggður er á CMA-undirvagninum sem er sameiginlegur með Geely- og Volvo-bílum, en kínverski bílasmiðurinn Geely er núverandi eigandi Volvo. Í verksmiðjunni í Gent eru líka smíðaðir Volvo V40, V40 Cross Country, S60 og V60 bílarnir. Í verksmiðjunni þurfti að bæta við 363 nýjum róbotum til smíði XC40 bílsins og var hún að auki stækkuð lítillega. Áhugasamir íslenskir kaupendur ættu ekki að þurfa að bíða mjög lengi eftir komu Volvo XC40, en hann mun koma í Brimborg á fyrsta ársfjórðungi næsta árs og mun hann kosta frá 5.990.000 krónum og er þar um að ræða fjórhjóladrifna bíla. Fyrstu bílarnir sem munu rúlla út úr verksmiðjunni í Gent eru eingöngu fjórhjóladrifnir, en í kjölfarið verða í boði framhjóladrifnar og talsvert ódýrari útgáfur af þessum bíl.

**13.000**
**FYRIRFRAMPANTANIR HAFA BORIST VOLVO Í BÍLINN NÝJA.**


Volvo XC40 settur saman í verksmiðjunni í Gent í Belgíu.

## 29" ULTRAWIDE
LG-29UM68P
-29%AFSL
69.995 › 49.995

## STRIX GTX1080
ASU-STRIXGTX1080A8GG
-20.000
99.995 › 79.995

## PREDATOR TRITON
ACE-NHQ2LED008
-100.000
499.995 › 399.995

# BLACK FRIDAY

## ÞRÁÐLAUS SIBERIA 840
STE-61230
-30%AFSL
49.995 › 34.995

## 32" 4K SKJÁR
AOC-U3277FWQ
-30%AFSL
99.995 › 69.995

## T1 LEIKJASTÓLL
COR-CF9010004WW
-36%AFSL
69.995 › 44.995

## 8" SPJALDTÖLVA
NEX-NXA8QC116
-33%AFSL
14.995 › 9.995

## CORSAIR TURNKASSI
COR-CC9011079WW
-47%AFSL
37.995 › 19.995

## 24" SKJÁTÖLVA
ACE-DQB7EEQ004
-30.000
119.995 › 89.995

## i5 SMÁTÖLVA
ASU-UN65UM024Z
-30.000
129.995 › 99.995

## ASUS BEINIR
ASU-RTAC68U
-43%AFSL
34.995 › 19.995

## ÞRÁÐLAUS PRENTARI
EPS-XP342
-50%AFSL
11.995 › 5.995

## AÐEINS BROT AF TILBOÐUNUM! OPNUM KL. 9:00

## 40" 4K CURVED SKJÁR
PHS-BDM4037UW
-50.000
149.995 › 99.995

## ÞRÁÐLAUS MÚS OG LYKLABORÐ
RAP-9060IS
-44%AFSL
8.995 › 4.995

tl.is

TÖLVU LISTINN

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is





Eyja Margrét segir að það felist flóknar spurningar í viðhorfi okkar til listamanna sem hafa breytt rangt. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

# Konum ekki trúað og blásið á það sem þær segja

**Eyja Margrét Brynjarsdóttir heimspekingur segir að sú kvennabylting sem nú á sér stað hafi átt sér langan aðdraganda og að þessi umræða hefði aldrei getað átt sér stað fyrir tíu árum.**

Kynferðisleg áreitni og kynbundið ofbeldi er hvort tveggja eitthvað sem á sér stað í sömu menningu. Þetta snýst um að karlar eru að undirstrika vald sitt yfir konum, þó svo að vissulega sé ofbeldið alvarlegri birtingarmynd en áreitnin,“ segir Eyja Margrét Brynjarsdóttir heimspekingur aðspurð hvort flot sé á merkingu hugtaka í umfjöllun um byltingu kvenna gegn kynferðislegu valdi og ógnunum karla. Eyja Margrét bendir á að karlmaður sem stundar kynferðislega áreitni gagnvart konum sé auðvitað að sýna konum mikla lítilsvirðingu.

„Slíkur maður er ekki líklegur til þess að líta svo á að konur verðskuldi jafna meðferð í samfélaginu, eins og t.d. sömu laun, þannig að þetta er viðhorf sem felur í sér að líta ekki á konur sem fullgildar manneskjur, þó svo að launamunur sé auðvitað ekki það sama og áreitni eða hvað þá ofbeldi. Ofbeldið er alltaf alvarlegasta birtingarmyndin. Varðandi áreitnina þá held ég að hreinlega allar konur hafi orðið fyrir einhvers konar kynferðislegri áreitni við alls konar aðstæður. Það þarf ekki endilega að hafa verið í vinnunni en alveg örugglega úti á djamminu eða eitthvað slíkt. En sem betur fer hafa ekki allar konur orðið fyrir kynferðisofbeldi þó að þær hafi verið ansi margar.“

## Loksins er hlustað

Eitt af því sem hefur vakið eftirtekt varðandi byltingu kvenna í þessum efnum er hversu leiðandi heimur lista og menningar virðist hafa verið í umræðunni en síðan hafi stjórnmálin og jafnvel fleiri geirar fylgt á eftir. Eyja Margrét segir að á því kunni að vera einfaldar skýringar. „Ef við horfum á t.d. „höfum hátt“ byltinguna hér heima þá held ég að það hafi ráðist af tilviljun að Bergur Þór varð að andliti andstöðuhópsins vegna þess að það var brotið gegn dóttur hans. Það var fjölmennur hópur sem stóð þarna að baki en Bergur Þór kannski tók á sig að vera í forgrunni vegna þess að hann er leikari og því vanur að koma fram, kemur vel fyrir sig orði og ræður vel við að vera í fjölmiðlum. Þá er ég alls ekki að gera lítið úr frammistöðu Bergs Þórs í þessu máli þar sem hann stóð sig mjög vel.

En þegar horft er til Weinsteins og Hollywood og síðan sænsku leikkvennanna þá verðum við að hafa í huga að þetta er heimur sem við erum vön að taka mikið eftir. Heimur sem á greiðan aðgang að fjölmiðlum og þar með okkur almenningi sem er alltaf að fylgjast með þessu fólki. Hins vegar hefur t.d. verið talsverð umræða sem ég hef verið að fylgjast með í sambandi við kynferðislega áreitni í akademíu og í hinum enskumælandi heimspekiheimi. Þar hafa verið að koma upp mál á síðustu árum þar sem þekktir málsmetandi heimspekingar hafa orðið uppvísir að kynferðislegri áreitni og konur hafa einmitt mikið verið að deila reynslusögum af áreitni, bæði gömlum og nýjum. Sem dæmi um þessa umræðu í akademíunni má nefna mál sem hefur verið í brennidepli síðan í september þegar mótmæli hófust við háskólann í Rochester í New York-ríki í tilefni af því að háskólinn vildi ekkert beita sér gegn málvísindamanninum Florian Jaeger sem starfar þar við hugfræðideildina en margir nemendur og samstarfskonur frá ýmsum tímum hafa kvartað undan áreitni hans. Núna í vikunni skrifuðu svo hundruð prófessora í Bandaríkjunum undir áskorun um að sniðganga skólann í því skyni að þrýsta á aðgerðir í málinu. Þannig að þessi umræða hefur vissulega verið stigandi víða á síðustu árum.

Þetta sprettur úr jarðvegi sem hefur verið að myndast á síðustu árum og þetta er umræða sem hefði aldrei getað átt sér stað fyrir tíu árum. Auðvitað hefur verið hvíslað bak við tjöldin en það hefur verið sussað á það og ekki tekið mark á því. En einhvern veginn hefur verið að byggjast upp þannig andrúmsloft að núna er farið að hlusta og taka mark á umræðunni. Þetta er stóra breytingin og hún er vonandi að skila árangri.“

> **MÁLIÐ ER AÐ EF VIÐ HÖLDUM ÁFRAM AÐ FARA Á ALLAR WOODY ALLEN-MYNDIR OG POLANSKI-MYNDIR O.S.FRV. ÞÁ ERUM VIÐ AÐ HJÁLPA ÞESSUM KÖRLUM AÐ HALDA VÖLDUM.**

## Stórar spurningar

Eitt af því sem hefur komið upp í umræðunni í menningarlegu tilliti er hvaða áhrif þetta hefur á okkur öll sem viðtakendur listar. Verður þetta til þess að við endurmetum verk ákveðinna listamanna sem hafa orðið uppvísir að kynferðislegri áreitni eða jafnvel ofbeldi? „Jú, eflaust hefur þetta áhrif á okkur öll sem viðtakendur en þetta eru flóknar spurningar. Er t.d. siðferðislega rétt að njóta listar frá þeim sem hafa gert eitthvað af sér og þá er ekki endilega lykilatriði hvort það er kynferðisbrot eða eitthvað annað? Er viðkomandi kannski morðingi eða þjófur? Eigum við að gera þá kröfu að allir listamenn séu siðferðislega hreinir?

Það er margt sem spilar þarna inn í og eitt er hvort það hafi áhrif á þeirra listsköpun og hvort verkið verði verra fyrir vikið. Er listaverkið mengað ef viðkomandi listamaður er barnaperri? Er þá eitthvað slíkt í listaverkinu og ég að menga mig með því að skoða verkið? Hefur hann brenglaðar hugmyndir sem gera listaverkið verra? Er það mitt áhyggjuefni?

En svo getum við líka tekið ákveðna afstöðu sem neytendur og ákveðið hvort við viljum styrkja viðkomandi með því að kaupa hans list. Sem neytendur erum við alltaf að velja og hafna. Það er svona praktísk leið að því að taka afstöðu. Málið er að ef við höldum áfram að fara á allar Woody Allen-myndir og Polanski-myndir o.s.frv. þá erum við að hjálpa þessum körlum að halda völdum. Þeir geta þá haldið áfram sinni hegðun eins og ekkert sé, sem verður til þess að konum er áfram haldið niðri. Fyrir vikið er fullt af frábærum konum sem komast ekki áfram.“

## Klassískt vandamál

Aðspurð hvort vandlæting í samfélaginu sé orðin of mikil þá segir Eyja Margrét erfitt að segja til um slíkt. „Vandlæting er afar vandmeðfarin. Maður þarf líka að hafa í huga hvort maður er að taka ákvörðun fyrir sig sjálfan eða að dæma aðra eftir því hvaða ákvörðun þau taka. Ætla ég að fordæma alla þá sem horfa á Woody Allen-myndir? Segja viðkomandi vera vonda manneskju vegna þess að það er eitthvað sem hún velur að gera. Þá er ég farin að ganga ansi langt í vandlætingunni. Kannski er einfaldlega nóg að maður ákveði bara fyrir sjálfan sig að sleppa því.“

Eyja Margrét segist vona að umrædd bylting sé rétt að byrja. „Það sem maður hræðist er að það komi í þetta eitthvert bakslag. Það þarf svo lítið til. En mér sýnist þetta nú vera að þokast í rétt átt en auðvitað verður ekki alltaf sami kraftur í þessu á hverjum degi. Það kemur eitthvað upp og allir eru voða uppteknir af því og svo kemur eitthvað annað. Það er alveg eðlilegt en ég vona að þetta opni augu fólks fyrir því því hvað sé viðunandi hegðun og hvað ekki. Við stöndum alltaf frammi fyrir þessu klassíska vandamáli að konum er ekki trúað og bara blásið á það sem þær eru segja með „æ, svona vertu ekki að þessu“ afgreiðslu. Þetta er í raun rót vandans og ef okkur tekst að breyta þessu þá ávinnst mikið.“

# VIÐ KYNNUM MEÐ STOLTI VEITINGASTAÐI SEM BJÓÐA UPP Á ÍSLENSKAN KALKÚN FRÁ ÍSFUGLI Á JÓLAMATSEÐLI SÍNUM

Grand Hótel Reykjavík

VOX Restaurant

Veisluþjónusta Hörpu

Múlakaffi

Radisson Blu Saga Hotel, Reykjavik

Blue Lagoon Iceland

Veislulist

Galito Restaurant

Veislugarður

Mathús Garðabæjar Ísland 2016

Gullhamrar

Nauthóll

Argentína

Viking Village Fjörukráin Hotel & Restaurants Iceland

Lækjarbrekka Restaurant

Hótel Grímsborgir Your holiday home in Iceland

Library bistro / bar

www.bautinn.is

Veislan Veitingaeldhús

Restaurant Reykjavík

Rauðka

Gleðilega hátíð

ÍSFUGL

KONTOR REYKJAVÍK / ISF 17021

# Fagnaði milljónum farfugla með upplestri

**Das Island-Lesebuch er bók um náttúru Íslands og sögu sem Arthúr Björgvin Bollason skrifaði á þýsku og MANA forlagið í Berlín hefur gefið út. Hún vekur athygli og fær lofsamlega dóma í stórblöðum Þýskalands.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is





Arthúr Björgvin býr í Þýskalandi en kemur oft til Íslands og fylgist vel með þjóðlífi beggja landanna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þjóðverjar hafa gamalgróinn áhuga á Íslandi, bæði náttúrunni og menningunni að fornu og nýju. Þeir eru ötulustu lesendur íslenskra nútímabókmennta, að minnsta kosti utan Norðurlandanna," segir Arthúr Björgvin Bollason rithöfundur með meiru. „Ég held að engin önnur þjóð í heiminum fylgist jafn vel með því sem er að gerast í íslenskum samtímabókmenntum og Þjóðverjar. Það sýndi sig á stóru bókastefnunni í Frankfurt 2011, þegar við vorum í heiðurssæti, þar kom gríðarlegur áhugi heimamanna fram. Þeir mættu allt að sjö hundruð saman á upplestra hjá Íslendingum. Það er einhver besta kynning sem Ísland hefur fengið fyrr og síðar."

Sjálfur leggur Arthúr Björgvin sitt af mörkum til bókmenntanna. Nú hefur hann skrifað 430 síðna bók um Ísland sem hefur fengið góðar umsagnir í víðlesnum blöðum í Þýskalandi, svo sem Die Welt, Süddeutsche Zeitung og Frankfurter Allgemeine Sonntagszeitung.

Bókin heitir einfaldlega Das Island-Lesebuch og höfundurinn segir hana seljast þokkalega. „Hún er auðvitað frekar dýr þessi bók, enda mikill doðrantur. Ekki ætluð fyrir túrista beinlínis, það eru engar lýsingar á gönguleiðum eða slíku heldur er hún nokkurs konar portrett af landi og þjóð og krydduð með innskotum úr sagnabrunni Íslendinga."

Arthúr Björgvin skrifaði bókina á þýsku og segir það vekja athygli ytra. „Mér er sagt að ég sé fyrsti Íslendingurinn sem skrifar bækur fyrir almenning á þýsku, fyrir utan Nonna sem skrifaði vinsælar barnabækur á sínum tíma. Það hjálpar bókinni minni að Þjóðverjum þykir ægilega gaman að einhver útlendingur hafi lært málið þeirra svona vel. Því hefur verið slegið upp úti."

Hann kveðst víða vera beðinn að lesa upp. „Ég hef verið á töluverðu randi milli borga Þýskalands með bókina og held því áfram langt fram á næsta ár, er bókaður allt fram í október 2018. Las nýlega upp í bæ við Norðursjó, þar er árlega haldin hátíð til að fagna milljónum farfugla sem staldra þar við á leið sinni úr norðrinu til heitari landa. Ég las kaflann um farfuglana, meðal annars um þeirra hlut í ævintýrum og þjóðsögum á Íslandi. Í febrúar ætla ég að lesa upp fyrir 300 manns í kaþólsku akademíunni í Hamborg. Það er ítarlegur kafli í bókinni minni um Jón Arason, síðasta kaþólska biskupinn, og siðbreytinguna. Um daginn las ég upp á herrasetri fyrir fullu húsi þar sem íslensk tónlist kom við sögu og íslensk myndlist. Ég er búinn að vera á mörgum hátíðum, í sendiráðum og á bókamessum," segir Arthúr Björgvin.

**MÉR ER SAGT AÐ ÉG SÉ FYRSTI ÍSLENDINGURINN SEM SKRIFAR BÆKUR FYRIR ALMENNING Á ÞÝSKU, FYRIR UTAN NONNA SEM SKRIFAÐI VINSÆLAR BARNABÆKUR Á SÍNUM TÍMA.**

Hann segir MANA forlagið hafa gefið út bækur um nokkur lönd í svipuðu broti og hans, þar á meðal Ástralíu, Nýja-Sjáland og Kanada. „Það eru álíka miklar bækur og fjalla um allar hliðar mannlífsins í viðkomandi löndum. Ég hafði því ákveðið viðmið en að öðru leyti frjálsar hendur um hvernig ég fyllti út í þetta form."

Ekkert farið eftir stærð landa eða mannfjölda þjóðanna? „Nei, Íslandsbókin er stærri en Ástralíubókin og hún spannar tímabilið frá landnámi til okkar daga. Það er kafli um hrunið og einn nær alveg til ríkisstjórnarmyndunar Bjarna Benediktssonar í fyrra. Í íþróttakaflanum segi ég frá íslenskum kempum Íslandssögunnar aftur til Jóhannesar á Borg sem fór á Ólympíuleikana 1908. Ég uppfæri þann kafla þegar næsta útgáfa kemur og segi þar frá landsliðunum okkar sem keppa við stórþjóðir á heimsmeistaramótum."

Nú var Arthúr Björgvin að ljúka ferð um Ísland með ritstýru Der Tagesspiegel, stærsta dagblaðs Berlínar. Kveðst hafa verið í fjórtán ár kynningarfulltrúi fyrir Icelandair í Þýskalandi og fjölmiðlatengill í hlutastarfi. „Eitt af mínum aðalhlutverkum er að koma hingað með fjölmiðlafólk. Ég hef verið viðriðinn milli 15 og 20 sjónvarpsmyndir um Ísland. Það sem einna mest heillar Þjóðverja í vetrarferðum hingað eru norðurljósin, heitu laugarnar og maturinn."

Hann kveðst skipta sér dálítið milli landanna. „Fjölskyldan bjó í Þýskalandi í tæp 10 ár, svo komum við heim og leyfðum krökkunum að verða Íslendingar. Þau áttu bernskuna úti, kynntust svo heimalandinu og eru sátt við það líka, kunna að meta það besta úr báðum heimum."

## Jólasveinar ganga um gátt

**BÆKUR**

**Sólhvörf**

★★★☆☆

**Emil Hjörvar Petersen**

**Útgefandi:** Veröld
**Prentun:** Finnland
**Síðufjöldi:** 354 bls.
**Kápuhönnun:** Jón Ásgeir

Glæpasögur og furðusögur eru mest seldu skáldverk heims í dag og það er því vel til fundið að blanda þessum tveimur bókmenntagreinum saman. Það tekst Emil Hjörvari Petersen einkar vel eins og sást í fyrra á bókinni Víghólar og nú aftur í skáldsögunni Sólhvörf. Í þeirri síðarnefndu höldum við áfram að flakka á milli vitunda mæðgnanna Bergrúnar og Brár sem skipta á milli sín stöðu fyrstu persónu sögukonu. Sagan hefst nokkrum mánuðum eftir að Víghólum lýkur, nánar tiltekið á jólunum sem huldumiðillinn Bergrún ver í að rannsaka óhugnanlegt sakamál ásamt sérdeild lögreglunnar í yfirnáttúru þar sem börn hverfa sporlaust af heimilum sínum. Brá dóttir hennar er einnig ýmsum hæfileikum gædd og þær mæðgur leggja ásamt ýmsum vættum, verum og sjáendum í ferðalag milli heima til að leita barnanna sem kemur í ljós að var rænt með skelfilegt markmið í hyggju sem gæti kollvarpað heimsmynd og öryggi allra, sérstaklega þó barna á Íslandi. Best er að segja sem minnst til að skemma ekki ánægjuna fyrir væntanlegum lesendum en þó verður að hrósa höfundi fyrir einstaklega skemmtilega notkun á íslenska þjóðsagnaarfinum sem er auðugur brunnur að sækja í á þessum árstíma.

Í furðu- og fantasíusögum er gjarna flakkað á milli þess heims sem við þekkjum og heima sem liggja samsíða en eru ýmist svipaðir eða gerólíkir. Í þessari bók er hulduheimurinn heimur þjóðsagnanna þar sem tröll og dvergar búa í stokkum og steinum og álfar flytja búferlum á jólum og áramótum og manneskjur með einhvers konar næmi eða miðilshæfileika ýmist sjá milli heima eða geta farið þar um. Höfundur leggur sig í líma við að útskýra nákvæmlega lögmál heima sinna sem er gott en verður stundum fullnákvæmt. Það er reyndar einkenni á mörgum furðusögum að þær verða stundum eins og hlutverkaspil, þannig er bæði umhverfi og bardögum lýst eins og leikstjórnandi í slíkum leik myndi gera. Sem er mjög áhugavert en getur orðið leiðigjarnt þegar spennan í sögunni er á suðupunkti og lesandann langar langmest að vita hvað gerist næst. En þessi nákvæmni gerir það líka að verkum að í sögunni eru fá göt, ef nokkur, þar sem atburðarásin lýtur lögmálum sem hafa verið útskýrð vandlega.




Sólhvörf er vel skrifuð furðusaga sem grípur lesandann frá fyrstu mínútu. Sagan sver sig meira í ætt furðusagna eða fantasía en glæpasagna enda forsendur þess að þær mæðgur dragist inn í rannsóknir lögreglunnar að eitthvað yfirnáttúrulegt sé á seyði. Eins og í öllum góðum glæpasögum snýst sagan þó ekki síður um rannsakandann, persónu hans og hagi en málið sem þarf að leysa og þannig er samband mæðgnanna Bergrúnar og Brár í forgrunni en það er flókið vegna þeirra áhrifa sem dulrænir hæfileikar móðurinnar hafa haft á líf hennar og þar með á æsku og uppvöxt dótturinnar. Aðrar persónur verða sjálfkrafa frekar dæmigerðar fyrir þau hlutverk sem þær gegna í sögunni en það er ekkert til vansa.

Bókin er þrælspennandi og heldur lesandanum við efnið. Aðdáendur jólasveinanna gætu þó þurft að tæma hugann nokkrum sinnum á meðan á lestrinum stendur.

**Brynhildur Björnsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Vel skrifuð og spennandi glæpafurðusaga sem vinnur með þjóðsagnaarfinn á áhugaverðan og skapandi hátt.

# Við gerum ekki upp á milli föstudaga!

Sama frábæra verðið alla föstudaga, laugardaga, sunnudaga, mánudaga, þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga.

© Inter IKEA Systems B.V. 2017

IKEA®

# ALICANTE MEÐ VITA OG ICELANDAIR SUMARIÐ 2018

## Frábær flugtími

Flugverð báðar leiðir frá 49.900 kr. + 12.500 punktar
Flugverð aðra leiðina frá 24.900 kr.



### Láttu fara vel um þig

Á flugi með VITA nýtur þú afþreyingar og frábærrar þjónustu Icelandair alla leið til Alicante og aftur á leiðinni heim.



### Þitt sæti – þitt ferðalag

Þú getur valið sæti um borð í vélum Icelandair gegn vægri greiðslu þegar þú ferðast með VITA. Við getum líka boðið þér Saga Class-sæti.



### Afþreyingarefni og þjónusta

Styttu þér stundir á leiðinni með bíómyndum, tónlist, eða þættinum sem þig langaði alltaf að sjá. Gæði og úrval fyrir alla aldurshópa.

VITA er í eigu Icelandair Group.
ICELANDAIR GROUP

**Bókaðu draumaferðina þína á VITA.is**




VITA | Skógarhlíð 12 | Sími 570 4444

VITA er lífið

# Ekkert sinfóníugarg hjá götuspilara

**TÓNLIST**

**Sinfóníutónleikar**

★★★★★

**Verk eftir Bach, Beethoven og Piazzolla. Einleikari og stjórnandi: Joshua Bell. Academy of St. Martin in the Fields lék.**

**Eldborg í Hörpu þriðjudagurinn 21. nóvember**

Fyrir um hálfri öld var mikið kvartað undan „sinfóníugarginu“ í útvarpinu. Einu sinni birtist lesendabréf þar sem útvarpsstjóri var vinsamlegast beðinn um að skrúfa fyrir Brandara-borgarkonsertana eftir Jóhann Sebastian Bjakk. Þessi ódýra fyndni kom upp í huga minn á tónleikum í Eldborginni í Hörpu á þriðjudagskvöldið. Þar lék heimsfrægur fiðlusnillingur, Joshua Bell, ásamt erlendri kammersveit, þriðja BRANDENBURGARkonsertinn eftir Bach. Hann var svo hraður að það var hálfgerður brandari. Ekki þó í neikvæðum skilningi. Gríðarleg færni Bell og sveitarinnar opinberaðist í hárnákvæmu samspili, fullkomnum tónahlaupum eftir strengjunum, og einkar líflegum anda. Maður gat ekki annað en hlegið.

Hljómsveitin sem um ræðir heitir Academy of St. Martin in the Fields. Hún dregur nafn sitt af kirkju á Trafalgar torgi í London og er ein besta kammersveit heims. Bell er líka stórkostlegur fiðluleikari sem kom svo sannarlega í ljós í næsta atriði dagskrárinnar, fiðlukonsertinum eftir Beethoven. Þetta er ljóðrænt verk, fremur innhverft, og skartar himneskum laglínum sem oftar en ekki eru leiknar á efsta tónsviði einleiksfiðlunnar. Skemmst er frá því að segja að einleikur Bell var himneskur. Hver einasti tónn var tandurhreinn og fagurlega mótaður. Önnur tæknileg atriði voru meistaraleg og túlkunin var gædd hrífandi skáldskap.

Bell tók þátt í áhugaverðri tilraun fyrir tíu árum. Þremur dögum eftir að hann gerði allt vitlaust á tónleikum í Washington, setti hann á sig derhúfu og kom sér fyrir í neðanjarðarlestarstöð með fiðluna að vopni. Hann lék sömu dagskrána og á tónleikunum fyrir gangandi vegfarendur, en við hliðina var baukur sem fólk gat sett peninga í. Af öllum fjöldanum sem gekk fram hjá stoppuðu aðeins sjö til að hlusta og bara einn þekkti hann. Peningarnir sem hann fékk voru 37 dollarar. Gerningurinn var tekinn upp með falinni myndavél og má sjá á YouTube. Greinilegt er að samhengi skiptir miklu máli þegar tónlist er annars vegar. Ljóst er þó að snilldin leynist víða og gott að hafa augu og eyru opin fyrir henni.

Eftir hlé var flutt verk eftir Astor Piazzolla. Það heitir Árstíðirnar fjórar í Buenos Aires og einkennist af glannalegum fiðlueinleik og ríkulegri tangóstemningu. Piazzolla sótti innblástur í tangóinn, en tangóelskandi Argentínubúar eru þó almennt ekki hrifnir af honum. Tónlist hans er svo margbrotin og frjálsleg í takti að erfitt þykir að dansa eftir henni, og þá er allt ónýtt! Enda stóð enginn upp til að dansa á tónleikunum í Hörpu, en flutningurinn var samt sem áður hinn skemmtilegasti. Tónlistin var grípandi, full af ástríðum og spennandi tilþrifum. Bell lék af ótrúlegum glæsibrag og hljómsveitin spilaði eins og einn maður, af dásamlegri fágun, fyllingu og breidd. Þetta var ekki leiðinlegt, ó, nei. **Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Frábær einleikari og hljómsveit. Með bestu tónleikum ársins.



**„Bell lék af ótrúlegum glæsibrag og hljómsveitin spilaði eins og einn maður,“ segir í dómnum.** NORDICPHOTO/GETTY

# Að borða hvorki ánamaðk né könguló

**BÆKUR**

**Smartís**

★★★★☆

**Gerður Kristný**

**Útgefandi:** Mál og menning
**Prentun:** Bookwell Digital Oy, Finnlandi
**Síðufjöldi:** 125
**Kápuhönnun:** Alexandra Buhl




Skáldsaga Smartís gerist í Háaleitishverfinu, æskustöðvum höfundarins, Gerðar Kristnýjar, og á tíma sem henni er í fersku minni – níunda áratug síðustu aldar. Hér er um þroskasögu að ræða og sú sem sólin snýst í kringum er hvorki barn né fullorðinn heldur hversdagsleg unglingsstúlka í gaggó. Í bókinni er gert góðlátlegt grín að því að aðalpersónan og vinkonur hennar lendi aldrei í neinu sem vert að skrifa um og þótt það sé í sjálfu sér rétt að Smartís er ekki sérlega æsandi saga hefur hún fjöldamarga góða kosti.

Fáir rithöfundar hafa jafn fágaða stílvitund og Gerður og þess utan er hún með þeim allra fyndnustu eins og sést t.d. í lýsingum á „bestuvinkonum“ sem hafa „bimbirimbirimbað sig saman í gegnum lífið síðan í sex ára bekk“ (6). Húmorinn birtist ekki hvað síst í djúpum skilningi á einkar flóknum vináttusamböndum unglingsstúlkna og hve stutt er á milli innilegrar vináttu og félagslegrar útilokunar. Þó er vissulega erfitt og sárt að vaxa úr grasi; sérstaklega þegar heimur fullorðinna er unglingum oft óskiljanlegur. Þetta kemur til að mynda glöggt fram í samskiptum aðalpersónu og móður hennar en eitt best dæmið gerist heima hjá Olgu, öðrum helmingi bestuvinkvenna, sem stúlkan okkar fær að leika með. Í miðju hversdagslegu andaglasi kemur móðir Olgu, dauðadrukkin, inn til stúlknanna og Olga stekkur strax til að eiga við hana. Aðalsöguhetjan leggur lítið til málanna en veit að nú verður hún að fara varlega og hún hugsar með sjálfri sér: „[ég] vissi að mér hafði ekki verið ætlað að verða vitni að þessu. Mig langaði heim en ég varð auðvitað að kveðja áður. Óróinn þyrlaðist um innra með mér á meðan ég beið eftir því að stelpurnar kæmur aftur fram“ (67). Telpan þarf að taka á ákvörðun um hvað hún segir og gerir en ákveður að vörn sé besta sóknin og lætur sig hverfa.

Smartís gerist á tímum kalda stríðsins; þegar allur heimurinn stóð frammi fyrir tveimur kostum og það er ekki skrítið að söguhetja Gerðar skuli velta því fyrir sér hvort það sé ekki „meiri friður þar sem einráður ríkir“ (6). Akkúrat svona er þó heimur unglingsins sem þarf að taka hverja ákvörðunina á fætur annarri er varðar stöðu hans, sjálfsmynd og framtíð. Hinn stóri heimur endurspeglast í veröld stúlkunnar sem þarf stöðugt að velja á milli þess að drukkna eða vera kyrkt, borða ánamaðk eða könguló, deyja úr hita eða kulda, vera nasisti eða typpakarl. Hún kærir sig ekki um þá valkosti sem hún stendur frammi fyrir og hennar stærsta þroskaskref er í að átta sig á að hún þarf ekki að hlýða heldur getur hún valið sína eigin leið.

Sagan byrjar mjög vel og samband aðalsöguhetjunnar við annars vegar foreldra sína og hins vegar „vinkonurnar“ er eitt það áhugaverðasta við bókina og svo má brosa yfir frásögnum af persónum á borð við typpakarlinn í hverfinu og bæjarferð til að kaupa eyrnalokka. Því miður nær sagan ekki að halda nógu vel dampi fram á síðustu kafla auk þess sem mér finnst textinn þéttari í fyrri hluta bókar. Engu að síður er Smartís áhugaverð skáldsaga; enn betri við annan lestur og vekur eflaust athygli bæði fullorðinna og unglinga.

**Helga Birgisdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Launfyndin saga sem leynir á sér – lesið hana helst tvisvar.



**UNDIRFERLI** EFTIR **ODDNÝJU EIR ÆVARSDÓTTUR**

# EVRÓPUMEISTARI!



„Einstök skáldsaga. Ég man ekki eftir bók sem er jafn lágstemmd en um leið svo hömlulaus.“
Los Angeles Times um Jarðnæði

„Meiriháttar ...“
Megas um Undirferli




Mögnuð ástarsaga sem á frumlegan hátt fjallar um heilindi og svik, fornan vísdóm og nýjan, vítahringi ofbeldis – og verndun ósnortinnar eyju gagnvart yfirgangi og undirferli.

Oddný Eir fékk **Evrópsku bókmenntaverðlaunin** fyrir skáldsögu sína *Jarðnæði* árið 2014, hlaut **Fjöruverðlaunin** fyrir sömu bók, auk þess að vera tilnefnd til **Íslensku bókmenntaverðlaunanna**. Bækur Oddnýjar koma út um víða veröld.

BJARTUR








# Hvað? Hvenær? Hvar? Föstudagur

hvar@frettabladid.is




**Hljómsveitin Maus fagnar 20 ára afmæli plötunnar Lof mér að falla að þínu eyra með tónleikum á Hard Rock Café.**

## 24. NÓVEMBER 2017

## Tónlist

**Hvað?** Jane Telephonda – útgáfutónleikar
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Tjarnarbíó
Jane Telephonda heldur tónleika í tilefni af útgáfu hljómplötunnar Boson of Love, sem kom út á stafrænu formi þann 17. nóvember. Vínyleintök eru einnig fáanleg. Á efnisskránni verða lög plötunnar, auk efnis af konseptplötunni Revolution in the Elbow, sem hlaut tilnefningu til Íslensku tónlistarverðlaunanna 2014. Miðaverð er 2.800 kr. Hægt er að kaupa miða í gegnum tix.is eða við innganginn.

**Hvað?** Langir og leiðinlegir raftónleikar Stefáns og Jespers
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Hljóðgervillinn Buchla Lightning II er í aðalhlutverki á löngum og leiðinlegum raftónleikum Jespers Pedersen & Stefáns Ólafs Ólafssonar í Mengi í kvöld. Miðaverð er 2.000 krónur. Hægt er að panta miða á booking@mengi.net eða kaupa við innganginn.

**Hvað?** 200.000 naglbítar í Bæjarbíói
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Bæjarbíó, Hafnarfirði
Rokktríóið hefur haft hægt um sig síðustu misseri. En djúpt undir eggsléttu yfirborðinu hefur naglbíturinn verið bryndur og hvattur og er nú orðinn hvass. 200.000 naglbítar sendu fyrir stuttu frá sér nýtt lag, Allt í heimi hér, og ný plata er í vinnslu, barmafull af hágæða melódísku rokki. Í Bæjarbíói ætla strákarnir að spila nýtt efni og áður óflutt sem og sígilda naglbítaslagara og lofa að allt verði skilið eftir á sviðinu.

**Hvað?** Cell7, Hildur & Two Toucans
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Húrra, Naustunum
Hildur mun m.a. spila lög af plötunni Heart to Heart sem kom út fyrr á þessu ári ásamt hljómsveit. Cell7 mun taka glæný lög sem og efni af plötunni Cellf. Two Toucans bjóða svo einnig upp á ferskt efni í bland við lög af EP plötunni Shame. 2.000 krónur inn.

**Hvað?** Útgáfutónleikar Maus á Hard Rock Cafe
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Hard Rock Café, Lækjargötu
Hljómsveitin Maus fagnar 20 ára afmæli plötunnar Lof mér að falla að þínu eyra með endurútgáfu á vínýlplötu. Af því tilefni heldur hún tónleika í kvöld. Leikin verða öll helstu lögin af plötunni auk fjölda slagara úr höfundarverki sveitarinnar. Einungis er um þessa einu tónleika að ræða á höfuðborgarsvæðinu. Platan verður seld á tilboðsverði á staðnum.



**Cell7 spilar á Húrra í kvöld ásamt Hildi og Two Toucans.**
FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Viðburðir

**Hvað?** Gömludansakvöld IOGT
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Danshöllin, Drafnarfelli
Í kvöld er Gömludansakvöld IOGT í Danshöllinni Drafnarfelli 2, klukkan 20.00 - 23.30. Páll Sigurðsson leikur af sinni alkunnu snilld fyrir dansi. Endilega takið fram dansskóna og skemmtum okkur saman í góðra vina hópi. Þessar skemmtanir hafa heppnast afskaplega vel undanfarin ár og ætlum við að halda áfram í vetur. Félagar og vinir eru hvattir til að taka með sér gesti.

**Hvað?** Unnur Valdís Kristjánsdóttir: Erindi um Yoga Nidra
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Lífspekifélagið, Ingólfsstræti
Opið öllum áhugasömum.

**Hvað?** Karlakaffi
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Fella- og Hólakirkju
Kaffi, vínarbrauð, spjall og samvera. Gestur dagsins er Ögmundur Jónasson og ætlar hann að spjalla um lífið og tilveruna á efri árum.

**Hvað?** Opnun – Myndljóð Óskars Árna Óskarssonar
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Borgarbókasafnið Kringlunni
Í dag verður opnuð sýning á myndljóðum Óskars Árna Óskarssonar í Borgarbókasafninu í Kringlunni. Sýningin var upphaflega opnuð í safninu Grófinni sl. haust og er haldin í tilefni af sérstakri hátíðarútgáfu ljóðasafnsins Myndljóða sem kom út fyrr á árinu.

**Hvað?** Geysir – Útgáfupartí
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Geysir, Skólavörðustíg
6. tölublað Geysis tímaritsins kemur út í dag. Partí og veitingar í boði hússins. Allir velkomnir.

**Hvað?** Planes, Trains & Automobiles – föstudagspartísýning
**Hvenær?** 20.00
